

**SKOÐUN** Már Egilsson skrifar um niðurskurð hjá Heilsugæslunni. 15



**MENNING** Útundan verður frumsýnt í Tjarnarbíói annað kvöld. 24



**LÍFIÐ** Fjöldi þekktra listamanna kemur fram á Bræðslunni í sumar. 28



**SPORT** Íslandsmeistarinn gagnrýnir unglingastarf í badminton. 30







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
9. apríl 2014
84. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**MARKAÐURINN**



### Vöxtur styrkist á heimsvísu

Heimshagkerfið styrkist þrátt fyrir ýmsar ógnir segir í nýrri hagspá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Yfir standa vorfundir stofnunarinnar.

**FRÉTTIR**

### Búllan á nýjum stað

Áttunda Hamborgarabúlla Tómasar verður opnuð í Kaupmannahöfn í næsta mánuði. 2

**Vilja ekki spá um lok máls** Of snemmt er að spá um hvort umfjöllun utanríkismálanefndar um tillögur um viðræðuslit við ESB lýkur fyrir þinglok. 2

**Vilja milda höggið** Fiskvinnslan Vísir leitar leiða til að milda afleiðingar fyrirhugaðs flutnings til Grindavíkur. 6




14

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 3° | | SA | 4 |
| Akureyri | 6° | | SV | 2 |
| Egilsstaðir | 6° | | S | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 5° | | SSA | 2 |
| Reykjavík | 6° | | SSV | 5 |

**Skúrir syðst** Í dag má búast við fremur hægum suðlægum áttum, yfirleitt 2-8 m/s. Stöku skúrir S-til en annars úrkomulítið. Hlýjast SA-lands. 4

**3 SÉRBLÖÐ**

Markaðurinn | Grænn apríl | Fólk




# Vilja tugþúsunda leiðréttingu

Félag háskólakennara telur að laun þeirra eigi að hækka úr 455 þúsundum á mánuði í 523 þúsund. Þeir verða þá á pari við laun prófessora. Stundakennarar og prófessorar sem ekki fara í verkfall mega ekki leggja fyrir próf.

**VINNUMARKAÐUR** Ein aðalkrafa Félags háskólakennara er að sama stigakerfi starfsmanna gefi sömu laun, óháð starfsheiti. Krafan er að öllum akademískum starfsmönnum verði varpað inn í sömu launatöflu. Þá er þess krafist að laun annarra starfsmanna verði færð til samræmis við breytingar sem verða á launum akademískra starfsmanna.

Þetta þýðir á mannamáli að krafa háskólakennara og akademískra starfsmanna snýst um að laun þeirra hækki um 10 til 14 prósent. Sem dæmi má taka að lektor sem hefur unnið sér inn 400 stig vegna rannsókna og greinaskrifa er með 455 þúsund krónur á mánuði. Prófessor sem er með sama stigafjölda er með 523 þúsund á mánuði. Háskólakennarar telja að laun þessara tveggja manna eigi að vera þau sömu.

Félag háskólakennara telur að þeir hafi dregist aftur úr prófessorum í launum á undanförnum misserum.

Laun háskólakennara og prófessora ákvarðast að hluta til af því hversu margar rannsóknir þeir gera og hversu margar greinar þeir fá birtar í viðurkenndum vísindaritum. Þetta er reiknað til stiga samkvæmt ákveðnum reglum og hækkar laun þeirra.

Í kröfugerð háskólakennara kemur fram að prófessorar, sem eru í sér stéttarfélagi, og aðrir akademískir starfsmenn háskólanna gangast undir sama hæfnismat við ráðningu í störf og árangur þeirra í starfi er mældur með sama hætti.

Að sama stigakerfi gefi sömu laun óháð starfsheitum telja háskólakennarar leiðréttingu á launum. En auk þess krefjast háskólakennarar sömu hækkana og Bandalag háskólamanna.



> „Við stöndum fastir á því að það verði ekki haldin nein próf. Það þarf að auglýsa prófafyrirkomulag í upphafi misseris. Það er ekki hægt að breyta því allt í einu núna.
>
> *Jörundur Guðmundsson, formaður Félags háskólakennara*

Félag háskólakennara hefur boðað tímabundið verkfall frá 25. apríl til 10. maí að báðum dögum meðtöldum. Þetta er á prófatíma háskólans. Fari háskólakennarar í verkfall lamast starfsemi skólans algjörlega. Þó að prófessorar og stundakennarar leggi ekki niður vinnu þá geta þeir ekki lagt próf fyrir nemendur sína. Jörundur Guðmundsson, formaður Félags háskólakennara, segir að það megi ekki halda próf nema undir stjórn kennslusviðs og prófstjóra og þetta fólk sé í Félagi háskólakennara.

„Við stöndum fastir á því að það verði ekki haldin nein próf. Það þarf að auglýsa prófafyrirkomulag í upphafi misseris. Það er ekki hægt að breyta því allt í einu núna,“ segir Jörundur.

Haldnir hafa verið nokkrir árangurslausir sáttafundir í deilunni og í dag er nýr sáttafundur boðaður. **- jme**



**STUND MILLI STRÍÐA** Reynt getur á taugarnar að ferðast á milli landa, sér í lagi þegar brestur á með verkfallsaðgerðum líkt og gerðist í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í gærmorgun. Pessir krakkar tóku hins vegar töfinni létt og létu bara fara vel um sig við innritunarborðið. **Sjá síðu 4**

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslandshótel bæta við sig:

## Auka hótelrými um 75 prósent

**FERÐAÞJÓNUSTA** Íslandshótel ætla að byggja fjögur ný hótel og stækka þrjú önnur á næstu þremur árum.



**DAVÍÐ TORFI ÓLAFSSON**

Heildarfjárfesting fyrirtækisins við aukningu hótelrýmisins nemur 7,2 milljörðum króna. Núna eru Íslandshótel með 1.100 herbergi í notkun. Við bætast 825 herbergi, sem er aukning um 75 prósent. „Við erum nánast að tvöfalda okkar herbergjafjölda á næstu þremur árum,“ segir Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótela.

Núna er unnið að stækkun hótels við Höfn í Hornafirði og verklok áætluð í júní. Þá stendur til að opna nýtt hótel í Franska spítalanum á Fáskrúðsfirði. **- hg /** **sjá Markaðinn**

Reykjavíkurborg áætlar fjögurra milljarða kostnað við fjárhagsaðstoð:

# Á annað þúsund missir bótarétt

**VELFERÐARMÁL** Reiknað er með að 1.400 Reykvíkingar missi bótarétt sinn hjá Vinnumálastofnun á næstu tveimur árum. Jafnvel þótt einhver hluti hópsins fái atvinnu gerir Reykjavíkurborg ráð fyrir að nokkuð stór hluti hópsins verði háður framfærslu frá borginni.

Sveitarfélagi er skylt að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar. Borgin hefur áætlað fjóra milljarða í fjárhagsaðstoð á árinu 2014 til að svara aukinni þörf.

„Við gerðum einnig áætlun fyrir fjármagn í fjárhagsaðstoð fyrir árið 2013 en notuðum ekki allt það fjármagn sem við áætluðum vegna árangursríkra virkniúrræða. Við spöruðum um sex hundruð milljónir með því að koma fólki í vinnu,“ segir Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingar og formaður velferðarráðs. **-ebg /** **sjá síðu 12**



**BJÖRK VILHELMSDÓTTIR**





NEXT • KRINGLUNNI • SÍMI 5513200






## SPURNING DAGSINS



Jón Þór, er þetta allt að skotganga hjá þér?

**Já, en afsakið ég þarf að skjótast.**

Jón Þór Sigurðsson varð nýlega Íslandsmeistari í skotfimi liggjandi með riffil á 50 metra færi. Hann varð jafnframt Íslandsmeistari í sama flokki árið 2011.

Frambjóðendur til borgarstjórnarkosninganna í Reykjavík í vor voru sammála á fundi í gær:

# Vilja móðurmálskennslu í leik- og grunnskóla

**MENNTAMÁL** Salmann Tamimi, sem er á lista Dögunar fyrir borgarstjórnarkosningarnar, finnst löngu kominn tími á móðurmálskennslu í leik- og grunnskólum landsins. Þetta kom fram á fundi sem teymi um málefni innflytjenda hélt með frambjóðendum til borgarstjórnarkosninga í gær.

„Móðurmálskennsla á að vera í stundarskrá barnanna en ekki sem tómstundatilboð eða námskeið um helgar. Kennari í hverju tungumáli getur flakkað milli skóla og kennt móðurmálið. Þetta ætti að hafa byrjað fyrir löngu, þetta þarf ekki að kosta mikið og okkur er skylt að sinna þessu. Þetta er bara spurning um forgang,“ segir Salmann.



DAGUR B. EGGERTSSON



SALMANN TAMIMI

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingar, sem einnig var á fundinum tók undir orð Salmanns varðandi mikilvægi málsins.

„Við gerum okkur grein fyrir að það þarf að gera betur í þessum málum. Ný skimunarpróf sem meta stöðu barna með íslensku sem annað tungumál sýna okkur að við þurfum að efla kennsluna og ég hef heyrt áhyggjur frá fólki innan skólakerfisins og úr röðum innflytjenda. Aðferðirnar sem við höfum reynt hafa ekki skilað nægilega miklum árangri og við erum með það í stefnuskrá að bæta okkur verulega þarna,“ segir Dagur.

Fulltrúar frá öðrum flokkum sem bjóða fram til borgarstjórnarkosninga tóku einnig undir mikilvægi móðurmálskennslu og má segja að mikil sátt hafi myndast um málið í pallborðsumræðum. - ebg



**FLUTNINGURINN** Verkið vegur þrjú tonn og er úr járni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hátíðarhöld á Seltjarnarnesi í tilefni af 40 ára afmæli:

## Vígsla á þriggja tonna járnskúlptúr sem fluttur var í gær

**SELTJARNARNES Listaverkið „Skyggnst á bak við tunglið“ eftir Sigurjón Ólafsson sneri aftur á Seltjarnarnes í gær eftir áralanga fjarveru. Verkið hafði þurft að víkja fyrir byggingaframkvæmdum, en verður nú vígt á ný í tilefni af 40 ára kaupstaðarafmæli Seltjarnarness.**

**Verkið, sem vegur þrjú tonn, er abstrakt járnskúlptúrverk með skírskotun í stjörnufræði. Í því má líka finna dýraform og tilvísun í Fenrisúlfinn. Því var komið fyrir á tveggja metra háum stöpli milli sundlaugar og heilsugæslu á Nesinu. Stöpulinn prýða teikningar Kristins E. Hrafnssonar.** - jm

# Búllan opnuð í Kaupmannahöfn

**Áttunda Hamborgarabúlla Tómasar verður opnuð í Kaupmannahöfn í maí. Rekstrarstjóri verður hinn reynslumikli Valdimar Geir Halldórsson. Hann segir staðsetninguna mjög góða og hlakkar til að takast á við verkefnið.**

**VIÐSKIPTI** Hamborgarabúlla Tómasar opnar nýtt útibú í Kaupmannahöfn í maí og eru framkvæmdir í fullum gangi þessa dagana.



VALDIMAR GEIR HALLDÓRSSON

Rekstrarstjóri verður Valdimar Geir Halldórsson, sem er einn af eigendum fyrirtækisins Besta boð sem rekur samnefnda vefsíðu. Áður en hann flutti út átti hann helminginn í versluninni Macland og Nýlenduvöruverslun Hemma og Valda, auk þess sem hann kom gistihúsinu Reykjavík Backpackers á laggirnar.

Hann stundaði nám í Danmörku á yngri árum og hlakkar til að takast á við nýtt verkefni. „Það er gaman að gera eitthvað íslenskt þótt maður búi erlendis,“ segir Valdimar Geir, aðspurður.

Búllan verður við götuna Høkerboderne í Kødbyen, sem er gamalt iðnaðarsvæði við hliðina á Istedgade og hefur verið í uppbyggingu síðustu ár.

Dönsk yfirvöld lofuðu eigendum Búllunnar að þeir fengju húsnæðið fyrir þremur árum en gáfu ekki grænt ljós á opnun fyrr en núna. „Svæðið er verndað og þeir vilja ekki að það komi allt þangað inn í einu. Strákarnir í Búllunni eru búnir að hafa þetta á bak við eyrað og um leið og það mátti fara af stað var þetta sett aftur í gang,“ segir Valdimar Geir. „Þetta er rosalega góð staðsetning fyrir okkur. Við erum umkringdir góðum stöðum og teljum okkur vera að bæta við flóruna sem er þarna í boði.“

Í Kødbyen eru ýmsar tegundir veitingastaða, bæði litlir og stórir. „Það er mjög mikið af góðum veitingastöðum þarna og svo koma skemmtilegir staðir inn á milli sem eru í léttari kantinum.“

Eigendur Búllunnar við Geirsgötu, feðgarnir Örn Hreinsson og Hreinn Ágústsson, eru mennirnir á bak við staðinn í Kaupmannahöfn. Stofnandi Búllunnar, Tómas Tómasson, á hlut í báðum stöðunum. „Það er alltaf gaman að vinna með aðilum sem hugsa vel um það sem þeir eru með í höndunum,“ segir Valdimar um samstarfsmennina.

Sjálfur er hann nýkominn til Kaupmannahafnar frá London, þar sem hann kynnti sér starfsemi Búllunnar í stórborginni enda verður væntanlega í mörg horn að líta í kóngsins Kaupinhafn.

freyr@frettabladid.is




**BÚLLAN** Hamborgarabúlla Tómasar opnar nýtt útibú í Kødbyen í Kaupmannahöfn í maí. MYND/ATLI MÁR GYLFASON

### ÁTTA HAMBORGARABÚLLUR Á TÍU ÁRUM

Hamborgarabúlla Tómasar í Kaupmannahöfn verður sú áttunda í röðinni. Fyrir eru útibú við Geirsgötu, Ofanleiti, Bankastræti, Bíldshöfða, í Hafnarfirði og í London. Síðasti staður var opnaður á Selfossi í byrjun síðasta árs en sá fyrsti, við Geirsgötuna, var opnaður í apríl 2004 eða fyrir tíu árum.

## Harmóníkuleikari látinn



Örvar Kristjánsson, harmóníkuleikari og söngvari, lést 7. þessa mánaðar. Hann var fæddur í Reykjavík 8. apríl 1937.

Síðustu 20 ár hefur Örvar búið á Kanaríeyjum og spilað þar yfir vetrarmánuðina, lengst af á Cosmos (Klörubar). Hann kom heim í íslenska sumarið á hverju ári og spilaði þá víða um landið. Örvar átti barnaláni að fagna og lifa þau öll föður sinn. Eftirlifandi eiginkona Örvars er Guðbjörg Sigurðardóttir.

RÚV ohf. íhugar flutning:

## Leit hafin að nýju húsnæði

**RÍKISÚTVARPIÐ** Vilji er fyrir því innan Ríkisútvarpsins að flytja starfsemina, og hefur nú verið skipaður hópur sem leiðir leitina að nýjum húsakosti.

Guðlaugur Sverrisson, fulltrúi Framsóknarflokksins í stjórn RÚV, lagði til húsnæði Osta- og smjörsölunnar sem mögulegan kost, á fundi húsnæðismálanefndar á dögunum.

Húsið er rúmir 4.700 fermetrar að stærð og því fylgir 33.000 fermetra lóð. Aðrir mögulegir kostir hafa verið nefndir, meðal annars á Korputorgi. - jm






Of snemmt að segja hvort þingnefnd lýkur umfjöllun um ESB fyrir þinglok:

# Vilja ekki spá um lok málsins

**ALÞINGI** Enn er of snemmt að segja til um hvort umfjöllun utanríkismálanefndar Alþingis um tillögur sem liggja fyrir þinginu um slit á aðildarviðræðum við ESB eða að gera hlé á viðræðunum lýkur fyrir þinglok um miðjan maí.

„Það liggur fyrir að umfjöllun nefndarinnar lýkur ekki fyrir páska,“ segir Birgir Ármannsson, formaður utanríkismálanefndar. Spurður hvort umfjölluninni muni ljúka fyrir þinglok segir hann allt of snemmt að segja til um það.

Frestur til að skila umsögnum um málið rann út í gær. Birgir sagðist í gær ekki vera með nýjustu tölur, en sagðist vita til þess að tugir umsagna hefðu borist.

Utanríkismálanefnd fjallaði í gær um skýrslu Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands um aðildarviðræður Íslands við ESB, sem kom út á mánudag. Birgir segir nokkra skýrsluhöfunda hafa komið á fund nefndarinnar og aftur sé von á skýrsluhöfundum á fund nefndarinnar síðar í vikunni.

„Við áttum mjög ítarlegar og góðar umræður, menn voru ekki sammála um alla hluti, en á hinn bóginn tel ég þessi yfirferð gagnleg fyrir nefndina,“ segir Birgir.

Hann segir skýrslu Alþjóðamálastofnunar nýtast eins og önnur gögn sem nefndinni berist. „Margir kaflar eru prýðilegir, og annaðhvort fylla upp í eða styðja það sem áður hefur komið fram,“ segir Birgir.

„Svo eru aðrir þættir sem ég hef verið gagnrýninn á. Mér finnst skýrsluhöfundar full djarfir að draga ályktanir út frá frekar veikum forsendum,“ segir hann. Spurður hvers hann sé að vísa til nefnir hann annars vegar möguleika á sérlausnum í sjávarútvegi, og hins vegar hugsanlegan ávinning af upptöku evrunnar. - bj



**UMSAGNIR** Tugir umsagna hafa borist utanríkismálanefnd um tillögur um að slíta viðræðum við ESB eða setja þær á ís segir Birgir Ármannsson, formaður nefndarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**Tilboð: 2.390.000 kr.**

**Ford Explorer** XLT Sport 4x4 NV751
Skráður maí 2007, 4,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 110.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr.




**Tilboð: 2.190.000 kr.**

**Citroën C3** Exclusive MRN04
Skráður apríl 2012, 1,6i bensín, sjálfsk.
Ekinn 42.000 km.
Ásett verð: 2.390.000 kr.




**Tilboð: 5.590.000**

**Toyota Land Cruiser** 120 VX ADH19
Skráður des. 2007, 3,0TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 133.000 km.
Ásett verð: 5.790.000 kr.




**Tilboð: 2.690.000 kr.**

**Toyota Yaris Sport** JEK42
Skráður febr. 2012, 1,3i bensín, sjálfsk.
Ekinn 28.000 km.
Ásett verð: 2.890.000 kr.

# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

*Gerðu betri bílakaup!*




**Tilboð: 3.920.000 kr.**

**Mazda6** Vision IEG75
Skráður maí 2013, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 32.000 km.
Ásett verð: 4.120.000 kr. *Í ábyrgð*




**Tilboð: 1.390.000 kr.**

**Nissan X-Trail** Elegance KN151
Skráður maí 2006, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 127.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.




**Tilboð: 6.990.000 kr.**

**Mitsubishi Pajero** Instyle 4x4 REJ72
Skráður maí. 2011, 3,2TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 65.000 km.
Ásett verð: 7.990.000 kr.

**FINNDU BÍLINN ÞINN**

*Skoðaðu fleiri dæmi hér!*

# NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.

**TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ**

*SÝNDU OKKUR BÍLINN ÞINN OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF. ENGIN SKULDBINDING*




**Tilboð: 1.990.000 kr.**

**Toyota Auris** MXJ73
Skráður júní 2010, 1,3i bensín, beinsk.
Ekinn 70.000 km.
Ásett verð: 2.190.000 kr.

**BÍLADÍLL DAGSINS!**
Hafðu samband strax!




**Tilboð: 890.000 kr.**

**Renault Laguna** AO856
Skráður sept. 2005, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 158.000 km.
Ásett verð: 1.290.000 kr.



**Verð: 1.790.000 kr.**

**Mazda3 Touring Plus** LVB32
Skráður ágúst 2008, 1,6i bensín, sjálfsk.
Ekinn 88.000 km.




**Tilboð: 3.240.000**

**Ford Focus Trend** UYA01
Skráður nóv. 2012, 1,0i bensín, beinsk.
Ekinn 21.000 km.
Ásett verð: 3.390.000 kr. *Í ábyrgð*



**Verð: 9.980.000 kr.**

**Volvo XC90** Momentum D5 AWD UUV86
Skráður des. 2012, 2,4TDCi dísil, sjálfsk.
Ekinn 40.000 km.
*Í ábyrgð*




**Tilboð: 990.000 kr.**

**Ford C-MaxTrend** UI839
Skráður ágúst 2005, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 94.000 km.
Ásett verð: 1.190.000 kr.




**Tilboð: 1.390.000 kr.**

**Hyundai i30 Classic** TOH76
Skráður júní. 2008, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 95.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

## SVONA ERUM VIÐ



**4.800** manns voru starfandi í landbúnaði árið 2012.

Það eru um 2,9 prósent fólks á vinnumarkaði.

*Heimild: Bændasamtök Íslands*

Tekist á um hvort vitni megi gefa skýrslu í gegnum síma í Aurum-málinu:

# Óhagræði að ferðast í tvo daga

**DÓMSMÁL** Verjendur fjögurra manna sem ákærðir eru í Aurummálinu, þar sem ákært er fyrir umboðssvik og hlutdeild í þeim vegna sex milljarða króna láns Glitnis til félagsins FS38 til kaupa á eignarhaldsfélaginu Aurum Holding, kröfðust þess í gær að tveimur vitnum sem búsett eru í Dúbaí yrði ekki heimilað að gefa skýrslu í gegnum síma.

Þá gerði verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar kröfu um að nokkrum fyrrverandi stjórnarmönnum í Glitni, sem ekki sátu í stjórn þegar lánveitingin átti sér stað, yrði ekki gert að bera vitni, þar sem þeir gætu ekki vitnað neitt um málsatvik. Framburðurinn væri frekar til vitnis um álit þeirra á Jóni Ásgeiri.

Dómari úrskurðar fljótlega um kröfurnar. Málinu hefur verið frestað til uppkvaðningar úrskurðarins, en vitnaleiðslur munu næst verða þann 14. maí næstkomandi. Þá er von á nokkrum erlendum vitnum, sem og þeim sem hafa frestast hingað til. **- fbj**



**BEÐIÐ EFTIR ÚRSKURÐI** Dómari mun ákveða hvort vitnin megi gefa sínar skýrslur fljótlega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mótmæli báru árangur:

# Ball var ekki fyrir homma

**SVÍÞJÓÐ** Mótmæli framhaldsskólanema í Kristianstad í Svíþjóð gegn gömlum reglum um dansleikjahald báru árangur. Samkvæmt reglunum máttu samkynhneigð pör ekki koma á stúdentaballið, það er að segja ef pörin voru karlkyns. Samkynhneigðar stelpur máttu hins vegar koma á ballið.

Þetta fannst nemendum ekki við hæfi og efndu til mótmæla á Facebook undir yfirskriftinni: Ball fyrir alla. Skipuleggjendur tóku gagnrýnina til sín. **- ibs**

# Öngþveiti ríkti í Leifsstöð þegar lögð voru niður störf

Verkfallsaðgerð 400 flugvallarstarfsmanna lauk á níunda tímanum í gærmorgun. Flug stöðvaðist til og frá landinu. Forsvarsmenn starfsfólks segja að aðgerðin hafi heppnast vel og samhugur ríki þeirra á meðal.

**FÉLAGSMÁL** Öngþveiti ríkti á Keflavíkurflugvelli í gærmorgun á meðan á verkfalli flugvallarstarfsmanna stóð.

Langar raðir mynduðust við innritunarborð og öryggiseftirlit auk þess sem margt fólk vissi ekki hvert það ætti að snúa sér til að fá þjónustu.

Formenn stéttarfélaganna þriggja sem voru í verkfalli stóðu vaktina og tryggðu að allt færi vel fram. Kristján Jóhannsson, formaður Félags flugmálastarfsfólks ríkisins (FFR), var ánægður í lok verkfalls. „Aðgerðir hafa gengið vel og okkar fólk fer aftur til vinnu klukkan níu.“ Hann sagði að engir verkfallsbrjótar hefðu verið staðnir að verki. „Við stöndum saman sem einn maður og við erum í þessari vegferð saman. Samninganefndirnar hafa mikinn stuðning félagsmanna. Við Þórarinn Eyfjörð, framkvæmdastjóri SFR, erum búnir að vera hér í alla nótt.“ Hann segir að flugfarþegar og aðrir hafi sýnt verkfallinu mikinn skilning. „Það er sorglegt að þurfa að beita þessum aðferðum en þetta er bara brautarsteinn á leiðinni.“

Farþegar Icelandair gátu innritað sig rafrænt í flug en mikill fjöldi beið þess að koma farangri sínum í réttar hendur. Farþegar WOW air sem aðeins höfðu handfarangur gátu sömuleiðis innritað sig í flug í tæka tíð en þar með var ekki öll sagan sögð. Enginn komst í gegnum öryggisleit því þar voru engir starfsmenn.

Að minnsta kosti þrír breskir skólahópar höfðu beðið í flugstöðinni frá því snemma morguns. Flug þeirra hafði átt að fara í loftið korter í sjö en allir voru rólegir yfir biðinni þrátt fyrir að þreyta gerði vart við sig.

Um 400 starfsmenn flugvallarins lögðu í gærmorgun niður störf. Þeir voru mættir fyrir utan starfsmannainngang á réttum tíma og streymdu aftur í vinnu klukkan níu. Tíu mínútum síðar var eins og gríðarstór tannhjól hefðu farið í gang og hreyfing komst á hlutina. Tíu flugvélar lentu á fyrsta klukkutímanum eftir verkfall, sú fyrsta um korteri eftir að verkfalli lauk.

**snaeros@frettabladid.is**




**VERKFALLSVERÐIR** Fjöldi fólks í appelsínugulum vestum sá til þess að engir verkfallsbrjótar væru mættir til starfa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**NÝGIFT** Brúðkaupsferðin endaði með langri bið á vellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Vonuðu að verkfall myndi leysast fyrr

Spænsku hjónin María og Lucas mættu klukkan fimm um morguninn í þeirri von að verkfallsdeilan myndi leysast. Þau voru á leið til Bretlands og þökkuðu fyrir að vera ekki á leið í tengiflug.

Verkfallið var óvæntur endir á brúðkaupsferð þeirra hingað til lands. Þau voru örþreytt eftir biðina en voru ánægð með fríið hér sem hafði að mestu farið í að skoða íslenska náttúru og njóta lífsins.



**HÚSNÆÐI** 47,3 prósent eru óánægð með frumvarpið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ánægja með frumvarp mæld:

# Innan við 28% segjast ánægð

**KANNANIR** Fjöldi ánægðra með frumvarp ríkisstjórnarinnar um lækkun húsnæðisskulda mældist 27,5 prósent í könnun MMR sem gerð var dagana 28. mars til 1. apríl. Þeir sem kváðust óánægðir með frumvarpið voru 47,3 prósent en 25,2 prósent sögðust hvorki ánægð né óánægð.

Mikill munur reyndist á afstöðu eftir stjórnmálaskoðunum. Þeir sem sögðust hafa kosið Framsóknar- eða Sjálfstæðisflokkinn í síðustu alþingiskosningum lýstu yfir meiri ánægju með frumvarp ríkisstjórnarinnar, heldur en þeir sem kusu aðra flokka. 960 einstaklingar svöruðu könnuninni og tóku 84,5 prósent afstöðu. **- ibs**

Indverjar kjósa til þings:

# Aldrei fleiri kosið í einu

**INDLAND** Fjölmennustu þingkosningar sögunnar standa yfir á Indlandi um þessar mundir en þær eru taldar vera þær mikilvægustu í landinu í þrjátíu ár.

Manmohan Singh, forsætisráðherra landsins, lætur af embætti og verður arftaki hans kjörinn í kosningunum.

Ríflega 800 milljónir manna eru á kjörskrá og verða kjörstaðirnir um 930 þúsund. Kosningarnar hófust í fyrradag og standa til 12. maí. Von er á niðurstöðum fimm dögum síðar. **- jm**




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**KAFLASKIL Á FÖSTUDAG** Í dag og á morgun verður yfirleitt prýðisveður; hægur vindur, fremur skýjað og úrkoma á stöku stað. Aðfaranótt föstudags kemur lægð upp að suðvesturströndinni með vaxandi vindi og töluverðri rigningu um tíma.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 21° | Friedrichshafen | 16° | New York | 13° |
| Aþena | 21° | Gautaborg | 11° | Orlando | 24° |
| Basel | 21° | Kaupmannahöfn | 11° | Ósló | 6° |
| Berlín | 13° | Las Palmas | 22° | París | 16° |
| Billund | 12° | London | 17° | San Francisco | 18° |
| Frankfurt | 16° | Mallorca | 23° | Stokkhólmur | 5° |




**Á MORGUN** 3-8 m/s en hvassara allra syðst.

**FÖSTUDAGUR** Strekkingur á annesjum, hægari inn til landsins.



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




Komdu við í HEKLU og reynsluaktu Volkswagen Golf

# Evrópu- og heimsmeistari

Það er skammt stórra högga á milli hjá Volkswagen Golf þessa dagana. Ekki er langt síðan Golf var kosinn bíll ársins í Evrópu 2013 á bílasýningunni í Genf og síðan bættist við enn ein rósin í hnappagatið þegar 66 bílablaðamenn hvaðanæva að útnefndu hann bíl ársins í heiminum á bílasýningunni í New York.

Í vor eru 40 ár liðin síðan Golf kom fyrst á markað og setti ný viðmið í hönnun fjölskyldubíla. Viðtökurnar við þessari sjöundu kynslóð sýna svo ekki verður um villst að enn er Volkswagen Golf fremstur meðal jafningja.

**Volkswagen Golf kostar frá**

**3.490.000 kr.***

*Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskiptur, 122 hestöfl.

CAR OF THE YEAR 2013

WORLD CAR AWARDS 2013
WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR

Das Auto.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu margar konur fengu gjafasæði hjá ART MEDICA á fyrstu þremur mánuðum þessa árs?
**2.** Hversu margar voru gistinætur á hótelum í febrúar síðastliðnum?
**3.** Hvert er fylgi Sjálfstæðisflokks samkvæmt nýjustu könnun MMR?

**SVÖR:**
1. 66. 2. 160.400. 3. 23,9 prósent.

Forsætisráðherra skipaði sex ráðgjafa til starfa til að ráðleggja ráðherrum um afnám gjaldeyrishafta:

# Stjórnvöld fóru leynt með skipan ráðgjafa

**ALÞINGI** Farið var leynt með skipan hóps ráðgjafa sem nýverið skilaði ráðherranefnd um afnám gjaldeyrishafta tillögum. Skipan hópsins þótti varða við efnahagslega mikilvæga hagsmuni ríkisins. Þetta kemur fram í svari Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar, þingmanns Samfylkingarinnar, á Alþingi.

Ráðgjafarnir sex voru skipaðir í lok nóvember í fyrra. Hvorki var tilkynnt opinberlega um skipan



**SIGMUNDUR D. GUNNLAUGSSON**



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

þeirra, né var skipunarbréf þeirra gert opinbert fyrr en í svari Sigmundar nú. Ráðgjafahópurinn hafði frjálsar hendur um verkaskiptingu og fundahöld. Engar fundargerðir voru ritaðar, en fulltrúi forsætisráðuneytisins sem sat fundina ritaði minnispunkta, segir í svarinu.

Ráðgjafarnir áttu að vera uppspretta hugmynda um afnám haftanna, og áttu að auki að smíða tillögur í kringum hugmyndirnar. „Þeir eru ráðgjafar ráðherranefndar um efnahagsmál en hafa ekki verið skipaðir í nefnd eða starfshóp. Ráðgjafar hafa ekki ákvörðunarvald í neinum málum er viðkoma afnámi hafta og eru ekki opinberir starfsmenn,“ segir í svari Sigmundar. Því telur hann reglur um jafnt hlutfall karla og kvenna í stjórnum og nefndum ekki eiga við. Ráðgjafarnir eru allir karlmenn.

Össur spurði um þóknun ráðgjafanna, en var aðeins svarað að hluta. Tímakaup þeirra var 17 þúsund krónur. Samið var um fastan tímafjölda á mánuði, en ekki kemur fram í svarinu hversu margir tímarnir voru. Þá var greitt sérstaklega fyrir skýrsluskrif og sérstakar athuganir umfram fastan tímafjölda. - bj

## ÁNÆGJA ÞJÓÐARINNAR MEÐ STÖRF RÁÐHERRA

| Ráðherra | Ánægð(ur) | Hvorki né | Óánægð(ur) |
|---|---|---|---|
| Kristján Þór Júlíusson, *Heilbrigðisráðherra* | 33% | 25% | 42% |
| Ragnheiður Elín Árnadóttir, *Iðnaðar- og viðskiptaráðherra* | 26% | 27% | 46% |
| Eygló Harðardóttir, *Félags- og húsnæðismálaráðherra* | 32% | 35% | 33% |
| Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, *Forsætisráðherra* | 25% | 11% | 46% |
| Bjarni Benediktsson, *Fjármálaráðherra* | 28% | 16% | 56% |
| Sigurður Ingi Jóhannsson, *Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra* | 24% | 22% | 54% |
| Illugi Gunnarsson, *Mennta- og menningarmálaráðherra* | 27% | 25% | 48% |
| Sigurður Ingi Jóhannsson, *Umhverfis- og auðlindaráðherra* | 21% | 25% | 54% |
| Hanna Birna Kristjánsdóttir, *Innanríkisráðherra* | 26% | 22% | 52% |
| Gunnar Bragi Sveinsson, *Utanríkisráðherra* | 18% | 16% | 65% |

■ Ánægð(ur) ■ Hvorki né ■ Óánægð(ur)

Capacent gerði fyrstu ánægjukönnun um störf ráðherra:

## Óánægðust með Gunnar Braga

**KÖNNUN Mest ánægja var með störf ráðherranna í velferðarráðuneytinu, Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra og Eyglóar Harðardóttur félags- og húsnæðismálaráðherra, eða hjá þriðjungi þeirra sem tóku afstöðu í nýrri könnun Capacent um ánægju þjóðarinnar með störf ráðherra ríkisstjórnarinnar.**

**Minnst ánægja var með störf Sigurðar Inga Jóhannssonar sem umhverfis- og auðlindaráðherra og störf Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra.**

**Mesta óánægjan mældist einnig með störf Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra, ásamt Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra, eða 63% óánægja.** - ebg

Lögregla rannsakar árás:

## Skallaði sjö ára barn á skólalóð

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur til rannsóknar líkamsárás sem átti sér stað á skólalóð Austurbæjarskóla á mánudag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru málsatvik þau að fullorðin kona skallaði sjö ára dreng þar sem hann var við leik á skólalóðinni.

Lögregla var kölluð til og hefur nú borist kæra frá foreldrum barnsins. Vitað er hver árásarmaðurinn er en ekki er um starfsmann skólans að ræða. - ssb

Manndrápstilraun í dómi:

## Skar sofandi mann á háls

**DÓMSTÓLAR** Ríkissaksóknari hefur ákært 22 ára gamlan mann fyrir tilraun til manndráps. Maðurinn réðst að öðrum manni með hnífum á heimili sínu að næturlagi í nóvember í fyrra, stakk hann í brjóstkassa og skar átta sentímetra skurð á háls hans. Sá sem fyrir árásinni varð lá sofandi í sófa.

Ríkissaksóknari fer fram á refsingu og til vara að árásarmanninum verði gert að sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun. - hrs

# Vilja milda höggið

Fiskvinnslan Vísir ætlar að nota tímann fram undan til að milda afleiðingar fyrirhugaðs flutnings til Grindavíkur. Síðustu fimm ár hefur Vísir unnið 50 þúsund tonn af fiski á Þingeyri, Djúpavogi og Húsavík og fengið 623 tonna byggðakvóta.

**SJÁVARÚTVEGUR** Forsvarsmenn útgerðarfyrirtækisins Vísis hf. funduðu með Ísafjarðarbæ í gær vegna fyrirhugaðs flutnings fyrirtækisins frá Þingeyri. „Við vorum skýrir um hvað við erum sammála um og ósammála um. Að öðru leyti var þetta góður fundur,“ segir Pétur Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis hf., aðspurður.

„Við ætlum að vinna saman í því að nota þennan tíma vel sem er fram undan til að milda afleiðingarnar af þessu, ef af þessu verður, og gera allt sem við getum til að koma til móts við starfsfólk og umhverfið.“



**PÉTUR HAFSTEINN PÁLSSON**

Til stendur að Vísir hf. flytji til Grindavíkur á næsta ári. Fyrirtækið er með starfsemi suður með sjó en einnig á Þingeyri, Djúpavogi og Húsavík. Á hverjum þessara staða starfa tugir manns við fiskvinnslu.

Pétur Hafsteinn fundaði einnig með starfsfólki Vísis hf. á Þingeyri í gær og sagði hljóðið í því vera ágætt. „Ég bað það um að vera rólegt. Við höfum þennan tíma fyrir okkur og útilokum ekki neitt og nálgumst málið áfram með það að leiðarljósi að það þurfi enginn að missa vinnuna,“ segir hann. „Fólkið tekur þessu með stóískri ró. En ég geri mér alveg grein fyrir því að það er áhyggjufullt. Ég bað það um að gefa okkur tíma og hafa ekki of miklar áhyggjur. Óvissa er alltaf vond en alla vega er næsta ár óbreytt.“

Fjallað hefur verið um byggðakvóta og meintar ívilnanir til Vísis. Fyrirtækið gaf út yfirlýsingu í gær




**Í GRINDAVÍK** Til stendur að flytja útgerðarfyrirtækið Vísi hf. að fullu til Grindavíkur á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

þar sem það áréttaði að það rúmlega tvítugfaldaði þann kvóta sem úthlutað var til byggðarlagsins og útgerðinni var falið að afla á árunum 2000 til dagsins í dag. Þar sagði einnig að á síðustu þrettán árum hefur fyrirtækið lagt samfélaginu til veruleg verðmæti þar sem hlutur byggðakvótans var hverfandi. „Þessi byggðakvóti hefur ekki talið neitt á seinni árum. Við höfum stundum sagt að þetta fer eitthvað upp í flutninga,“ segir Pétur Hafsteinn.

Vísir hefur á síðustu fimm árum samanlagt fengið 623 tonna byggðakvóta úthlutað á Þingeyri, Djúpavogi og Húsavík. Á sama tíma hefur fyrirtækið samanlagt unnið tæp 50 þúsund tonn af fiski í bæjarfélögunum. „Menn geta verið ósáttir við ákvörðunina núna [um flutninginn til Grindavíkur] en hingað til hafa menn á öllum stöðum verið ánægðir með hvernig höfum unnið með umhverfinu,“ segir Pétur. „Ég er svolítið ósáttur við það ef menn eru að grafa upp þá hluti sem menn hafa verið ánægðir með hingað til og gera þá að einhverjum málum.“

Varðandi starfsfólk Vísis í bæjarfélögunum bætir hann við: „Við meinum það þegar við segjum að við ætlum að leggja mikið upp úr því að þetta verði einungis breyting en ekki starfslok. Að fólk sé annaðhvort að fá nýja vinnu á sama stað eða sömu vinnu á nýjum stað. Við meinum það og vonandi verðum við dæmdir eftir því í lokin.

freyr@frettabladid.is

### → Kvóti og vinnsla Vísis frá 2008

**Þingeyri:**
Byggðakvóti: 232 tonn
Fiskvinnsla: 9.188 tonn

**Húsavík:**
Byggðakvóti: 196 tonn
Fiskvinnsla: 16.270 tonn

**Djúpivogur:**
Byggðakvóti: 195 tonn
Fiskvinnsla: 23.810 tonn

weber Hágæða flísalím og fúga
DEITERMANN TECHNOLOGY INSIDE



Weber.xerm. 850 BlueComfort C2TE kr. 2.790



Weber.xerm. BlueComfort 852 C2TE S1 kr. 3.990



Weber.xerm. BlueComfort CE /TE S1 Xtra Flex kr. 5.290



Weber.Fug 870 Fúga 1-6 mm CG1 5 kg kr. 1.690



Weber.Fug 880 Silicone EC.1. plus 310 ml. kr. 1.190



Weber.tec 822 Rakakvoða
8 kg kr. 7.890
24 kg kr. 19.990

MÚRBÚÐARVERÐ

Látið fagmenn vinna verkin!

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | Klettháls 7. | Opið má-fö kl. 8-18, laug. 10-16 |
| Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið má-fö kl. 8-18 |

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# Við eflum fjármálafræðslu ungmenna

**Fjölbreytt verkefni**

64

64 verkefni eru lögð fyrir keppendur. Þau tengjast fjármálum einstaklinga, heimilisins, atvinnumálum og samfélagi.

**Betri skilningur á fjármálum**

OECD

Tilgangur Fjármálahreysti er að efla fjármálalæsi ungs fólks. Tekið er mið af áætlun OECD um fjármálafræðslu.

**Veglegir vinningar**



Nemendur í 8., 9. og 10. bekk keppa um vegleg verðlaun sem afhent verða í úrslitaþætti Skólahreysti.




*Taktu þátt í spennandi leik á fjarmalahreysti.is.*

***Það er stefna Landsbankans*** *að vera til fyrirmyndar á íslenskum fjármálamarkaði. Bankinn hefur markað sér stefnu um samfélagslega ábyrgð sem endurspeglar áherslur alþjóðasáttmála og viðurkenndra staðla.*

**Fjármálahreysti er nýstárlegur** og spennandi spurningaleikur sem Landsbankinn hefur þróað með það að markmiði að efla fjármálalæsi ungmenna. Þátttakendur leysa 64 verkefni af fjölbreyttu tagi sem taka mið af markmiðum OECD í fjármálafræðslu.

Það er mikilvægt að ungt fólk öðlist skilning á fjármálum sínum. Rannsóknir sýna að þeir sem fengið hafa kennslu í fjármálum eru líklegri til að spara og skipuleggja fjármál sín betur en aðrir.

Það er skylda fjármálafyrirtækja að leggja sitt af mörkum á sviði fjármálalæsis og Landsbankinn hefur um árabil lagt áherslu á fjármálafræðslu fyrir ungmenni í efstu bekkjum grunnskóla.



Fjármálahreysti er skemmtilegur og fræðandi leikur. Öllum er heimil þátttaka en nemendur í 8., 9. og 10. bekk keppa um vegleg verðlaun. Leikurinn fer fram á tímabilinu 8. apríl til 8. maí og verða sigurvegararnir verðlaunaðir í úrslitaþætti Skólahreysti á RÚV, föstudaginn 16. maí. Leikurinn er öllum opinn á **fjarmalahreysti.is**.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




Árás á Hallbjörn Hjartarson:

# Tveir fengu 18 mánaða dóm

**DÓMSTÓLAR** Tveir karlmenn um tvítugt hafa verið dæmdir í 18 mánaða fangelsi, þar af 15 skilorðsbundna, fyrir fólskulega líkamsárás á Hallbjörn Hjartarson tónlistarmann.

Dómur var kveðinn upp í Héraðsdómi Norðurlands vestra í gær. Hallbjörn var á gjörgæslu í átta daga eftir árásina og dvaldi á sjúkrahúsi í nokkrar vikur. Árásin átti sér stað í febrúar 2013.



**HALLBJÖRN HJARTARSON**

Árásarmennirnir báru fyrir dómi að árásin hefði tengst kynferðisbroti Hallbjörns gegn þeim. Þeir hafi verið ölvaðir og æstir þegar þeir fóru heim til Hallbjörns og brutust þar inn.

Hallbjörn er ákærður fyrir kynferðisbrot gegn tveimur piltum og fer aðalmeðferð í því máli fram í Héraðsdómi Norðurlands vestra í dag.

**- sáp**



**RÚSSLANDSSINNAR MÓTMÆLA** Stjórnvöld í Úkraínu hafa bundið enda á enn eitt umsátrið en mótmælendur halda sínu striki. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Rússum hótað þvingunum og einangrun

Ekkert lát er á óeirðunum í Úkraínu og ofbeldið eykst með hverjum degi. Alþjóðasamfélagið hefur lýst yfir áhyggjum vegna aðgerða Rússa og stefnir í harðar efnahags- og viðskiptalegar þvinganir.

**KRÍMSKAGI** Fulltrúar Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins hafa lýst áhyggjum yfir að innlimun Krímskaga sé aðeins fyrsti liðurinn í valdabaráttu Rússlands og Úkraínu. Óttast er að Rússar stefni á yfirráð yfir enn fleiri landssvæðum.

Evrópu- og Atlantshafsbandalagið fordæma innlimunina og segja hana ólöglega og vara Rússa við að ganga enn lengra.

John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, lýsti því yfir að þvingunum yrði beitt af fullum þunga láti Rússar ekki af aðgerðunum og flytji allt herlið til baka frá landamærum Úkraínu.

Kerry fundar í næstu viku með utanríkisráðherra Rússlands.

Framkvæmdastjóri NATO, Anders Fogh Rasmussen, segir að aðgerðirnar séu söguleg mistök sem muni hafa alvarlegar afleiðingar fyrir samskipti Rússlands við Bandaríkin, og að Rússland muni þannig einangra sig enn frekar frá alþjóðasamfélaginu.

Mikil ólga og óeirðir ríkja í Úkraínu, og í gær brutust út slagsmál í þinginu á milli þjóðernis- og aðskilnaðarsinna í umræðum um atburðina síðustu misseri, þegar tugir mótmælenda voru myrtir á Sjálfstæðistorginu.

Nú þegar hefur þurft að binda enda á fjölmörg umsátur Rússlandssinna við stjórnarbyggingar en ítrekað hefur verið ráðist inn í þær og rússneska fánanum sveiflað. Stjórnvöld hafa hert öryggisaðgerðir í byggingunum til muna og þingið samþykkti nýlega að herða refsingar gagnvart mótmælendum, því þeir séu taldir vera ógn við þjóðaröryggi landsins.

Vladímír Pútín segist munu gera allt til að vernda Rússlandssinna í Úkraínu gagnvart aðgerðum lögreglu.

Viktori Janúkovítsj, fyrrverandi forseta Úkraínu, var steypt af stóli fyrr á þessu ári eftir hörð mótmæli í Kænugarði, og er mótmælunum, sem nú skekja landið, talið svipa til þeirra.

**julia@frettabladid.is**

## Slagsmál í þinginu

Til handalögmála kom í úkraínska þinginu í gær í umræðum um mótmælin í landinu.

Slagsmálin brutust út skömmu eftir að Úkraína samþykkti að grípa til refsiaðgerða gegn aðskilnaðarsinnum sem standa fyrir umsátri í opinberum byggingum.

Tveir fulltrúar þjóðernisflokksins mótmæltu ásökunum kommúnistans Petros Symosjenko um að þjóðernissinnar hefðu selt sig í hendur Rússa, og veittust að honum í ræðupúlti með þeim afleiðingum að flokksmenn beggja flokka slógust.








# STYRKTU STÖÐU ÞÍNA

## FJÖLBREYTT NÁMSKEIÐ Á NÆSTUNNI

### MENNING

Reykjavík, skipulag borgarinnar í sögulegu ljósi
skráningarfrestur til 21. apríl

Eþíópía – menning, saga og mannlíf
skráningarfrestur til 22. apríl

Snæfellsnes – fjölbreytni og fegurð undir jökli
skráningarfrestur til 28. apríl

París – líf og lystisemdir
skráningarfrestur til 30. apríl

### PERSÓNULEG HÆFNI

Föstur fyrir alla?
skráningarfrestur til 21. apríl

Kjöftum um kynlíf við börn og unglinga
skráningarfrestur til 21. apríl

Að gefa út þína eigin bók
skráningarfrestur til 22. apríl

Íslenskar lækningajurtir – söfnun þeirra, verkun og notkun
skráningarfrestur til 22. apríl

Verið örugg í netheimum: 6 skref í átt að auknu öryggi
skráningarfrestur til 28. apríl

Húmor og gleði í samskiptum . . . dauðans alvara
skráningarfrestur til 30. apríl

Geðræn vandamál aldraðra – Þú getur líka!
skráningarfrestur til 1. maí

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Geðrof (psykosis) – greining og meðferð
hefst 10. apríl

Samleið til hinstu stundar. Sálgæsla við þau sem horfa fram til eigin dauða og aðstandendur þeirra
skráningarfrestur til 22. apríl

### UPPLÝSINGATÆKNI

Er gagnavinnsla í „skýinu“ fýsilegur kostur?
haldið 10. apríl

User Experience Master Class
skráningarfrestur til 18. apríl

SQL fyrirspurnarmálið
skráningarfrestur til 21. apríl

HTML5
skráningafrestur til 21. apríl

### STJÓRNUN OG FORYSTA

Tengslanet – Vannýtt auðlind
skráningarfrestur til 22. apríl

Jákvæð forysta – hamingja, styrkleikar og markmið
skráningarfrestur til 22. apríl

Grunnatriði atferlisgreiningar og lögmál hegðunar
skráningarfrestur til 28. apríl

Hagnýtur samkeppnisréttur fyrir stjórnendur
skráningafrestur til 29. apríl

Stjórnun fyrir nýja stjórnendur
skráningarfrestur til 29. apríl

Viðbrögð stjórnenda og samfylgd í kjölfar áfalla í starfsmannahópum
skráningarfrestur til 30. apríl

### STARFSTENGD HÆFNI

Google Analytics fyrir byrjendur
skráningarfrestur til 29. apríl

Móttaka nýliða á vinnustað
skráningarfrestur til 30. apríl

Hlutverk hópstjórans/vaktstjórans
skráningarfrestur til 2. maí

### TUNGUMÁL

Hagnýt norska fyrir heilbrigðisstarfsfólk
skráningarfrestur til 15. apríl

### FJÁRMÁL OG REKSTUR

Gerð viðskiptaáætlana
hefst 10. apríl

Excel II
skráningarfrestur til 21. apríl

Lestur ársreikninga
skráningarfrestur til 5. maí

Excel PowerPivot
skráningarfrestur til 5. maí

Greining ársreikninga
skráningarfrestur til 12. maí

### VERK- OG TÆKNIFRÆÐI

BIM aðferðafræðin: Ávinningur, hönnun og ferli
hefst 10. apríl

**SKRÁNINGARFRESTUR ER AÐ ÖLLU JÖFNU VIKU ÁÐUR EN NÁMSKEIÐ HEFST**

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

SKÝRSLA ALÞJÓÐASTOFNUNAR UM EVRÓPUSAMBANDIÐ

# Landbúnaðarkerfi ESB hentar illa

**Stærstur hluti styrkgreiðslna til bænda í ESB miðast við landsvæði en ekki framleiðslu. Hentar illa hér á landi að mati höfunda skýrslu um ESB. Ísland ætti að geta haldið áfram að banna innflutning lifandi dýra. Fordæmi Finnlands um styrki til landbúnaðar mikilvægt fyrir Ísland.**



**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is

Líklegt er að Ísland hefði fengið undanþágur frá reglum Evrópusambandsins til að fá áfram að banna innflutning á lifandi dýrum hefði aðildarviðræðum Íslands verið lokið.

Þetta kemur fram í skýrslu Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands um aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið. Skýrslan var unnin fyrir Alþýðusamband Íslands, Félag atvinnurekenda, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands, og var kynnt á mánudag.

Í skýrslunni segir að líklega hefði dugað fyrir Íslendinga að sýna fram á að bannið væri byggt á vísindalegum grunni. Undanþágan myndi þá að öllum líkindum vera endurskoðuð reglulega, en haldist vísindaleg rök óbreytt fengi hún að halda sér áfram.

Þegar er tekist á um bann Íslands við innflutningi á ófrystu fersku kjöti á vettvangi ESA, eftirlitsstofnunar EFTA. Allt stefnir í að ESA fari í mál við Ísland vegna bannsins, og mun niðurstaðan úr því máli skipta miklu gangi Ísland í ESB. Vinni Ísland málið mun það styrkja stöðu landsins í að halda banninu. Tapist málið veikist um leið sá málstaður.

Haldi aðildarviðræður Íslands og ESB áfram bendir ekkert til þess að Ísland muni þurfa á umfangsmiklum undanþágum eða sérlausnum að halda í landbúnaðarmálum umfram það sem fordæmi eru fyrir, til dæmis frá Finnlandi.

Þegar kemur að landbúnaðarmálunum er líklegt að þrjú úrlausnarefni verði erfiðust, að mati skýrsluhöfunda. Í fyrsta lagi hversu stóran hluta landbúnaðarstyrkja á Íslandi megi tengja framleiðslu. Í öðru lagi hversu mikill stuðningur við bændur muni verða. Í þriðja lagi verði tekist á um hversu stóran hluta af stuðningnum ESB muni greiða.

Langsamlega stærstur hluti greiðslna til bænda innan ESB er vegna eignar á landi. Þá er greidd ákveðin upphæð á hvern hektara lands sem er ræktaður. Upphæðin er misjöfn „vegna sögulegra ástæðna“, eins og segir í skýrslunni. Greiðslur eru lægstar um 15 þúsund á hektara í Lettlandi, en hæstar um 124 þúsund á hektara á Möltu.

Í skýrslu Alþjóðamálastofnunar segir að illa henti að hafa stuðning af þessu tagi sem meginstoð styrkgreiðslna til bænda á Íslandi. Á Íslandi er nær allur stuðningur tengdur framleiðslu, en slíkir styrkir eru mjög takmarkaðir í ESB. Opnað var á frekari framleiðslutengdan stuðning í regluverki ESB í byrjun þessa árs, en umfanginu eru settar hömlur. „Ekki virðist þó útilokað að Ísland gæti nýtt sér undanþáguákvæði í reglunum og fengið að viðhalda umtalsverðum framleiðslutengdum stuðningi,“ segir í skýrslunni.

Þá er „mjög líklegt“ að Ísland fái að fylgja fordæmi Finnlands, sem hefur fengið heimild til að styðja við eigin landbúnað á eigin kostnað. Heimild Finnlands er tímabundin. Forsendur fyrir henni eru endurskoðaðar reglulega, og breytist þær ekki er möguleiki á framlengingu.

Við aðild að ESB yrði núverandi kvótakerfi á mjólk lagt niður, enda litlar líkur á að Ísland geti fengið, eða vilji fá, undanþágu frá opinberu íhlutunarkerfi ESB. „Það getur valdið vandamálum fyrir þá bændur sem eru mjög skuldsettir og hafa með einhverjum hætti veðsett greiðslumark sitt en kemur sér vel fyrir þá sem hafa möguleika á að auka framleiðslu sína,“ segir í skýrslunni.

### Verndartollar yrðu felldir niður

Ísland yrði eina ríkið innan ESB þar sem allir bændur ættu rétt á svokölluðum harðbýlisgreiðslum. Stuðningur við dreifbýlið fellur undir landbúnaðarstefnu ESB. Ísland styrkir bændur þegar með sambærilegum hætti í gegnum ýmsa sjóði, og yrði aðlögun að kerfi ESB því ekki mjög erfið að mati skýrsluhöfunda.

Erfitt gæti reynst fyrir Ísland að uppfylla kröfur ESB um stjórnsýslu landbúnaðarmála. Ljóst er að setja þyrfti á laggirnar greiðslustofnun í stað þess að láta greiðslurnar fara í gegnum Bændasamtök Íslands. Í skýrslu Alþjóðamálastofnunar segir að fulltrúar ESB hafi verið meðvitaðir um að leita þyrfti sérlausna fyrir Ísland á þessu sviði.

Mér finnst það eðlileg lágmarkskrafa að þau sveitarfélög sem nú álykta um áframhald aðlögunarviðræðna við ESB upplýsi hvað þau og einstaka sveitarstjórnarmenn og starfsfólk á þeirra vegum hafa fengið í slíkum framlögum frá ESB.

Jafnframt væri fróðlegt að vita hvað félagsmenn, starfsmenn og stjórnarmenn þeirra samtaka og fyrirtækja sem nú beita sér harðast fyrir áframhaldandi aðlögunarferli að ESB og inngöngu í sambandið hafa þegið í slíkum greiðslum. Fjölmiðlafólk er sérstaklega nefnt í „heimsóknaráætlun“ Evrópusambandsins. Kannski ætti það líka að gera hreint fyrir sínum dyrum í þessum efnum?

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT


ÚTILÍF Í PAKKANN
ARNASYNIR
DAG-BAKPOKAR
FRÁ 18.990 KR.
DEUTER FUTURA
MARGVERÐLAUNAÐIR BAKPOKAR. FÁANLEGIR Í ÝMSUM STÆRÐUM Í DÖMU OG HERRA ÚTFÆRSLUM. 22–38 LÍTRA.
STÓRIR BAKPOKAR
FRÁ 42.990 KR.
DEUTER AIRCONTACT
ALVÖRU BAKPOKAR MEÐ STILLANLEGU BAKI OG VATNSVÖRN. FÁANLEGIR Í ÝMSUM STÆRÐUM, DÖMU OG HERRA. 55+10 LÍTRA – 75+10 LÍTRA.
KÚLUTJÖLD
FRÁ 17.990 KR.
HIGH PEAK
ÚRVAL AF 3-4 MANNA KÚLUTJÖLDUM. GÓÐ VATNSVÖRN.
ENNISLJÓS
FRÁ 4.990 KR.
ÝMSAR TEGUNDIR
T.D. PETZL, PRIMUS, SILVA OG COAST.
BRETTA- OG SKÍÐAPAKKAR
FRÁBÆRT VERÐ
FÆST Í GLÆSIBÆ
GÖNGUSKÓR
FRÁ 26.990 KR.
ÖLL HELSTU MERKIN:
MEINDL, SCARPA, THE NORTH FACE MIKIð ÚRVAL!
HIGH PEAK REDWOOD
VERÐ 11.990 KR.
Léttur og nettur svefnpoki á frábæru verði!
Þyngd: 1750g. Fylling: Duraloft trefjar
Þolmörk: - 1°c. Mesta kuldaþol: -16°c
REIÐHJÓL
FRÁ 49.990 KR.
JAMIS FJALLAHJÓL
VÖNDUÐ AMERÍSK FJALLAHJÓL Á GÓÐU VERÐI. ÞÚ FÆRÐ HJÓLIN Í SMÁRALIND OG GLÆSIBÆ.
Fáðu aðstoð við valið á réttu fermingargjöfunum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.
ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

## MERKISATBURÐIR

**1483** Játvarður 5. verður konungur Englands, tólf ára að aldri, en er komið fyrir í Tower of London, ásamt bróður sínum, Ríkharði hertoga af York. Þar er þeim ráðinn bani.

**1870** Deutsche Bank byrjar rekstur í Berlín.

**1894** James Craig kaupir Geysi fyrir 3.000 krónur af bændum í Haukadal.

**1911** Þingeyrarkirkja er vígð.

**1940** Þjóðverjar hernema Danmörku og gera innrás í Noreg.

**1942** Tveir Íslendingar og 22 Norðmenn farast með norska skipinu Fanefeld á leið frá Bíldudal til Ísafjarðar.

**1967** Fyrsta Boeing 737-flugvélin flýgur jómfrúarflug sitt.

# Stórveisla á 40 ára kaupstaðarafmælinu

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri segir Seltirninga fagna deginum í dag.

„Ég held að þetta verði mjög skemmtilegur dagur því það er mikil stemning í bæjarfélaginu bæði meðal íbúa og starfsmanna. Allir aldurshópar munu taka virkan þátt í afmælisgleðinni, hvort sem það eru leikskólabörn eða eldri borgarar," segir Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar, sem mun flytja ávarp í dag í tilefni af að nú eru 40 ár síðan Seltjarnarnes öðlaðist kaupstaðarréttindi. „Það er einnig mikil ánægja meðal bæjarbúa að útilistaverkið Skyggnst á bak við tunglið eftir Sigurjón Ólafsson verði afhjúpað í hádeginu í dag. Verkið var fjarlægt um tíma þegar World Class-stöðin var byggð en verður nú sett upp að nýju," segir Ásgerður. Það má með sanni segja að Seltjarnarnesbær fari í afmælisbúninginn í dag og tímamótunum verður fagnað með fjölbreyttum viðburðum. Fyrirtæki og stofnanir á Seltjarnarnesi bjóða ókeypis aðgang, afslátt, kynningar og tilboð og opna dyr sínar fyrir gestum. Skólastarf verður jafnframt með óhefðbundnum hætti. Aðalveisluhöldin verða á milli kl. 17 og 19 með mikilli afmælishátíð á Eiðistorgi en boðið verður upp á afmælistertu og forsetahjónin munu heiðra bæjarbúa með nærveru sinni. „Það er óhætt að segja að það verður mikið fjör og mikið gaman. Jóhann Helgason flytur lagið Seltjarnarnes sem hann samdi þegar hann var kjörinn bæjarlistamaður Seltjarnarness á sínum tíma og eldri bekkingar grunnskólans flytja atriði úr Bugsey Malone þar sem þau syngja og dansa."

Á heimasíðu bæjarins, www.seltjarnarnes.is, er að finna þetta skemmtidagskrá með fjölbreyttum viðburðum sem bæjarbúar og velunnarar geta notið í dag.

marinmanda@frettabladid.is



**SPENNT FYRIR DEGINUM** Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar.




> **Allir aldurshópar munu taka virkan þátt í afmælisgleðinni, hvort sem það eru leikskólabörn eða eldri borgarar**

---

†



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**HÁKON ORMSSON**
**Skriðinsenni, Strandasýslu,**

lést mánudaginn 31. mars á Hjúkrunarheimili aldraðra á Hólmavík. Útför hans fer fram frá Hólmavíkurkirkju laugardaginn 12. apríl kl. 13.00.

**Lilja Jónsdóttir**
**Jón Hákonarson** **Sigríður Einarsdóttir**
**Steinunn Kristín Hákonardóttir**
**Lýður Hákonarson** **Margrét Vilhjálmsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Okkar ástkæri

**AGNAR HÖRÐUR HINRIKSSON**

lést þann 31. mars síðastliðinn.
Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 11. apríl kl. 15.00.
Blóm og kransar afþökkuð en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á reikning sem stofnaður hefur verið á nafni dóttur hans, Ásrúnar Emblu Agnarsdóttur, 0701-18-540990, kt. 130513-2550.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Óla Steina Agnarsdóttir og Hinrik Halldórsson**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SÓLBORG S. SIGURÐARDÓTTIR**

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk 5. apríl síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 16. apríl kl. 13.

**Álfheiður Steinþórsdóttir** **Vilhjálmur Rafnsson**
**Sigurður Steinþórsson** **Kristjana Ólafsdóttir**
**Magnús Steinþórsson** **Margrét Ragnarsdóttir**
**Steinþór Steinþórsson** **Bjarnþóra Egilsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



**INGIBJÖRG PÉTURSDÓTTIR**

lést 5. mars sl.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Jón Pétursson**
**Matthías Pétursson**

---

**TILBOÐSDAGAR**
**legsteinar og fylgihlutir**
**10-50% afsláttur**
**Mikið úrval - Vönduð vinna**
Marmari
Granít
Blágrýti
Gabbró
Líparít
**Steinsmiðjan Mosaik**
**Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is**




---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÓLÍNA ELÍNBORG KRISTLEIFSDÓTTIR**
**áður til heimilis á Njarðargötu 45,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir 5. apríl. Útförin verður gerð frá Hallgrímskirkju mánudaginn 14. apríl klukkan 15.00.

**Helga Stefánsdóttir** **Hrafnkell Þórðarson**
**Nína Stefánsdóttir** **Örn Einarsson**
**Sveinbjörn Kr. Stefánsson** **Klara Ragnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra

**DANÍELS HELGASONAR**
**fv. flugumferðarstjóra,**
**Árskógum 8,**

sem lést 24. mars sl.

**Guðríður Gunnarsdóttir**
**Guðbjörg Daníelsdóttir** **Snorri Gunnarsson**
**Hjördís Rósa Daníelsdóttir**

---

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna fráfalls okkar elskulega

**SIGTRYGGS VALDIMARSSONAR**
**Furulundi 15c, Akureyri.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks lyflækningadeildar Sjúkrahúss Akureyrar fyrir góða umönnun og hlýju.

**Valborg Gunnarsdóttir**
**Svanhildur Sigtryggsdóttir** **Frosti Meldal**
**Gunnar Sigtryggsson** **Rósa Sveinbjörnsdóttir**
**Gunnar Kristjánsson** **Ingibjörg Tómasdóttir**
**Anna Ásgeirsdóttir**
**afa- og langafabörn.**

---

†



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GÚSTAV KRISTJÁN GÚSTAVSSON**

til heimilis að Hrafnistu í Hafnarfirði, lést 31. mars. Jarðarförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 11. apríl kl. 13.00.

**Inga Gústavsdóttir** **Gunnar Einarsson**
**Gústav Kristján Gústavsson** **Margrét Sólveig Ólafsdóttir**
**Ásdís Heiðdal Gústavsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**RÖGNVALDUR GÍSLASON**

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki mánudaginn 7. apríl.
Útförin verður gerð frá Sauðárkrókskirkju föstudaginn 25. apríl kl. 14.

**Eiríkur Rögnvaldsson** **Guðrún Ingólfsdóttir**
**Nanna Valgerður Rögnvaldardóttir**
**Guðrún Rögnvaldardóttir** **Bjarni Þór Björnsson**
**Sigríður K. Rögnvaldsdóttir** **Þórir Már Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**KRISTJÁN ÖSSUR JÓNASSON**
**viðskiptafræðingur**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 1. apríl, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju í dag, miðvikudaginn 9. apríl, kl. 13.00.

**Sigríður Sóley Kristjánsdóttir** **Harold Jordan**
**Hugrún Hrönn Kristjánsdóttir** **Rúnar Björgvinsson**
**Ingveldur Halla Kristjánsdóttir**
**Erla Björg Kristjánsdóttir** **Khalil Sellim**
**Una Hlín Kristjánsdóttir**
**Hólmsteinn Össur Kristjánsson** **Maja Loncar**
**og afabörn.**




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 9. apríl 2014 | 27. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

VIÐ ELSKUM AÐ PRENTA!
Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN



## HAGKERFI HEIMSINS STYRKIST

- Ný hagspá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins nokkuð bjartsýn þrátt fyrir ógnir
- Aðalhagfræðingur segir efnahagsbatann styrkjast og breiðast út
- Gert ráð fyrir bæði hagvexti og minnkandi atvinnuleysi á Íslandi

SÍÐA 6-7

## Símafélagið þjónustar Dohop

Símafélagið hefur samið við hugbúnaðarfyrirtækið Dohop um að félagið veiti Dohop internet- og símaþjónustu vegna starfsemi sinnar. Dohop hefur undanfarin tíu ár rekið íslenska ferðavefinn dohop.is fyrir flug, hótel og bílaleigur.

„Áreiðanleiki og öryggi fjarskipta er gríðarlega mikilvægt fyrir fyrirtæki eins og okkar sem starfar eingöngu á Internetinu. Þá er hagkvæmni einnig afar mikilvægur þáttur í okkar starfi og því völdum við Símafélagið sem samstarfsaðila,“ segir Kristján Guðni Bjarnason, framkvæmdastjóri Dohop.

- skó

## Ferðamönnum fjölgi um 20%

Gera má ráð fyrir að erlendum ferðamönnum hingað til lands muni fjölga um 20 prósent í það minnsta í ár. Þetta kemur fram í Morgunkorni greiningar Íslandsbanka. Í því segir að tölur Isavia um úthlutuð stæði fyrir tímabilið 30. mars til 25. október bendi til þess að flugumferð um Leifsstöð verði 18 prósentum meiri á því tímabili en hún var á sama tímabili í fyrra.

Greiningin spáir einnig að ferðamönnum sem koma til Íslands með skemmtiferðaskipum fjölgi hratt og sennilegast verði þeir fleiri en 100 þúsund á árinu. Þeir skili þó þjóðarbúinu mun minni gjaldeyristekjum en aðrir ferðamenn. Hlutfallslega hafi ferðamönnum fjölgað meira utan háannatíma og verulega hafi dregið úr árstíðasveiflu í ferðamannastraumi til landsins.

- skó

## Obama gegn launamun kynja

Barack Obama Bandaríkjaforseti skrifaði í gær undir tilskipun sem gerir það auðveldara að afla upplýsinga um launagreiðslur. Hann hefur bannað yfirmönnum að hegna opinberum starfsmönnum um sínum fyrir að ræða launagreiðslur sín á milli. Hann hefur einnig fyrirskipað samantekt gagna um launagreiðslur byggða á kyni og kynþætti.

„Þetta snýst um að repúblíkanar virðast setja sig upp á móti öllum tilraunum til að fólk geti staðið jafnfætis á vinnumarkaði,“ sagði Obama þegar hann skrifaði undir tilskipunina í Hvíta húsinu í gær, þar sem hann var umkringdur konum.

- fbj



# Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**9** **Á UPPLEIÐ** Félög sem hækkuðu í verði

**2** **Á NIÐURLEIÐ** Félög sem lækkuðu í verði

**3** **STÓÐU Í STAÐ** Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**FJARSKIPTI** **20,4%** frá áramótum

**FJARSKIPTI** **5,3%** í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**MAREL** **-16,5%** frá áramótum

**ÖSSUR** **0,8%** í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Atlantic Airways (DKK) | 144,00 | -5,9% | 0,0% |
| Bank Nordic (DKK) | 110,00 | -15,4% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 244,00 | -6,9% | 3,8% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 32,80 | 20,4% | 5,3% |
| Hagar | 42,10 | 9,6% | 0,8% |
| Icelandair Group | 17,90 | -1,6% | 1,1% |
| Marel | 111,00 | -16,5% | 6,2% |
| N1 | 17,05 | -9,8% | 3,3% |
| Nýherji | 3,49 | -4,4% | 0,0% |
| Reginn | 16,60 | 6,8% | 0,6% |
| Tryggingamiðstöðin | 29,60 | -7,6% | -0,5% |
| Vátryggingafélag Íslands | 9,70 | -10,1% | 1,0% |
| Össur | 250,00 | 9,2% | -0,8% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI6** | 1.189,23 | -5,6% | 2,4% |

**First North Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 1150,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 21,40 | 61,5% | 9,7% |
| HB Grandi | 31,00 | 40,9% | 3,3% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,22 | 0,0% | 0,0% |

# Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 10. apríl**
- Efnahagslegar skammtímatölur í apríl 2014
- Aðalfundur Regins hf. 2014

**Föstudagur 11. apríl**
- Gjaldeyrisforði og tengdir liðir
- Þjóðhagsspá
- Bréf í Sjóvá tekin til viðskipta.

**Þriðjudagur 15. apríl**
- Fjármálastöðugleiki 2014
- Atvinnuleysistölur fyrir mars

**Miðvikudagur 16. apríl**
- Samræmd vísitala neysluverðs í mars 2014
- Fiskafli í mars 2014

**Þriðjudagur 22. apríl**
- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu

**Miðvikudagur 23. apríl**
- Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis
- Vinnumarkaður í mars 2014
- Verðmæti sjávarafla janúar-desember 2013
- Vísitala byggingarkostnaðar fyrir maí 2014
- Mannfjöldinn á 1. ársfjórðungi 2014

Framkvæmdir Evu consortium ehf. hefjast að loknu síðasta ballinu á Broadway:

# Byrja á heilsumiðstöðinni í maí

Framkvæmdir við eina stærstu lækninga- og heilsumiðstöð landsins hefjast í maí í húsnæði skemmtistaðarins Broadway í Ármúla.

„Það er síðasti séns að skemmta sér á Broadway á föstudaginn," segir Ásdís Halla Bragadóttir, stjórnarformaður Evu Consortium ehf. Félagið keypti á síðasta ári fasteignina Ármúla 9, þar sem Broadway og hótelið Park Inn eru til húsa, af Arion banka. Húsnæði skemmtistaðarins verður endurskipulagt frá grunni og áætlað er að heildarkostnaður verkefnisins verði vel á þriðja milljarð króna.

„Við munum svo eftir helgi fara að tæma Broadway og framkvæmdir hefjast síðan í maí sem byrja á niðurrifi og svo hefst mikil uppbygging síðar í sumar sem lýkur í apríl 2015."

Eva consortium er í eigu Ásdísar og Ástu Þórarinsdóttur, framkvæmdastjóra félagsins, og fjárfestingafélagsins Kjölfestu. Meðal eigenda Kjölfestu eru fjórtán lífeyrissjóðir. **- hg**



**ÁFORMIN KYNNT** Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra og Ásdís Halla tóku bæði til máls á blaðamannafundi Evu consortium þegar framkvæmdirnar voru kynntar í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# App Dynamic flytur upp á nítjándu hæð

***Hugbúnaðarfyrirtækið App Dynamic mun flytja upp á 19. hæð Turnsins í Kópavogi. Vinsældir AirServer hafa aukist og fyrirtækið er því að stækka. Eiga í vandræðum með að finna forritara.***

**TÆKNI**

**Haraldur Guðmundsson** | haradur@frettabladid.is

Íslenska hugbúnaðarfyrirtækið App Dynamic hefur samið við Eik fasteignafélag um leigu á hluta nítjándu hæðar Turnsins í Kópavogi þar sem veitingastaðurinn Turninn nítjánda var áður rekinn.

„Fyrirtækið er að stækka og húsnæðið mun gera okkur kleift að bæta við starfsfólki," segir Pratik Kumar, framkvæmdastjóri og stofnandi App Dynamic.

Fyrirtækið var stofnað árið 2011 og hefur síðan þá þróað ýmis snjallforrit fyrir vefverslun Apple, App Store. Vinsælasta vara fyrirtækisins heitir AirServer en um ein og hálf milljón manna notar forritið í hverjum degi. Það gerir notendum kleift að streyma tónlist, myndböndum eða öðru efni úr Apple- og PC-tölvum í þráðlaus tæki sem nota iOS-stýrikerfi Apple, eins og iPad og iPhone. Einnig er hægt að snúa dæminu við og skoða gögn úr spjaldtölvum og símum Apple í hefðbundnum tölvum.



**MEÐ AIRSERVER** Pratik Kumar stofnaði App Dynamic árið 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

AirServer hefur fengið jákvæða umfjöllun í erlendum miðlum á borð við Wall Street Journal, Macworld og Wired. Netmiðillinn TUAW, sem fjallar um vörur og forrit fyrir tæki Apple, valdi nýjustu útgáfu hugbúnaðarins, AirServer 5.0, sem eitt af tíu bestu snjallforritum síðasta árs. Bandarísku háskólarnir MIT, Harvard og Stanford eru að sögn Pratiks á meðal viðskiptavina App Dynamic.

„Við erum enn að þróa vörur fyrir Apple en AirServer er nú okkar langvinsælasta vara en það er forrit sem þarf að greiða sérstaklega fyrir og er ekki selt í vefverslun Apple. Vinsældirnar eru slíkar að við þurfum nú að stækka og nú höfum við pláss til að bæta við fólki."

Tólf manns starfa nú á skrifstofu fyrirtækisins í Hlíðarsmára í Kópavogi en stefnt er að flutningum í Turninn fyrir maílok.

„Við höfum auglýst eftir fólki í dagblöðum en við erum mjög kröfuhörð enda er þetta mjög flókin tækni. Við þurfum mjög hæfa forritara en því miður höfum við verið í vandræðum með að finna þá hér á landi," segir Pratik.




MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

# HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæðið 25-54 ára

Vissir þú að...
börn eiga rétt
á vernd og umönnum

Barnaheill
Save the Children á Íslandi


Nordic eMarketing hlaut alþjóðleg verðlaun fyrir skipulag WOW herferðar:

# Tilnefnt til fimm verðlauna

Nordic eMarketing hlaut á föstudagskvöldið 28. mars ein af aðalverðlaunum Evrópsku leitarvélaverðlaunanna. Verðlaunin voru fyrir herferð sem fyrirtækið skipulagði fyrir WOW Air og gekk út á að vekja athygli á hagstæðum fargjöldum flugfélagsins til Evrópu.

Verðlaunin voru í flokki keyptra niðurstaðna, en fyrirtækið var tilnefnt til verðlauna í fjórum öðrum flokkum.

„Herferðin gekk frábærlega og náðum við til lykilmarkhópa í Evrópu, sem skilaði sér í auknum tekjum fyrir WOW Air," segir Haukur Jarl Kristjánsson, forstöðumaður hjá Nordic eMarketing í tilkynningu frá fyrirtækinu.

„Við höfum þróað aðferðafræði sem byggir á langri reynslu og ástríðu starfsfólksins okkar."

Verðlaunahátíðin fór að þessu sinni fram í Reykjavík, en þetta er í þriðja sinn sem hún er haldin. Áður var hún í Barcelona og Amsterdam. „Það er mikill heiður fyrir okkur að hljóta þessi verðlaun og ekki skemmir fyrir að hljóta þau á heimavelli," segir Hreggviður St. Magnússon, framkvæmdastjóri Nordic eMarketing. **- skó**



**ÁNÆGÐIR MEÐ VERÐLAUNIN** Laurent Boninfante frá EMEA og þeir Kristján Már Hauksson, Hreggviður St. Magnússon og Haukur Jarl Kristjánsson frá Nordic eMarketing. MYND/AÐSEND

# TÖLVULAUSNIR FYRIR ALLAR STÆRÐIR FYRIRTÆKJA

Þúsundir íslenskra fyrirtækja og stofnana treysta Tölvulistanum árlega fyrir endurnýjun á sínum tölvubúnaði. Heimsþekkt vörumerki, hagkvæmar lausnir og traust þjónusta.






ASUS

**Small Form Factor vinnutölva**
Kraftmiklar og traustar borðtölvur frá Asus sem taka lítið pláss. Hægt að velja milli fjörurra kjarna Intel i5 og i7 örgjörva. 500GB harður diskur og ótal tengimöguleikar. Bæði Windows 8.0 Pro og Windows 7.0 Pro.

PHILIPS

**24“ vinnuskjár með 3 ára ábyrgð**
Hæsti gæðaflokkur í fyrirtækjalínunni frá Philips. 16:10 hlutföll og 1920x1200 punkta háskerpu upplausn gefur fyrir stærri vinnuflöt. Innbyggðir hátalarar og SmartImage birtustýring.




ASUS

**10” spjaldtölva og fartölva**
Transformer book sameinar vinnslugetu fartölvu og meðfærileika spjaldtölvu. Vegur aðeins 1 kg. Fjögurra kjarna Intel Atom örgjörvi. 11 tíma rafhlöðuending. IPS skjár.




TOSHIBA

**1.2 kg. Ultrabook frá Toshiba**
Ein nettasta og öflugasta fartölvan á markaðnum. Glæsilega hönnuð með 13,3“ háskerpuskjá og Intel i5 Haswell örgjörva sem tryggir allt að 12 klst. rafhlöðuendingu. 256GB SSD og Intel HD4400 skjástýring. Dokkanleg.




2,1 kr. pr. bls. án VSK

EPSON Workforce Pro

**Allt að 50% lægri prentkostnaður**
Epson Workforce Pro fyrirtækjaprentararnir hafa notið mikilla vinsælda meðal fyrirtækja. Þeir eru fljótir að prenta og eru allt að 50% ódýrari í rekstri en litalaserprentarar. Lykillinn að lægri kostnaði liggur í hagkvæmari blekhylkjum og nýrri tækni.

tl.is

TÖLVU LISTINN

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

414-1710 / sala@tl.is



**ALLT Á FULLU** Nýi veitingastaðurinn er á svipuðum slóðum og Hard Rock Café á sínum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýr staður Hamborgarafabrikkunnar nánast tilbúinn:

# Gæti opnað fyrir helgi

„Við erum núna í prófunarferli og erum í rauninni að keyra í gegnum veitingastaðinn ákveðið magn af fólki í hádeginu og á kvöldin og við munum gera það alveg fram að opnun,“ segir Snorri Marteinsson, framkvæmdastjóri Hamborgarafabrikkunnar.

Nýr veitingastaður fyrirtækisins, sá þriðji í röðinni, í Kringlunni mun að öllum líkindum verða opnaður á föstudag. Iðnaðarmenn hafa nú lokið við að breyta húsnæðinu í nýjustu viðbyggingu verslunarmiðstöðvarinnar þar sem veitingastaðurinn Portið var áður starfræktur.

„Við náttúrulega opnum ekki fyrr en við erum tilbúnir en það er stefnt að opnun á föstudaginn eða í kringum helgina,“ segir Snorri.

„Það eina sem er eftir er að stilla saman strengi, eldhús og sal, og koma rútínu á alla ferla og það gerist bara með æfingu. Síðan opnum við með látum þegar við opnum.“ - hg



**Í HÖLLINNI** Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins, þegar félagið var tekið til viðskipta í Kauphöllinni árið 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Benedikt K. Kristjánsson nýr stjórnarformaður fasteignafélagsins:

# Sjálfkjörið í stjórn Regins á aðalfundi

Benedikt K. Kristjánsson sölu- og þjónustufulltrúi hjá Búr ehf. var í gær sjálfkjörinn formaður stjórnar Regins á aðalfundi fasteignafélagsins sem haldinn var í Hörpu.

Öll stjórn félagsins var sjálfkjörin á fundinum en nýir stjórnarmenn Regins eru Jón Steindór Valdimarsson, Bryndís Hrafnkelsdóttir, Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir og Tómas Kristjánsson.

Elín Jónsdóttir, fráfarandi stjórnarformaður Regins og fyrrverandi forstjóri Bankasýslu ríkisins, gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Fráfarandi stjórn félagsins lagði á fundinum til að arður yrði ekki greiddur út á árinu 2014 og hagnaður félagsins fluttur til næsta árs.

Á fundinum var samþykkt að þóknun stjórnarmanna verði 250 þúsund kr. á mánuði og stjórnarformanns 500 þúsund kr. - hg

Stjórn fyrirtækis skrifaði undir ársreikning frá sjö stöðum í heiminum:

# Pappírslausir ársreikningar

Stjórnarmenn fyrirtækisins Auðkennisskrifuðu í síðustu viku undir ársreikning félagsins með farsímum frá sjö stöðum í heiminum í þremur löndum; Þýskalandi, Bandaríkjunum og í fjórum sveitarfélögum hér á landi.

Í tilkynningu frá félaginu segir að þetta sé í fyrsta sinn sem skrifað er undir ársreikning með þessum hætti hér á landi og líklega í öllum heiminum. Ársreikningurinn var lagður fram í fyrradag á rafrænu formi og fundargerð hans verður samþykkt með rafrænum undirskriftum.

Þannig er umsýsla í kringum ársreikninginn og aðalfund félagsins með öllu pappírslaus.

„Rafræn skilríki hafa verið að ryðja sér til rúms á Íslandi og þau eru það sem koma skal. Með þeim er bæði hægt að spara pappír og ekki síst fyrirhöfn,“ segir Haraldur Bjarnason, framkvæmdastjóri Auðkennis.

Þá segir í tilkynningunni að þegar hafi 100 þúsund rafræn skilríki verið virkjuð hér á landi og að hægt sé að nota þau hjá um 140 fyrirtækjum eða opinberum stofnunum. - skó



**Á BRYGGJUNNI** Óskar Jósefsson, stjórnarformaður Auðkennis, var staddur í Vestmannaeyjum þegar hann skrifaði undir. MYND/AÐSEND



**TEIKNING** Hótelið á Húsavík verður stækkað um 4.700 fermetra. Framkvæmdirnar munu kosta um einn milljarð króna. MYND/ÍSLANDSHÓTEL

# Byggir 825 herbergi á næstu þremur árum

***Íslandshótel ætlar að byggja fjögur ný hótel og stækka þrjú önnur á næstu þremur árum. Heildarfjárfesting fyrirtækisins nemur 7,2 milljörðum króna. Fyrirtækið er nú með 1.100 herbergi í notkun.***

**FERÐAÞJÓNUSTA**

**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

Hótelherbergjum Íslandshótela hf. mun fjölga um 825 á næstu þremur árum með opnun fjögurra nýrra hótela og stækkun á þremur öðrum. Heildarfjárfesting fyrirtækisins, sem rekur hótelkeðjurnar Fosshótel og Reykjavíkurhótel, vegna framkvæmdanna er um 7,2 milljarðar króna.

„Í dag erum við að reka tæplega ellefu hundruð herbergi og við erum því nánast að tvöfalda okkar herbergjafjölda á næstu þremur árum,“ segir Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótela.

Fyrirtækið vinnur nú að stækkun hótels við Höfn í Hornafirði þar sem herbergjum verður fjölgað um 40. Áætluð verklok eru í júní og þá ætlar Íslandshótel einnig að opna nýtt 26 herbergja hótel í Franska spítalanum á Fáskrúðsfirði. Síðar á árinu hefjast framkvæmdir við stækkun hótels á Húsavík. Þar verður herbergjum fjölgað úr 70 í 114 með viðbyggingu sem verður um 4.700 fermetrar að stærð.



Davíð Torfi Ólafsson

„Svo munum við reka hótelið á Höfðatorginu sem verður opnað á næsta ári með 320 herbergjum. Á gamla Blómavalsreitnum við Grand hótel eru síðan áform um 100 íbúðir sem fara á sölumarkað en einnig 170-200 hótelherbergi sem verða af fimm stjörnu klassa. Framkvæmdir munu vonandi hefjast fljótlega á næsta ári en þetta er í skipulagsferli en vonandi verður hótelið opnað árið 2017,“ segir Davíð. Hann bætir við að fyrirtækið hafi einnig fengið samþykki fyrir nýju 90 herbergja hóteli á Grímsstöðum við Mývatn og 116 herbergja hóteli á Hnappavöllum í Öræfum. Þau verða opnuð sumarið 2016.

„Okkar markmið með þessum framkvæmdum er að efla gæði og fjölga gistirýmum. Við erum búin að ganga vel frá málum sem tengjast skipulagi og tryggja fjármögnun á miklu af þessum verkum og því er ekkert sem stoppar okkur,“ segir Davíð.

Spurður segir hann fyrirtækið óttast offjárfestingu í ferðaþjónustu.

„Við óttumst offjárfestingu í geiranum og þá sér í lagi hugmyndir um gistingu af lægri gæðum.“



# ALMENNT HLUTAFJÁRÚTBOÐ

HB GRANDI

## Útboðinu lýkur fimmtudaginn 10. apríl kl. 16.00

Almennu útboði á hlutum í HB Granda hf. lýkur kl. 16.00 fimmtudaginn 10. apríl og hefur fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf. umsjón með útboðinu. Í útboðinu hyggjast Arion banki, Vogun hf. og Fiskveiðahlutafélagið Venus hf. selja 27–32% hlut í HB Granda. Markmið seljenda með útboðinu er annars vegar að það geri HB Granda kleift að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland hf. um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar og hins vegar horfa seljendur til þess að selja eign sína á sem hagstæðustu verði.

## Tvær áskriftarleiðir eru í boði með mismunandi fjárhæðarmörkum og verðmyndun

### Tilboðsbók A

- 8,5% eignarhlutur boðinn til sölu
- Áskrift að andvirði 100.000–25.000.000 kr.
- Verðbil áskrifta 26,6–32,5 kr./hlut
- Heildarsöluandvirði 4,1–5,0 milljarðar kr.
- Öllum hlutum úthlutað á sama verði, sem verður jafnt eða lægra en í tilboðsbók B

### Tilboðsbók B

- 18,5% eignarhlutur boðinn til sölu
- Áskrift að andvirði frá 15.000.000 kr. en að hámarki 5% eignarhlutur
- Lágmarksverð áskrifta 26,6 kr./hlut
- Heildarsöluandvirði að lágmarki 9,0 milljarðar kr.
- Öllum hlutum úthlutað á sama verði, sem verður jafnt eða hærra en í tilboðsbók A

Seljendur hafa rétt til að fjölga boðnum hlutum til sölu í allt að 32% eða um 5% af útgefnum hlutum. Ákvörðun um endanlega stærð útboðsins og skiptingu þess milli tilboðsbóka mun taka mið af eftirspurn í útboðinu, bæði hvað varðar verð og magn.

## Áskrift er skilað rafrænt á áskriftarvef á arionbanki.is

**Aðgangur að áskriftarvef fæst með:**

- aðgangsauðkennum fjárfestis að netbanka Arion banka, eða
- lykilorði sem óskað er eftir á arionbanki.is og sent er í heimabanka, eða
- lykilorði sem nálgast má hjá umsjónaraðila gegn undirritun vottaðrar umsóknar um lykilorð.

## Áskriftir verða skertar komi til þess að eftirspurn verði umfram þann fjölda hluta sem boðnir eru til sölu

Í tilboðsbók A er meginreglan sú að áskriftir yfir 500.000 kr. verða skertar um allt að 75% af upphaflegri áskrift. Þurfi að koma til frekari niðurskurðar verður hámark allra áskrifta fært enn neðar með flötum niðurskurði. Hámarksúthlutun getur því orðið lægri en 500.000 kr.

Í tilboðsbók B er meginreglan sú að meta áskriftir á grundvelli verðs.

**Þátttaka í útboðinu** er heimil aðilum með íslenska kennitölu sem eru fjárráða og ráða búi sínu sjálfir og með þeim takmörkunum sem kunna að leiða af lögum. Athygli er vakin á að ákvæði laga nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri koma í veg fyrir að erlendum aðilum, samkvæmt 1. gr. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, sé heimil þátttaka í útboðinu.

**Eindagi kaupverðs** er áætlaður 23. apríl 2014. Stefnt er að því **að fyrsti dagur viðskipta** með hluti í HB Granda á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. verði 25. apríl 2014.

## Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um HB Granda og skilmála útboðsins sem er að finna í lýsingu félagsins dagsettri 27. mars 2014 sem gefin er út á íslensku. Fjárfestum er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti.

Lýsinguna má nálgast rafrænt á hbgrandi.is og arionbanki.is. Hana má einnig nálgast innbundna í höfuðstöðvum HB Granda að Norðurgarði 1 í Reykjavík og hjá Arion banka í Borgartúni 19 í Reykjavík.

Arion banki

## Spá AGS um hagvöxt í heiminum árið 2014




# Heimshagkerfið styrkist þrátt fyrir ýmsar ógnir segir í hagspá AGS

***Hagvöxtur á Íslandi fer úr 2,9 prósentum á árinu 2013 í 3,1 prósent á árinu 2015 samkvæmt nýrri hagspá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þá fer atvinnuleysi hérlendis úr 4,4 prósentum í 3,7 prósent á sama tíma. Aðalhagfræðingur sjóðsins segir efnahagsbatann ekki aðeins vera að verða meiri heldur einnig útbreiddari.***

**VIÐTAL**
**Fanney Birna Jónsdóttir** |
fanney@frettabladid.is



Heimshagkerfið er að styrkjast en ógn stafar af mjög lágri verðbólgu og útflæði fjármagns frá vaxandi hagsvæðum samkvæmt nýrri skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) sem kynnt var í gær.

Sjóðurinn býst við því að heimshagkerfið vaxi um 3,6 prósent á þessu ári og 3,9 prósent árið 2015, en var þrjú prósent á síðasta ári. Þessar tölur eru rétt um 0,1 prósenti undir þeim spám sem sjóðurinn birti í janúar.

**ÞRÓAÐRI RÍKI Í VEXTI**

Þessi aukning er aðallega drifin áfram af miklum vexti í þróaðri hagkerfum, þar með eru talin Bandaríkin og Bretland, og hóflegum bata hjá þeim átján ríkjum er nota evruna.

Hins vegar er gert ráð fyrir að þróunarlöndin, sér í lagi Rússland, Brasilía og Suður-Afríka, muni vaxa mun hægar en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáði fyrir þremur mánuðum. Hagkerfi Rússlands muni líklegast þjást vegna deilna við Bandaríkin og Evrópu vegna Úkraínu. Önnur þróunarríki munu kljást við háa vexti, sem er ætlað að berjast við verðbólgu en hægja á vexti.

Í skýrslu sjóðsins má sjá uppfærslu á vaxtaspánni fyrir Bretland, Þýskaland og Spán. Sjóðurinn sér fram á að evrusvæðið vaxi um 1,2 prósent á árinu 2014 og 1,5 prósent á árinu 2015 eftir að hafa minnkað um 0,5 prósent á síðasta ári. Báðar spár eru rétt um 0,1 prósenti hærri en janúarspá sjóðsins var. AGS breytti ekki spá sinni fyrir Bandaríkin og spáir enn 2,8 prósenta vexti á þessu ári og þriggja prósenta á árinu 2015.

**MEIRI OG ÚTBREIDDARI BATI**

„Efnahagsbatinn […] er ekki aðeins að verða meiri heldur einnig útbreiddari,“ sagði Olivier Blanchard, aðalhagfræðingur AGS, á blaðamannafundi vegna skýrslunnar í gær.

Bandarísku og evrópsku hagkerfin eru að hagnast á niðurskurði smærri hagkerfa og skattahækkana þeirra sagði Blanchard einnig. Bankar væru að bæta fjármálin hjá sér og fjárfestar eru viljugri til að kaupa evrópsk ríkisskuldabréf.

Spáin fyrir Japan er að það vaxi um 1,4 prósent á næsta ári, sem er minna heldur en spáin í janúar sagði til um, sem var 1,7 prósent og telur sjóðurinn að talan verði komin niður í eitt prósent á árinu 2015. Þar vega þyngst háir söluskattar.

Vöxturinn í Kína, sem er næststærsta hagkerfi heimsins, verður í áframhaldandi niðursveiflu, en hafði verið á miklum hraða fyrir nokkrum árum. Það mun hafa mikil áhrif á mörg ríki sem flytja út hrávöru í kínverskar verksmiðjur. Vöxturinn í Kína er áætlaður 7,5 prósent á þessu ári og 7,3 prósent á því næsta.

**MINNA AF KRÍSUANDRÚMSLOFTI**

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og systurstofnunin, Alþjóðabankinn, munu halda vorfundi sína í Washington um helgina þar sem fjármálaráðherrar og seðlabankastjórar G-20 ríkjanna munu hittast. Aðalmálefnin sem sjóðurinn leggur áherslu á í skýrslu sinni verða á dagskrá fundanna, eins og lág verðbólga. Þrátt fyrir það er talið að fundirnir verði án krísuandrúmsloftsins sem einkennt hefur þá eftir efnahagshrunið.

„Miðað við undanfarin ár er heimshagkerfið stöðugra,“ sagði Jacob Kierkegaard, yfirmaður hjá Peterson Institute for International Economics í samtali við fréttastofu AP. „Þetta verður árlegur fundur sem verður aðallega um framkvæmd og langtímaáætlanir“ frekar en skammtímaaðgerðir.

Sérfræðingar telja þó að embættismenn frá Evrópu, sérstaklega frá Seðlabanka Evrópu, muni verða fyrir pressu við að létta á lágri verðbólgu.



**BLAÐAMANNAFUNDUR AGS** Olivier Blanchard er aðalhagfræðingur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

> Efnahagsbatinn […] er ekki aðeins að verða meiri heldur einnig útbreiddari.
>
> Olivier Blanchard, aðalhagfræðingur AGS

Christine Lagarde, framkvæmdastjóri AGS, hvatti bankann í síðustu viku til að ráðast

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## GÓÐA FERÐ

**Safetravel mun setja upp skjáupplýsingakerfi á allt að 30 helstu viðkomustöðum ferðamanna víðsvegar um landið. Þetta er gert til að auka upplýsingagjöf til ferðamanna. Á skjáunum verður til dæmis hægt að skoða vefmyndavélar, færð á vegum og kort.**


White-Westinghouse - *amerísk gæða heimilistæki*

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



jB pípulagnir ehf.

Bergur Guðbjörnsson
Löggiltur Pípulagningameistari
Sími 860 8089

Erum með skolpmyndavél, hita- og rakamyndavél, hreinsidælu fyrir forhitara og ofnakerfi.

Snögg og góð þjónusta





Nú hlýnar í veðri, bjóðum upp á

Yfirhafnadaga

15% afsláttur af öllum yfirhöfnum

Léttir frakkar, vatteraðir jakkar og þunnar dúnúlpur.

Allt fyrir fermingarnar og brúðkaupin.
Frábær sumarföt fyrir fríið og golfið.

Sjáið myndirnar á facebook.com/Parisartizkan

BASLER Parisar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770




**GÓÐAR VÖRUR** Masterline-hárvörurnar frá Halldóri Jónssyni eru án parabena og eru ofnæmisprófaðar. „Vörulínan er innblásin af straumum og stefnum snyrtivöruheimsins," segir Magðalena S. Kristjánsdóttir vörumerkjastjóri.

MYND/STEFÁN

# HEILBRIGÐ HÚÐ SKIPTIR MÁLI

**HALLDÓR JÓNSSON EHF. KYNNIR** *Masterline-hárvörurnar hafa slegið í gegn á Íslandi og nú er komið að Masterline Body-línunni fyrir líkamann.*

Masterline-húðvörur eru nú komnar á markað hér á landi en Masterline-hárvörurnar slógu í gegn eftir að þær komu til landsins fyrr á þessu ári. „Masterline Body er ítölsk húðlína innblásin af straumum og stefnum snyrtivöruheimsins," segir Magðalena S. Kristjánsdóttir, vörumerkjastjóri hjá Halldóri Jónssyni ehf. sem flytur inn Masterline-vörurnar. „Masterline-vörurnar eru án parabena og eru ofnæmisprófaðar vörur sem standa fyllilega undir merkinu „Made in Italy". Áhersla er lögð á mild og góð innihaldsefni og eru öll kremin með notalegum ilm og gefa mjúka áferð. Vörurnar koma í flottum og nýtískulegum umbúðum, eru litríkar og með pumpu."

Masterline Body-línan samanstendur af fimm mismunandi líkamskremum og 10 in 1 sjampói, næringu og hársprey.

Body Cream er mjúkt og gott rakakrem sem mýkir allan líkamann. Það inniheldur meðal annars Shea Butter og Sericin.

Cream Gel er kæligel sem dregur í sig þreytu dagsins. Það er nokkurs konar undragel fyrir þreytta og bólgna fætur og inniheldur meðal annars myntu og eucalyptus.

Body Butter er mjúk og góð blanda sem nærir vel allan líkamann. Hún er sérstaklega góð fyrir þurra og mjög þurra húð og inniheldur meðal annars Shea Butter og argan-olíuna vinsælu.

Body Firming er krem sem viðheldur teygjanleika húðarinnar og gerir hana flotta og fitt. Frábært krem sem inniheldur meðal annars elastín, kollagen og pomegranate.

Body Scrub er kornahreinsir sem hreinsar, mýkir og sléttir húðina. Inniheldur meðal annars ilmolíur úr myntu og sjávarsöltum.

10 in 1 – sjampó, næring og hársprey fyrir allar hárgerðir. 10 in 1 vísar til helstu eiginleika línunnar. Sjampó sem er stútfullt af vítamínum og próteinum. Hárnæring í spreyformi sem hemur án þess að þyngja hárið. Hársprey sem gefur fyllingu og góðan glans. Í því er meðalhald sem gefur raka og er með hitavörn.

Vörurnar fást í apótekum og í Hagkaupi. Í sumar er væntanleg sólarlína frá Masterline, sjampó, næring og vörn fyrir hárið og BB krem fyrir hendur og fætur.



**LÍKAMSKREM OG HÁRVÖRUR** Masterline Body-línan samanstendur af fimm mismunandi líkamskremum og 10 in 1 sjampói, næringu og hársprey.




Hringdu núna!
Sæktu eða fáðu matinn sendan heim
588 9899

HEILSURÉTTIR

065

Eggjanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti
Orka, kkal 92 Prótein 10,8 gr Kolvetni 10,2 gr Fita 1,4 gr

980 | 1340

Fullir af trefjum, próteinum og góðum kolvetnum. Kryddaðir með ferskum hvítlauk, engifer og chilli.

*Án salts og sykurs.*

NINGS

Veitingahús Nings eru opin alla daga frá 11:30 til 22:00 - Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhöfði | www.nings.is




**Kíktu inn á nýjan vef midi.is**

Betra viðmót, fallegra útlit og virkar
í öllum tækjum!

**Kauptu miða í símanum**

Nú er auðveldara að kaupa miða
úr símanum og spjaldtölvunni.

540 9800 | midi.is

**Finndu viðburði fljótt og auðveldlega**
Tónleikar, kvikmyndir, leikhús, íþróttir og margt fleira.




# NÝR VEFUR MIDI.IS **ER KOMINN Í LOFTIÐ!**

midi.is



**POMPIDOU-METZ** Centre Pompidou-Metz er nútímalistasafn í borginni Metz í Lorraine í Frakklandi. Það er hluti af Pompidou-listamiðstöðinni í París. Húsið var vígt af Nicolas Sarkozy 2010. Þak byggingarinnar þykir eftirtektarvert en Ban notaði kínverskan hatt sem fyrirmynd. MYND/DIDIER BOY DE LA TOUR



**DÓMKIRKJA ÚR PAPPA** Dómkirkjan í Christchurch á Nýja-Sjálandi eyðilagðist í jarðskjálfta árið 2011. Shigeru Ban var beðinn um að hanna bráðabirgðadómkirkju. Kirkjan er byggð að mestu leyti úr pappa og getur hýst 700 manns. MYND/STEPHEN GOODENOUGH

# MÓTAÐ Í PAPPA

**ARKITEKTÚR** *Japanski arkitektinn Shigeru Ban hlýtur Pritzker-verðlaunin árið 2014. Verðlaunin eru þau æðstu í heimi arkitekta.*

Shigeru Ban hefur gert tilraunir með mannvirki úr pappa allt frá því hann stofnaði stofu sína í Tókýó árið 1985, en hann er nú einnig með skrifstofur í París og New York.

Hann hefur notað kunnáttu sína til góðs og tekið þátt í verkefnum sem snúa að því að byggja húsaskjól fyrir flóttamenn og fórnarlömb hamfara víða í heimi. Sem dæmi má nefna pappabjálkahús og pappakirkju sem hann hannaði og byggði fyrir víetnamska flóttamenn í Japan árið 1995. Þá byggði hann pappaskýli fyrir flóttamenn í Rúanda árið 1999 og pappadómkirkju í Christchurch á Nýja-Sjálandi eftir jarðskjálftann árið 2011.

Arkitektinn er einnig vel þekktur fyrir nýstárlega notkun á efni á borð við timbur, bambus, vefnað og plast. Hann hefur sótt innblástur í hefðbundnar japanskar smíðaaðferðir sem hann fylgdist með sem barn. „Þegar ég byrjaði að vinna á þennan máta fyrir nærri þrjátíu árum, var enginn að spá í umhverfið. Þessi leið var mér eiginleg, ég hef alltaf verið áhugasamur um hagkvæmni í kostnaði og vil nota efni sem finna má í nærumhverfinu og endurnýtanleg efni."

Shigeru Ban hlýtur Pritzker-verðlaunin árið 2014 en þetta er í 37. sinn sem verðlaunin eru veitt. Pritzker-verðlaunin eru þau æðstu í heimi arkitekta. Ban fær afhent verðlaunafé við hátíðlega athöfn í Amsterdam í júní.



**GARDÍNUHÚS** Curtain-Wall House heitir þetta hús í Tókýó sem Ban hannaði 1995. Þar kemur Ban með nýja túlkun á hefðbundnum japönskum byggingarstíl. Stórar svalir umkringja húsið en hægt er að loka þeim alveg af með sérhönnuðum gardínum. MYND/HIROYUKI



**VERÐLAUNAÐUR** Shigeru Ban hlýtur Pritzker-verðlaunin í ár. MYND/SHIGERU BAN ARCHITECTS



**ÁN VEGGJA** Wall-Less House kallast þetta hús eftir Ban frá 1997 sem stendur í Nagano í Japan. Húsið sem stendur í miklum halla hefur enga veggi sem aðskilja eldhús, baðherbergi og salerni en þó er hægt að skipta rýminu upp með færanlegum spjöldum. MYND/HIROYUKI HIRAI

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

40% 30% 20% 50%
LAGERHREINSUN



Tungusófi verð 149.000 áður 284.900

Við ætlum að rýma fyrir nýjum vörum og bjóðum allt að 50% afslátt
Fyrstir koma fyrstir fá

Fjarstýringavasar - verð frá 2.900
Púðar - verð frá 2.900
Púðaver - verð frá 1.000
Stólar - verð frá 5.000
Speglar - verð frá 10.000
Skrifstofuhillur - verð frá 9.900
Sjónvarpsskápar - verð frá 19.900
Rúm 150-193 cm - verð frá 69.000
Sófaborð mism. stærðir verð frá 7.500
Borðstofuborð 220 - verð 47.500
Borðstofuskenkar verð frá 159.900
Bar skápar 119x158x52 verð frá 89.000

OPNUM KL.10

Opið virka daga kl. 10-18
laugard. 11-16

Patti HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

2 bókstafir, fullkomin húð á 1 augnabliki



5 frábærir eiginleikar
Jafnar húðlit
Rakagefandi
Hylur
Gefur ljóma
Sólarvörn
SPF 15

BB krem frá Garnier

**Hvað er BB krem?**
BB krem (Blemish Balm) er fegurðarleyndarmál frá Asíu með byltingarkenndri formúlu sem sameinar í einu skrefi það besta í húðumhirðu og örfínar litaragnir sem láta húðina ljóma.

**Miracle Skin Perfector**
Kraftaverkakremið frá Garnier- 5-í-1 fyrir fullkomna húð á augnabliki.

Miracle Skin Perfector 5-í-1-KREMIÐ

Take care. GARNIER

# GRÆNN APRÍL

MIÐVIKUDAGUR **9. APRÍL 2014**

**Kynningarblað** EarthCheck-vottun og græn ráð fyrir eldhúsið, bílinn og baðið



# Vilji er allt sem þarf

Fjórða árið í röð er GRÆNN APRÍL hvatning til allra þeirra sem selja vöru, þekkingu og þjónustu sem er græn og umhverfisvæn, um að kynna hana fyrir neytandanum, svo hann geti í framtíðinni valið grænni kostinn, því það er betra fyrir okkur öll.

Mikilvægt er að hvetja fólk til að velja umhverfisvænt því nýleg skýrsla Sameinuðu þjóðanna málar svarta mynd af framtíðinni vegna veðurfarsbreytinga og ýmissa annarra sem við munum standa frammi fyrir á næstunni. Kannski hefur stærsti vandinn hingað til falist í því viðhorfi fólks að framlag þess til umhverfisins skipti ekki máli. Það kýs að vísa ábyrgðinni frá sér og segja að „einhver annar“ þurfi að sjá um það eða jafnvel að það sé nú lítið hægt að gera meðan aðrir mengi svo og svo mikið. En margt smátt gerir eitt stórt í þessu eins og öðru.


MYND/HELENA STEFÁNS

Við ræðum á góðum stundum um það hversu sjálfbært Ísland sé, en staðreyndin er sú að við mengum gífurlega með lífsstíl okkar, fiskiskipaflota og miklum innflutningi á vörum til landsins með flugvélum og skipum. Sem eyþjóð höfum við alltaf undirstrikað sérstöðu okkar og gert kröfur um að tekið sé tillit hennar. En hvað ef við snerum sérstöðu okkar við?

Hvað ef við settum stefnu okkar á að verða sjálfbært land með aukinni innlendri matvælaframleiðslu og vottuðum sveitarfélögum? Margir hafa lagt fram hugmyndir að leiðum sem fara má til að auka matvælaöryggi í landinu. Vinna þarf að þeim málum af festu og öryggi til að tryggja að við verðum sjálfum okkur nóg í framtíðinni. Sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi og sveitarfélögin níu á Vestfjörðum eru nú vottuð af EarthCheck fyrir sjálfbærnistefnu sína. Öll voru þau með markaða umhverfisstefnu þegar þau hófu ferlið, en staðlar og sjálfbærnivísar EarthCheck hafa hjálpað þeim að draga markvisst úr vistfræðilegu fótspori sínu og setja sér mælanleg markmið um árlegar úrbætur.

Þessi sveitarfélög eru smá, en hafa sýnt fram á að þetta er hægt. Önnur stærri geta gert slíkt hið sama, því vilji er allt sem þarf. Kannski kristallast hann í GRÆNUM APRÍL þetta árið.

*Guðrún Bergmann*



## GRÆN RÁÐ FYRIR BÍLINN

- **Til** að bæta eldsneytisnýtingu og draga úr mengun er gott að stíga hvorki fast á bremsur né bensíngjöf.
- **Ekki** láta bílinn vera í lausagangi lengur en 30 sekúndur.
- **Taktu** ónauðsynlega hluti úr skottinu til að létta bílinn. Þú eyðir minna eldsneyti ef bíllinn er léttur.
- **Ef þú ert** með lausa toppgrind, taktu hana þá af ef hún er ekki í notkun til að bæta eldsneytisnýtinguna.
- **Notaðu** „cruise control“ ef það er í bílnum. Jafnari akstur sparar bensín og minnkar mengun.
- **Ef þú ert** á fjórhjóladrifnum bíl, sem líka er hægt að velja að hafa bara í tveggja hjóla drifi, íhugaðu þá að nota það þegar aðstæður leyfa.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmaður auglýsinga: Kolbeinn Kolbeinsson, kkolbeins@365.is, s. 512-5442 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# Umhverfisvottun leiðir til sparnaðar

EarthCheck er alþjóðlegt umhverfis- og vottunarkerfi sem býður heildrænar og markaðsprófaðar lausnir sem hafa jákvæð áhrif á fólk, umhverfi og arðsemi.

EarthCheck er alþjóðlega viðurkennt umhverfisstjórnunar- og vottunarkerfi með meðlimi í yfir 80 löndum, þar á meðal á Íslandi. Patrick Renouard, yfirmaður Evrópuskrifstofu EarthCheck, hefur dvalið hér á landi undanfarna daga og átt fundi með ráðamönnum í nokkrum sveitarfélögum og ferðaþjónustufyrirtækjum. Í gær átti hann svo fund með Ragnheiði Elínu Árnadóttur, iðnaðar- og atvinnumálaráðherra, og kynnti fyrir henni kosti EarthCheck-vottunarkerfisins. Hann ræddi einnig um þá forystu á heimsvísu sem sveitarfélögin á Snæfellsnesi og Vestfjörðum hafa en þau eru í vottunarkerfi EarthCheck. Þá lagði hann áherslu á hversu mikilvægt það er að markaðssetja sjálfbærnivinnu þeirra enn betur út á við. Patrick átti líka fund með Degi B. Eggertssyni og fulltrúum frá menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkur og Höfuðborgarstofu til að kynna möguleika á vottun fyrir Reykjavík, en með henni gæti Reykjavík orðið fyrsta höfuðborg í heimi með sjálfbærnivottun.

EarthCheck nálgast sjálfbærni á bæði vísindalegan og kerfisbundinn hátt. „Við erum þekkt fyrir að bjóða upp á heildrænar markaðsprófaðar lausnir sem hafa jákvæð áhrif á fólk, umhverfi og arðsemi fyrirtækja. Með þeim hefur okkur tekist að hjálpa viðskiptavinum okkar að spara yfir 100 milljónir dollara í rekstri,“ segir Patrick.

Í gegnum EarthCheck-rannsóknarstofnunina og aðra samstarfsaðila víða um heim hefur EarthCheck stundað vísindarannsóknir á öllum hliðum sjálfbærrar ferðaþjónustu undanfarin 25 ár og lagt í það verkefni milljónir dollara. Niðurstöður þeirra rannsókna hafa gert EarthCheck kleift að bjóða fyrirtækjum í ferðaþjónustu upp á víðtæka þekkingu sem þau geta nýtt til að ná sem bestum árangri. Út frá þessum rannsóknum hafa þeir þróað sjálfbærnivísa fyrir áfangastaði og fyrirtæki, sem gerir þeim kleift að mæla sjálfbærni í rekstri út frá efnahagslegum, félagslegum og umhverfislegum þáttum.

„Mikið af þessari vinnu má auðveldlega nálgast á vefsíðu okkar, www.earthcheck.org, en þar er skýrslum okkar hlaðið niður í tugþúsunda tali í hverjum mánuði sem sýnir greinilegan áhuga á rannsóknarniðurstöðum okkar. Með þær að leiðarljósi höfum við þróað ný kerfi fyrir ferðaþjónustufyrirtæki, áfangastaði og sveitarfélög sem gerir þeim kleift að mæla og fylgjast með eigin frammistöðu í umhverfismálum og bera sig saman við aðra.

### Ísland leiðandi

EarthCheck hefur átt í farsælu samstarfi við fyrirtæki og sveitarfélög hér á landi í næstum fjórtán ár. „Við erum mjög stolt af frammistöðu þeirra fyrirtækja og sveitarfélaga sem vinna með okkur hér á landi,“ segir Patrick. „Sveitarfélögin á Snæfellsnesi voru til að mynda með fyrstu sveitarfélögum í heimi til að fara í vottunarferli EarthCheck en það var árið 2003. Ferlið að eiginlegri vottun tók nokkuð langan tíma, enda um algert frumherjaverkefni að ræða en fyrsta vottun fékkst árið 2008. Nú eru sveitarfélögin og Þjóðgarðurinn Snæfellsnes komin með gullvottun eftir sex ár í ferlinu. Sveitarfélögin níu sem eru í Fjórðungssambandi Vestfjarða, sem hófu vottunarferli sitt árið 2012 mættu viðmiðum EarthCheck árið 2013 og eru með bronsmerki þeirra. Þess má geta að á Vestfjörðum voru það ferðaþjónustuaðilar sem hvöttu til vottunar. Þeir telja hana besta gæðastimpilinn fyrir landshlutann.

Eitt fyrirtæki hér á landi hefur verið vottað allt frá árinu 2002 en það er Hótel Hellnar á Snæfellsnesi. Það hlaut árið 2012, fyrst allra hótela í Evrópu, platínuvottun frá EarthCheck fyrir að hafa í tíu ár staðfastlega haft sjálfbærni að leiðarljósi í öllum þáttum rekstursins.“

Önnur fyrirtæki með vottun EarthCheck hér á landi eru Elding hvalaskoðun, Ferðaskrifstofa bænda og Íshestar, sem öll eru með gullvottun. Tjaldsvæðið í Laugardal í rekstri Farfugla hefur verið metið af EarthCheck og er„assessed.“

Í gær skráði ION-hótelið á Nesjavöllum sig í vottunarferli EarthCheck. Það er annað tveggja hótela hér á landi sem er aðili að Design Hotels, en sú keðja hefur gert samkomulag við EarthCheck um að votta öll hótel innan keðjunnar. ION-hótelið er eitt af fyrstu 25 hótelunum sem vottuð verða og er því í forystuliðinu.

### 22 ár frá Ríó-ráðstefnunni

Segja má að fyrsta alþjóðlega ákallið um þörfina á samstarfi þjóða að sjálfbærnistefnu hafi komið frá Ríóráðstefnunni sem haldin var árið 1992. Þar var meðal annars fjallað um mikilvægi þess að ferðaþjónustan legði sitt af mörkum til sjálfbærrar þróunar. En hvað er það sem hindrar helst sjálfbæra ferðaþjónustu? „Við höfum í dag fullan skilning á þeim sjálfbærniáskorunum sem ferðaþjónustan stendur frammi fyrir,“ segir Patrick. „Um þær þarf ekkert að deila. Við höfum líka öll tæki, þekkingu og tækni til að takast á við þær. Við stöndum hins vegar frammi fyrir samstöðuleysi atvinnugreinarinnar til að marka heildstæða stefnu og koma henni í framkvæmd.“

Patrick telur mikilvægt að sjálfbærnimálin séu ekki gerð of flókin, svo bæði stór og smá fyrirtæki geti unnið að þeim. „Okkar reynsla er að jafnvel einföldustu hlutir geta vafist fyrir sumum, hvort sem það eru lítil fyrirtæki eða sveitarfélög. Því þurfa skrefin sem tekin eru í átt að meiri sjálfbærni að vera raunsæ, framkvæmanleg og mælanleg og það þarf að vera hægt að taka þau aftur og aftur.“

### Tækifærin á Íslandi

„Mesti árangur í sjálfbærniþróun um allan heim hefur náðst á stöðum þar sem fyrirtæki og sveitarfélög hafa unnið að því að ná sameiginlegum árangri,“ segir Patrick. „Lykillinn felst í góðri forystu, góðum sjálfbærnivísum og mælieiningum sem geta verið leiðbeinandi í allri ákvarðanatöku.“

Tæknin er að ryðja sér til rúms í allri vottunar- og sjálfbærnivinnu eins og annars staðar og er hægt að hlaða öllum upplýsingum úr skráningu sjálfbærnivísanna niður í síma eða spjaldtölvur og skoða hvar og hvenær sem er sem gerir stjórnendum fært að sjá hversu vel gengur hjá fyrirtækinu. Þeir geta skoðað yfirlitin, borið þau saman við fyrri ár og leitað svara ef niðurstöðurnar eru ekki í samræmi við áætlanir.

Patrick segir starfsfólk á hverjum vinnustað vera í framvarðarsveitinni þegar kemur að hinni eiginlegu vinnu að sjálfbærni og því er mikilvægt að þjálfa það vel en það getur skipt sköpum þegar kemur að langtímaárangri. Þeir sem sjá um þrifin, viðhaldið, garðyrkjustörfin og bera ábyrgð á notkun kemískra efna svo dæmi séu nefnd skipta miklu máli í sjálfbærum rekstri. Rannsóknir okkar sýna að meðvitað starfsfólk getur bætt árangur fyrirtækja um allt að 15% án þess að til komi ný tæki eða tól.“

Tengiliður við EarthCheck hér á landi er fyrirtækið Grænir hælar. Sé óskað eftir nánari upplýsingum um vottunarkerfið er hægt að senda tölvupóst á gh@graenirhaelar.is.



grænn apríl

Bio

# UMHVERFISVÆN LÉTTVATNSTÆKI




S 6 LJM
Bio 43

**Við vorum að fá 6 lítra umhverfisvæn léttvatnstæki frá Jockel til landsins. Ásamt því að vera vistvæn, eru þau líka öflugri en flest léttvatnstæki af sambærilegri stærð á markaðnum í dag, með 34A og 183B.**

Umhverfisvæna léttvatnstækið frá Jockel hefur eftirfarandi eiginleika sem aðgreinir það frá öðrum léttvatnstækjum:

- Nýja umhverfisvæna tækið inniheldur hvorki perflúoroktansýru (PFOA) né perflúoroktýlsúlfónat (PFOS). Þessi manngerðu lífrænu flúorefni brotna illa niður í náttúrunni og eru í flestum hefðbundnum léttvatnstækjum.
- Lífrænar froður eru notaðar sem slökkvimáttur í tækinu, með öflugri grænni formúlu sem dregur úr notkun flúors og eykur vistvænt niðurbrot í náttúru.
- Formúlan notar C6 vetniskolefni (fluorotelomers), sem er lífrænt efni, í staðinn fyrir manngerðu efnin PFT og polyFT.
- Minna magn pökkunarefnis og framleitt eftir vistvænum framleiðsluaðferðum.

**Auk þess þarf bara að yfirfara tækið á tveggja ára fresti og hlaða það á sex ára fresti. Flest tæki þarf að yfirfara á eins árs fresti og hlaða á fimm ára fresti.**

JOCKEL

DIN EN 3 — 0736 — CE 0035

VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum. Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

# Meistaranám í verkefnastjórnun (MPM)



Ósk Sigurðardóttir MPM heldur fyrirlestur hjá IPMA í Króatíu.


Tinna Lind Gunnars MPM heldur fyrirlestur hjá IPMA í Króatíu.

Meistaranám í verkefnastjórnun (Master of Project Management) er nú að hefja sitt fjórða starfsár innan Háskólans í Reykjavík. Námið var þróað sem svar við þessari eftirspurn og frá árinu 2007 hafa á þriðja hundrað einstaklingar útskrifast með MPM-gráðu. Þeir eru í dag eftirsóttir starfskraftar í hvers kyns fyrirtækjum og stofnunum á Íslandi og erlendis. MPM-námið er afrakstur íslensks þróunarstarfs og þar er blandað saman þáttum sem lúta að verkefnastjórnun, samskiptum og eiginleikum einstaklinga og teyma og síðast en ekki síst að stefnumiðaðri stjórnun, ferlum og verklagi í rekstri fyrirtækja. Sú mikla áhersla sem í MPM-námi er lögð á áætlanagerð, eftirfylgni, ferlisnálgun, samskipti, deilustjórnun, styrkleika og veikleika einstaklinganna og samspil í vinnuteymum, er grundvölluð á reyndri og klassískri þekkingu en einnig á nýjustu rannsóknum á verkefnastjórnun, sem fara fram í atvinnulífinu og í háskólum. Þessari áherslu hefur verið vel tekið og MPM-námið hefur á stuttum tíma áunnið sér fastan sess og námið er eftirsóttur kostur fyrir alla þá sem vilja auka möguleika sína á atvinnumarkaði og skapa sér forskot í atvinnuleit eða tryggja stöðu sína og opna nýjar dyr í starfsþróun. Stærð nemendahópa er stillt í hóf og tryggir það að samskipti eru persónuleg og góður tími gefst til samtals í tímum og þróunar sérhvers nemanda. Kennarar koma frá Evrópu og Bandaríkjunum, auk Íslands, og eiga það sammerkt að vera reyndir fræðimenn og fyrirlesarar og með mikla reynslu. Meðal nýrra íslenskra kennara í náminu eru dr. Guðfinna Bjarnadóttir, fyrrverandi rektor HR, og dr. Ásbjörg Kristinsdóttir sem starfar hjá Landsvirkjun. Erlendir kennarar í náminu koma meðal annars frá Stanford University, Sloan School of Management við MIT og Heriot-Watt í Edinborg. MPM-námið er ómetanleg reynsla; krefjandi en afar skemmtilegt nám þar sem saman koma kraftmiklir og metnaðarfullir einstaklingar úr ýmsum faggreinum og njóta handleiðslu frábærra kennara um fjögurra missera skeið og mynda fagleg og félagsleg tengsl sem eru verðmæt í atvinnulífinu. Náminu er ætlað að vera samhliða vinnu og fer kennsla fram aðra hverja helgi, föstudag og laugardag, auk þess sem kennt er nokkur fimmtudagskvöld á önn.

Á fjórða og síðasta misseri þess vinna nemendur sjálfstætt að lokaverkefnum undir handleiðslu leiðbeinenda. Nemendur skila niðurstöðum sínum í formi ráðstefnugreina og kynna rannsókn sína á árlegri útskriftarráðstefnu, Vor í íslenskri verkefnastjórnun, þar sem fjallað er um nýjar rannsóknir á sviðum verkefnastjórnunar. Á síðasta ári voru sex greinar einnig kynntar á árlegri ráðstefnu Alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA) á Krít, og í ár voru fimm nemendaverkefni kynnt á sömu ráðstefnu í Dubrovnic í Króatíu. Vor í íslenskri verkefnastjórnun verður næst haldin 23. maí nk.

# MPM

MASTER OF PROJECT MANAGEMENT

## Opinn kynningarfundur

# MPM-námsins

## í Háskólanum í Reykjavík

**Föstudaginn 11. apríl kl. 12.15 í stofu M101 í Háskólanum í Reykjavík.**

Á fundinum verður farið yfir skipulag, uppbyggingu og inntak MPM-námsins. Opið er fyrir umsóknir í meistaranám í Háskólanum í Reykjavík til 30. apríl nk. Annar kynningarfundur verður haldinn 28. apríl nk. kl. 17.00 í stofu V101 í Háskólanum í Reykjavík.

## Verkefnastjórnun stjórnunaraðferð 21. aldarinnar

Verkefnastjórnun hefur þróast úr því að vera tæki sem tæknimenn notuðu til að halda utan um verklegar framkvæmdir, í að verða alhliða stjórnunaraðferð sem fyrirtæki og stofnanir kjósa að beita til að koma hlutum í verk. Þessi þróun hefur verið mjög hröð og hún er í samræmi við vaxandi hraða breytinga í samfélaginu. Neytendur gera sífellt meiri kröfur um hraðari viðbragðstíma og því þurfa fyrirtæki sífellt að innleiða ný verkfæri og aðferðir. Þau þurfa að þróa vörur og þjónustu og bæta aðferðir sínar og verklag með hröðum og hagkvæmum hætti; tryggja meiri getu til að skila vörum og þjónustu af réttum gæðum til viðskiptavinanna, á réttum tíma og innan kostnaðaráætlunar. Síðast en ekki síst þurfa þau að skapa sér framtíðarsýn í hinu síbreytilega viðskiptaumhverfi og fylgja henni eftir með markvissum hætti. Þau fyrirtæki sem búa yfir mennıngu og innviðum til að koma hlutum í verk lifa af. Hin eru dæmd til að dragast aftur úr í samkeppni og lognast út af, nema þau taki sig á.

Markviss verkefnastjórnun er því lykill að árangri og nauðsynleg kjarnaþekking í sérhverju nútímalegu fyrirtæki og stofnun. Hún hefur á fáum árum orðið eftirsóttur færni- og þekkingarþáttur á ferilskrá fólks.


Verefnastjórnun er nú nýtt í öllum greinum atvinnulífs


Opinn kynningarfundur MPM-námsins er öllum opinn

### HVERS VEGNA ER MPM-NÁMIÐ Í HR ALÞJÓÐLEGT NÁM?

- Við skipulag námsins eru notuð viðmið frá International Project Management Association (IPMA), Project Management Institute (PMI), Association of Project Management (APM) og ISO 21500 Project Management Standard International Standard Organization (ISO).
- Erlendir sérfræðingar á sviði verkefnastjórnunar eru reglulega fengnir til að þróa námið.
- Stór hluti kennara eru virtir fræði- og fagmenn bæði frá Evrópu og Bandaríkjunum.
- Nemendur hljóta alþjóðlega vottun í verkefnastjórnun (IPMA D-vottun og jafnvel C- og B-vottun).
- Námið er byggt á gagnreyndri alþjóðlegri þekkingu í verkefnastjórnun.
- Námið tekur mið af nýjustu straumum og stefnum í verkefnastjórnun.
- Námið býr nemendur undir að leiða og taka þátt í alþjóðlegum verkefnum.
- Forsvarsmenn námsins eru alþjóðlega viðurkenndir fræðimenn á sviði verkefnastjórnunar.
- Lokaverkefni nemenda hafa verið kynnt á alþjóðlegum ráðstefnum og hafa verið birt í alþjóðlegum vísindatímaritum.
- Í úttekt á MPM-náminu hjá National Centre for Project Management í Englandi fékk það fyrstu einkunn.

### HVERS VEGNA MPM-NÁM VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK?

- MPM-námið veitir yfirgripsmikla þekkingu á verkefnastjórnun sem stjórnunaraðferð.
- Verkefnastjórnun er lykilaðferð félaga, fyrirtækja og stofnana til að ná markvissum árangri.
- Eftirspurn eftir fólki með sérþekkingu á sviði verkefnastjórnunar er að stóraukast um allan heim.
- Námið veitir víðtæka þekkingu á þeim þáttum verkvísinda sem hafa verkefnastjórnun að viðfangi sínu og þjálfar beitingu þeirrar þekkingar.
- Nemendur í MPM-námi hljóta alþjóðlega vottun í verkefnastjórnun sem veitt er af Alþjóðasamtökum verkefnastjórnunarfélaga (International Project Management Association (IPMA)) fyrir milligöngu Verkefnastjórnunarfélags Íslands. Nemendur geta hlotið IPMA- D-, C- eða B-vottun, en vottunin tekur mið bæði af þekkingu og starfsreynslu.



MPM-nemendur vinna margháttuð verkefni í tengslum við nám sitt. Mynd tekin á trúðanámskeiði 2014.



Nemendur í MPM-námi við vinnu sína.



Nemendur í MPM-námi skipuleggja sig.

# VERKEFNI Í ÞÁGU SAMFÉLAGS

**MPM-námið við Háskólann í Reykjavík hefur þá stefnu að nemendur vinni verkefni sem þjóni samfélaginu á einhvern hátt. Markmiðið er að kenna hönnun, áætlanagerð og eftirfylgni í hvaða verkefni sem er. Bæði er góðu komið til leiðar og það er hvetjandi að vinna að viðfangsefnum sem nýtast vel. Mörg verkefnanna hefðu ekki orðið að veruleika nema vegna vinnuframlags og sérfræðiþekkingar MPM-nemenda.**

### Óskalistinn: Leikur til að auka og efla fjármálalæsi unglinga

Nýr leikur til að auka áhuga unglinga á eigin fjármálum. Leikurinn spannar tveggja mánaða tímabil þar sem ýmsar freistingar verða á vegi nemenda. Ímyndaðar persónur taka fjárhagslegar ákvarðanir og í lokin sjást áhrif eyðslunnar á óskalista þeirra.

### Fræðslumyndband um Barnaspítala Hringsins fyrir foreldra og börn

Myndbandið fjallar um það hvernig er að koma í aðgerð á spítalanum. Því er ætlað að vera fyrsta myndbandið af mörgum sem foreldrar og börn geta skoðað fyrir innlögn eða á meðan á sjúkrahúsvist stendur.

### Þorir þú að vera fatlaður?

Keppnisviðburður til styrktar Reykjadal, þar sem sumarbúðir fyrir fötluð börn eru reknar af Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra (SLF). Fyrirtæki keppa í hjólastólaspretti og hjólastólahandbolta og skemmtiatriði verða í boði. Keppnin verður í Laugardalshöll 24. apríl, kl. 13-17.

Kynnar verða Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Adolf Ingi Erlingsson. Skráning er á hvati@slf.is.

### Stefnumótun fyrir Film in Iceland

Film in Iceland er verkefni á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem Íslandsstofa annast. Markmiðið er að markaðssetja Ísland sem vænlegt tökuland, en ríkissjóður endurgreiðir 20% af kostnaði við framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis hér. Film in Iceland er hlutlaus aðili sem útvegar lista yfir innlenda þjónustuaðila fyrir tökur eða eftirvinnslu.

### Auglýsingarátak SAMAN hópsins sumarið 2014

SAMAN hópurinn er grasrótarhreyfing aðila sem vinna að forvörnum fyrir börn og unglinga. Rannsóknir sýna að samvera foreldra og barna er ein besta forvörnin. Gerðar verða auglýsingar þar sem lögð er áhersla á samveru fjölskyldunnar og þær birtar á samfélagsmiðlum.

### Vefsíðan www.icbguru.com

Árlega þreyta tugþúsundir einstaklinga um allan heim próf til D-vottunar á vegum Alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA). Prófað er úr hugtakalykli IPMA, ICB3, sem inniheldur 46 lykilhugtök verkefnastjórnunar. Þrátt fyrir að efnið sé áhugavert er framsetning þess þurr. Verkefnið snýst um að setja upp vefsíðuna www.icbguru.com þar sem efnið er útskýrt á faglegan og lifandi máta.



Helgi Þór og Haukur Ingi, höfundar Project Ethics.

# **Project Ethics** gefin út í Englandi og Bandaríkjum

Dr. Haukur Ingi Jónasson og dr. Helgi Þór Ingason, sem starfa við Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík og eru forstöðumenn Meistaranáms í verkefnastjórnun (MPM-námsins), sitja ekki auðum höndum. Á síðustu misserum hafa þeir gefið út fjölda bóka á sviði stjórnunar. Nýlega gáfu þeir út bókina Project Ethics, en útgefandi hennar er Gower/Ashgate sem er með virtari útgáfufyrirtækjum á sviði stjórnunarfræða. Í tengslum við bókina var opnuð heimasíðan projectethics.is

Í samstarfi við JPV útgáfu hafa þeir gefið út fjórar bækur: Leiðtogafærni: Sjálfskilningur, þroski, þróun, Samskiptafærni: Samskipti, hópar, teymisvinna, Stefnumótunarfærni: Markmið, stefna, leiðir og Skipulagsfærni: Verkefni, vegvísar, viðmið um undirbúning, framkvæmd og lúkningu verkefna. Unnið er að þýðingu allra þessara bóka yfir á ensku og hefur tölvuleikjafyrirtækið CCP stutt veglega við þá þýðingu. Á þessu ári kom einnig út bókin Markþjálfun: Vilji, vit, vissa en hana skrifar Haukur Ingi í samstarfi við Matildu Gregersdotter og Arnór Má Másson.




# **Verkefnastjórnun** í hröðum vexti

**MPM félagið í samstarfi við MPM-nám Háskólans í Reykjavík og Verkefnastjórnunarfélag Íslands (VSF) heldur ráðstefnuna VERKEFNASTJÓRNUN Í HRÖÐUM VEXTI fimmtudaginn 10. apríl 2014 á Nauthól í Nauthólsvík.**

**DAGSKRÁ**

**08.00-08.30 Morgunmatur og skráning.**

**08.30-08.40 Setning:** *Ragnhildur Nielsen, formaður MPM félagsins.*

**08.45-09.00 Inngangur:** *Dr. Hilmar Bragi Janusson, H.Í.*

**09.00-09.40 Margir boltar á lofti: Verkefnastjórnun í sprotafyrirtækjum.** *Hekla Arnardóttir fjárfestingarstjóri hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins.*

**09.40-10.20 Skiptir verkefnastjórnun máli? Verkefnastjórnun í innleiðingarverkefnum og lærdómur í gegnum hraðan vöxt í alþjóðlegu umhverfi.** *Áslaug S. Hafsteinsdóttir, Meniga.*

**10.20-10.40 Kaffihlé**

**10.40-11.20 Formfesta í sveigjanleikanum: Áskoranir í verkefnum Truenorth og þættir sem hafa áhrif á velgengni þeirra.** *Helga Margrét Reykdal, Truenorth.*

**11.20-12.00 Augun á áhrifunum: Flókin viðfangsefni í alþjóðlegri starfsemi kalla á öfluga verkefnastjórnun.** *Guðmundur Örn Óskarsson, CIO Alvogen*

**12.00-12.15 Lokahugleiðing: Allir eru glaðir og allir eru að tala um …** *Heiða Kristín, Björt framtíð og Besti flokkurinn.*

**12.15-12.20 Ráðstefnulok:** *Formaður MPM félagsins.*

**Ráðstefnustjóri:** *Tinna Lind Gunnarsdóttir, leikari og MPM*

Ókeypis fyrir félaga í MPM félaginu og nema í MPM-námi við HR.

Félagar í Verkefnastjórnunarfélagi Íslands greiða 3.000 kr. Aðrir greiða 6.500 kr.

MPM FÉLAGIÐ

**Skráning á ráðstefnuna fer fram á www.mpmfelag.is**
**Félagar í VSF skrá sig á vsf.is**
**Ráðstefnan er öllum opin!**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK · REYKJAVIK UNIVERSITY








Íslendingar sóa miklu vatni á baðherberginu en með nokkrum einföldum leiðum er hægt að draga úr notkun þess. NORDICPHOTOS/GETTY

# Umhverfisvæn ráð fyrir baðherbergið

Ýmislegt má gera til að minnka vatnsnotkun, orkunotkun og notkun óumhverfisvænna efna á baðherberginu. Hér eru nokkur góð ráð.

### Við sturtum því niður

Um það bil 27% af vatnsnotkun hvers heimilis má rekja til klósettsins – því við það að sturta niður notum við meira vatn en fyrir þvottavélina, uppþvottavélina eða sturtuna. Því er mikilvægt að vera með tvöfalda vatnsstillingu á klósettkassanum til að geta minnkað þessa vatnsnotkun.

### Stillanlegir sturtuhausar

Hægt er að draga úr því vatnsmagni sem við notum í sturtunni með því að setja upp sturtuhausa sem draga úr vatnsmagninu, án þess að skerða ánægjuna af góðri sturtu. Þeir sem eru virkilega meðvitaðir um að spara vatn skrúfa fyrir sturtuna meðan þeir þvo hár og líkama og skrúfa svo frá henni aftur til að skola sig.

### Hreyfiskynjarar

Settu upp hreyfiskynjara við blöndunartækin í vaskinum. Þú sparar ótrúlega mikið vatn á því.

### Skiptu um ljósaperur

Ef þú hefur ekki þegar skipt yfir í LED-perur er tilvalið að gera það nú, ekki bara á baðherberginu heldur á öllu heimilinu. Þær spara bæði orku auk þess sem þær endast mun lengur en gömlu venjulegu ljósaperurnar. Reiknað hefur verið út að ef öll heimili á Íslandi skiptu út tíu 60W glóperum fyrir tíu 11W sparperur myndi orkan sem sparast vera um 60 milljón kílóvött á ári, sem samsvarar heildarrafmagnsnotkun þrettán þúsund heimila.

### Orkusparandi vifta

Vifta með orkusparandi merkingum dregur úr rafmagnsnotkun á baðherberginu. Mikilvægt er að láta viftuna ganga á meðan verið er í sturtu eða baði og í um það bil 15 mínútur eftir það til að forðast að upp safnist raki, sem getur leitt til myglu.



### Umhverfisvænni efni

Kauptu umhverfisvænt inn í baðherbergið, allt frá handklæðum og þvottastykkjum yfir í sápur, sjampó, hárnæringu, krem og salernispappír. Leitaðu eftir umhverfisvottunarmerkjum eins og „organic“, „certified organic“, „from organic ingredients“ eða öðru þess háttar á þessum vörum.

### Hreinsað með grænum efnum

Það er hægt að hreinsa baðherbergið með matarsóda og ediki. Dreifðu matarsódanum yfir svæðið sem á að þrífa, helltu svo hvítu ediki yfir og láttu freyða og liggja á svæðinu í fjórar til fimm mínútur. Strjúktu svo yfir með góðum svampi. Hægt er að blanda nokkrum dropum af ilmkjarnaolíum eins og tea tree, lavender, eucalyptus, sítrónugrasi og rósmaríni út í vatn í úðabrúsa. Olíurnar eru bæði bakteríudrepandi og gefa góðan ilm.




Flokkun er
til fyrirmyndar
2.250,-
VARIERA flokkunarruslafata
Endurunnið plast. 20l
B24×L31,3, H32,3cm. Svart
VARIERA flokkunar-
ruslafata 1.450,-
Endurunnið plast. 3l
B10,3×L23,5, H15,3cm
Svart
750,-
VARIERA lok á
flokkunarruslafötu
Endurunnið plast
B19,5×L22,5cm. Svart
1.950,-
VARIERA flokkunarruslafata
Endurunnið plast. 12l. B21×L23,5,
H32,3cm. Svart
VARIERA flokkunarruslafata
með loftgötum 1.950,-
Endurunnið plast. 12l. B21×L23,5,
H32,3cm. Svart
© Inter IKEA Systems B.V. 2014
IKEA®
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is

# Brotna niður í náttúrunni

Ecover eru umhverfisvænar hreinlætisvörur sem framleiddar eru í Belgíu. Einkunnarorð Ecover eru „heilbrigði fyrir heimilið“, en vörurnar eru framleiddar úr jurtum og brotna fullkomlega niður í umhverfinu. Ecover-vörurnar fást í Heilsuhúsinu

Heilsuhúsið
1979

Ecover-vörunum fylgir ferskur og náttúrulegur ilmur við notkun en þær eru framleiddar úr jurtum eins og Aloe Vera og Lavender. Kókosolía er einnig í Ecover-vörunum og appelsínubörkur svo eitthvað sé nefnt. Við heimsóttum verksmiðjuna árið 2009, áður en við hófum innflutning á vörunum,“ útskýrir Hafdís Guðmundsdóttir, markaðsstjóri Heilsu.

Ecover-hreinlætislínan inniheldur öll helstu hreinsiefni fyrir heimilið svo sem salernishreinsi, gólfhreinsilög, alhliða hreinsiúða, glugga- og glerúða, uppþvottalög og tauþvottaefni og fleira.

Vörurnar eru áhrifaríkar og virka en fara um leið mjúkum höndum um umhverfið.

„Uppþvottalögurinn frá Ecover þurrkar ekki húðina á höndunum og er mjög áhrifaríkur í uppvaskið með náttúrulegum ilmi.

Ecover er einnig með uppþvottavélatöflur og til þess að vera enn umhverfisvænni þá mælum við með að nota einungis hálfa töflu í almennar heimilisuppþvottavélar, það er alveg nóg,“ segir Hafdís.

„Þvottaefnið og meira að segja bleikiefnið, til að halda hvíta þvottinum hvítum, er einnig unnið úr jurtagrunni og brotnar niður í náttúrunni. Það nýjasta frá framleiðandanum eru umhverfisvænar umbúðir um vörurnar, sem unnar eru úr sykurreyr. Engin steinolíu-plastefni koma þar nálægt. Umbúðirnar kalla þeir „Plantastic“.



Hafdís Guðmundsdóttir, markaðsstjóri Heilsu, segir Ecover-hreinlætisvörurnar hafa reynst vel. MYND/DANÍEL

> **Ecover-vörunum fylgir ferskur og náttúrulegur ilmur við notkun.**

Hafdís segir vörurnar hafa reynst vel hér á landi og ánægðir viðskiptavinir komi aftur og aftur.

„Þeir sem byrja að nota þessar vörur og eru meðvitaðir um umhverfið snúa ekki aftur í annað.“

Fáðu allar nánari upplýsingar um kosti þess að skipta um hreinlætisvörur og byrja að nota Ecover í næsta Heilsuhúsi; Kringlunni, Laugavegi, Lágmúla, Smáratorgi, Akureyri, Keflavík og Selfossi.




Fáðu allar nánari upplýsingar um kosti þess að skipta um hreinlætisvörur og byrja að nota Ecover í næsta Heilsuhúsi; Kringlunni, Laugavegi, Lágmúla, Smáratorgi, Akureyri, Keflavík og Selfossi.




# Græn ráð fyrir innkaup og eldhús

Auðveldlega má temja sér grænni lífsstíl innan veggja heimilisins. Fjölnota innkaupapokar eru fljótir að borga sig og endurvinna má flestallar umbúðir.

**Kauptu innlenda framleiðslu**

Veldu grænmeti og aðrar vörur sem framleiddar eru hér á landi, frekar en innflutt. Grænmetið er ferskara, þú styður innlenda framleiðslu og innkaup þín stuðla að minni mengun þar sem vörurnar hafa ekki verið fluttar um langan veg.

**V.M.E.I. – „vertu með eigin innkaupapoka“**

Slepptu því að kaupa plastpoka og notaðu þinn eigin fjölnota innkaupapoka þegar þú kaupir inn.

**Ekki kaupa vatn í verslunum**

Kauptu þér góðan vatnsbrúsa og hafðu hann með þér til daglegrar vatnsdrykkju. Það má fylla á hann nánast hvar sem er.



**Flokkaðu sorp**

Hægt er að fara með ýmsar plastumbúðir, pappakassa, pitsukassa, pappír, ljósaperur og margt fleira í endurvinnslu. Inni á vefnum www.sorpa.is má sjá alla endurvinnsluflokkana.

**Dragðu úr sorpmagni**

Kauptu stórar pakkningar eða leitaðu eftir vörum í pakkningum sem má endurvinna. Notaðu tauservíettur eða kauptu eldhúsrúllur og servíettur sem eru umhverfismerktar eða úr endurnýttum pappír.

**Notaðu fjöltengi**

Notaðu fjöltengi fyrir kaffivélina, hraðsuðuketilinn og brauðristina. Auðvelt er kveikja á því þegar nota á eitthvert þessara tækja og slökkva svo eftir notkun. Þá draga tækin ekki rafmagn til sín þegar þau eru ekki í notkun.

**Kældu það**

Fylltu upp í laust pláss í ísskápnum eða frystinum með krumpuðum dagblaðapappír eða fullum vatnsflöskum – það bætir kælinguna og sparar rafmagn og peninga.

**Temdu þér grænni vinnuaðferðir**

Hreinsaðu járnpönnur með salti, ekki láta vatnið renna meðan þú þværð eða skolar af leirtaui og settu uppþvottavélina ekki í gang nema hún sé full. Eigðu alltaf bestu náttúrulegu hreinsiefnin í eldhússkápnum: matarsóda, sítrónusafa, edik og sódavatn.


Fegurðin
kemur
að innan
BLUE LAGOON
ICELAND

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



Suzuki Grand Vitara Lux 12/2010 ek.34þús. Sjálfskiptur. Leðuráklæði. Skipti möguleg á ódýrari. Ásett verð 4.090.000.- Rnr.151009



Honda Insight 1.4 Hybrid 6/2011 ek.6þús. Sjálfskiptur. Eyðsla um 4.4L. Skipti möguleg. Ásett verð 3.790.000.- Rnr.285070



MMC Pajero Dakar 3.2 Diesel 10/2005 ek.104þús. Sjálfskiptur. Upphækkaður. Nýlegt í bremsum. Nýleg Dekk. Smurbók frá upphafi. Ásett verð 3.490.000.- Rnr.160074



Isuzu D-Max Diesel 4/2007 ek.148þús. Beinskiptur. Ný upptekin vél. 32" breyting. Ásett verð 2.290.000.- Rnr.286543



Mazda 626 Wagon 4/1998 ek.163þús. Sjálfskiptur. TILBOÐSVERÐ 390.000.- Rnr.286529

www.bilarydvorn.is
S. 587 1390

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

Stofnað 1974
Bílamarkaðurinn



VW Tiguan sport style. Árgerð 2010, ekinn 31 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. dráttarkrókur,ofl. Verð 4.290.000. Rnr.223206.BÍLAMARKAÐURINN 5671800



KIA RIO TDI 5/ 2013, ekinn 24 Þ.KM, dísel, 6 gírar.skoðar skipti Verð 2.590.000. Rnr.230978. BILAMARKAÐURINN 5671800



CAN-AM Atv 800 Outlander LTD. Árgerð 2011, ekinn 2 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.27" big horn,skoðar skipti Verð 2.590.000. Rnr.221681. BÍLAMARKAÐURINN 5671800

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

bilaborg.is
Sími 517-1111



YAMAHA JET 1800 bátur árgerð 2003, ný uppgerðið báðir mótorar, 310hö, kerra fylgir. Bein sala, skipti ódýrari YAMAHA Jet 1800. Árgerð 2003, ekinn -1 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.133798.



RENAULT Master minibus 18 manna. Árgerð 6/ 2006, ekinn 100 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.900.000. Rnr.125269. Er á staðnum. Gott eintak

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

hjól.is
bestir í hjólum...

NÚ ER TÍMINN !!
Besti sölutíminn framundan, mikil sala, vantar allar gerðir af hjólum á skrá og staðinn !!



**EINSTAKT HJÓL!!!**
Honda CBR 1000 RR FIREBLADE REPSOL árg 2005 ek 10 þús eins og nýtt Tilboðsverð 980 þús Möguleiki á 100% Visaláni,Rnr 124801 gsm 8998471

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**

NETBÍLAR
www.netbilar.is



BMW X5 xdrive30d 3.0d e70 30d. Árgerð 2012, ekinn 30 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur,M- Sport Pakki.Eins og nýr, Verð 11.900.000. Rnr.100045.Allar nánari upplýsingar í síma 588 5300

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



HYUNDAI Terracan glx. Árgerð 2004, ekinn 172 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.490.000. Rnr.990510.



CHEVROLET Cruze. Árgerð 2013, ekinn 14 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.790.000. Rnr.210264.



KIA Ceed lx 1.4 bensín beinsk.. Árgerð 2010, ekinn 98 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.680.000. Rnr.990573.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

KTM ÍSLAND



KTM 1190 Adventure 2014, 150 hp. 212 kg. 6 gíra, EFI, ABS bremsur. Afgreiðslutími 3-4 vikur. Verð: 2.990.000,-

**KTM Ísland ehf.**
**Rofabæ 7, 110 Reykjavík**
**Sími: 586-2800**
**www.ktm.is**

bíll.is
bestir í bílum...



**SUMAR BÍLINN**
VOLVO Amazon. Árgerð 1966 péttur og fínn bíll b23 mótor Besta Verð 590.000.Visalán í boði Rnr.137046. sími 6952015

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



PORSCHE Cayenne UMBOÐSBÍLL 2004, ek 95 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur Ný kominn úr 100þ kr skoðun fra Benna og kominn ný tímakeðja Reikningar fyrir öllu til. Verð 2.990Þ Rnr.126841.



M.BENZ C240 Árgerð 2005, ekinn 126 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.EINN MED ÖLLU Verð 1.850Þ Rnr.126650. Óskum eftir bílum á planið og á skrá Mikil sala.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Vantar allar gerðir bíla og annara tækja á skrá og staðinn**
**www.hofdabilar.is**

## Bílar til sölu



Subaru Impreza Gl4WD árg'99, sk.14. Ek. 175 þ.km. Sjálfsk. Nýjir bremsudiskar og nýleg tímareim. Sumar-/vetrardekk. verð 200 þús. s.698 5557/587 5695.



Toyota Land Cruiser 120 GX, Árg ,07, ek. 76.000 Þ.KM, diesel, sjálfskiptur, 7 manna. Ný ástandsskoðaður án athugasemda. Bíll í toppstandi. Verð: 4.890.000 S: 894-3750

Seldur.is

**VIÐ STAÐGREIÐUM BÍLINN !**
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílunum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð þér að kostnaðarlausu.




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus. is - S.5522000

Renault megane 2000 árg. ný tímareim og ný skoðaður. Kostar 235 þús. Uppl í síma 6973297

## 250-499 þús.



**SJÁLFSKIPTUR TOPPLÚGA - VISA**
NISSAN ALMERA COMFORTLINE 2003 ek.133 þús, sjálfskiptur, ný skoðaður 15, topplúga ofl.mjög snytilegur og góður bíll! ásett verð 720 þús TILBOÐ 590 ÞÚS möguleiki á 100% visaláni s.841 8955



**SPARIBAUKUR Á 280 ÞÚS!**
PEUGEOT 206 árg 2001 ek.161 þús 3ja dyra, beinskiptur, vetrardekk, í góðu standi ásett verð 450 þús TILBOÐ 280 þús möguleiki á 100% visalani s.841 8955

## 500-999 þús.



**TILBOÐSVERÐ 690ÞÚS STG**
Nissan X-Trail Elegance 2.0 árg ,02. ek. 151þús km. Tímakeðja. ný heilsársdekk. leðursæti. glertopplúga. ssk, smurbók. dráttarkr. ásett 970þús. Tilboðsverð aðeins 690þús stgr ! möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



**SJÁLFSKIPTUR OG EYÐSLUGRANNUR**
Honda Jazz 1.3 árg ,05 ek. aðeins 136þús km. ssk. ný sko. mjög eyðslugrannur. 5d, ásett verð 890þús. Tilboðsverð aðeins 690þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



**EKINN AÐEINS 85ÞÚS KM**
Peugeot 307 árg ,03 ek. aðeins 85þús km. ný tímareim. bsk, ný skoðaður. ný yfirfarinn á verkstæði. Toppbíll sem að eyðir mjög litlu. ásett verð 790þús. Tilboðsverð aðeins 590þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



**SJÁLFSKIPTUR-GOTT EINTAK!**
NISSAN PRIMERA ACENTA 2004 ek.151 þús, sjálfskiptur, ný skoðaður 15, bakkmyndavél, magazine, ofl. mjög góður akstursbíll, ásett verð 950 þús TILBOÐ 750 ÞÚS möguleiki á 100% visaláni s.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000
NS
NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hjólhýsi



**HJÓLHÝSI ADORA 472 LU ÁRGERÐ 2012.**
Sem nýtt, aðeins notað í 4 stuttar ferðir. Vel útbúið og þar að auki fylgir aukabúnaður fyrir um 1,2 mkr, þ.m.t.: Keyrslumótor m/fjarst., markísa með 3 hliðum, stór sólarsella, TV og loftnet, Útvarp CD, 2 gaskútar o.fl. Tilboðsverð 3.9 mkr Uppl. í síma 771-2024

## Fellihýsi



## Bátar



**STRANDVEIÐIBÁTUR TIL SÖLU.**
**TILBOÐ ÓSKAST.**
DNG rúllur Viking 700 - dekkaður. Nonni KE 151 / 7196 Yanmar 75 hp 24 V kerfi, lagt fyrir 3 vindum. VHF, radar, dýptarmælir, sjálfstýring, STK. Verð 7.9 millj. Ýmis Skipti koma til greina. Tilboð óskast . Uppl síma 696-1001



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Bílaþjónusta




Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsópun - skilti www.verktak.is S: 5514000




## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

**EIGUM VARAHLUTI Í PESSA. KAUPUM BÍLA Í NIÐURRIF.**
Nissan, Ford, Skoda, Subaru, Toyota, Mitsubishi. Hyundai Accent-Trajet, Dodge Caravan, Peugeot. Kia Sportage-Volvo S70, Mazda 323, Opel Astra. Bílar&Partar 421-7979 bilarogpartar.is

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315

**VANTAR ÞIG PÍPARA ?**
Getum bætt við okkur verkefnum, viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. Tilboð/tímavinna. Uppl. í s. 869 4808 Heimslagnir ehf.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Garðyrkja










**GARÐVINNA - TRJÁKLIPPINGAR OG GRISJUN**
Karl G. skrúðgarðyrkjumeistari s. 571-7773 / 899-7773

**GARÐA UMSJÓN**
Get bætt við mig verkefnum í trjáklippingum. S. 698 1215 Halldór garðyrkjum.

**ÓÝRAR GARÐÞJÓNUSTA**
Fáðu verðtilboð í garðklippingar eða garðsláttinn fyrir sumarið. Engi ehf Sími: 615-1605.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**SKATTFRAMTAL 2014**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 fob@fob.is

## Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Frítt verðtilboð. Alhliða málningarþjónusta. Bókanir hafnar fyrir sumarið. S. 778 0100.

**MÁLARAMEISTARI**
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

## Búslóðaflutningar

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald







**LEKUR ÞAKIÐ ?**
Þakpappalagnir / Þakviðgerðir. Á steypt og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Hin vinsæla skrúbbmeðferð hefur verið betrumbætt og er að gefa sérlegan góðan árangur fyrir psoriasis exem. Klassískt vöðvanudd, bak og herðar. Verið velkomin í notarlegt umhverfi. Nuddstofan Jera s. 659-9277.

## Spádómar




**SPÁSÍMI 908-6116**
Ástir, fjármál & heilsa.

Spái í Tarot og bolla tek heim og í gegnum síma. Ein af þeim bestu. Trúnaður. Kristín s. 8979002

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun




**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímaviðgerðir, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Viðgerðir




**HEIMILISTÆKI-VIÐGERÐIR**
Gerum við öll merki, komum á staðinn, skoðunargjald 4900,-kr S. 845 5976.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst ¼ úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.




## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA.**
**SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun



**WE-VIBE II, III OG IV**
Unaðstæki ársins fyrir þör mörg ár í röð. Viamax fullnægingarkremið sem virkar o.fl. 50 Shades of Grey vörurnar og allt það vinsælasta í dag. Millifærsla, greiðslukort og netgíró. Sendum um allt land www.hush.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.
**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

Einbýli í Vogum 220 m2. 5 svefnherb., 2 baðherb. Leiga v. 195.000 kr. Hlynur s. 6607609

## Húsnæði óskast

Vantar strax 2. herb. íbúð með geymslu. Uppl. í S: 5514421/6634421

## til sölu



## Atvinnuhúsnæði

**HAFNARFJÖRÐUR**
65 m2 snyrtilegt rými á fyrstu hæð, með sérinngangi. Hentar fyrir t.d. heildverslun eða snyrtilegt verkstæði. Nánar á leiga.webs.com Sími 898 7820

Ca 100fm Verslunar/lager húsnæði óskast miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu til amk 1-2 ára. s 699-7113

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**VEITINGAHÚS**
Veitingastaðurinn Buddha Restaurant á laugavegi 3 óskar eftir sushi framreiðslumenn eða aðstoðarmenn til starfa í eldhúsi, æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu í sushigerð og annari eldamennsku.
**Uppl. eru veittar í S. 571-5522, Bt:Torfa S. 663-6652 eða tölvupóstfang buddhacafe3@gmail.com**

**MALBIKSVIÐGERÐIR EHF.**

Óskar eftir mjög öflugum starfsmanni í vinnu. Mikil vinna í boði fyrir réttan aðila! Meirapróf er æskilegt.

**Frekari upplýsingar og umsóknir á thorvardur@gsg.is**

**Sölufólk óskast!**
Hin árlega álfasala SÁÁ fer fram dagana 7 - 11. maí. SÁÁ auglýsir eftir sölufólki. Góð sölulaun eru í boði fyrir bæði einstaklinga og félagasamtök. Áhugasamir hafið samband við Hilmar í síma 824-7646 eða senda póst á hilmar@saa.is eða thorkell@saa.is

SÓLAR

**SÓLAR EHF**
Óskum eftir hressu fólki í ræstingarvinnu, hlutastarf. Nánari uppl á skrifstofu Sólar Kleppsmýrarveg 8, 104 R milli 10-16. We are looking for people for cleaning jobs, part time. More info at Sólar office Kleppsmýrarveg 8, 104 R between 10-16. Must speak icelandic or english.

FISK KAUP HF.

**LYFTARAMAÐUR Í FISKVINNSLU**
Fiskkaup hf. óskar eftir að ráða vanan lyftaramann í fiskmóttöku. Æskilegt er að umsækjandi hafi réttindi sem löggildur vigtarmaður. Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á baldvin@fiskkaup.is

Vantar bæði fólk í vinnu strax og fyrir sumarið. Leitum að mjög duglegu og drífandi fólki með bílpróf og til í mikla vinnu í sumar. Umsækjendur sendi tölvupóst á hreinirgardar@gmail.com

**VEITINGAHÚSIÐ LAUGA-ÁS**
Leitar eftir aðstoðarmanni í eldhús 20 ára og eldri í 100% starf í vaktavinnu. Þarf að geta unnið undir álagi, geta tekið fyrirmælum og vera skipulagður og reglusamur. Íslensku kunnátta skilirði og miðað er við að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknir og meðmæli berist á netfangið johann@laugaas.is.

Heildsala miðsv.í Reykjavík óskar eftir starfsfólki til frambúðar. Umsóknir sendist til thjonusta@365.is merkt „heildsala"

Starfsfólk óskast í fullt / hlutastarf á 10 Dropa kaffihús, helst með reynslu. Áhugasamir sendið umsókn á fanneyd@gmail.com f. 14. apríl.

## atvinna

**SMIÐIR**
**VERKAMENN**
**MÚRARAR**
ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF
**S. 777 2 333**

## fasteignir

**HRAUNHAMAR**
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**Gullsmári 11 íbúð 903 – Kópavogur – Eldri borgarar**
**Opið hús í dag milli kl. 17 og 17.30**




Sérlega falleg 76 fm 3ja herbergja íbúð á 9.hæð í þessu vinsæla fjölbýli eldri borgara auk 30 fm. endabílskúr. Vandaðar innréttingar. Parket á gólfum. Yfirbyggðar svalir. Glæsilegt útsýni til suðurs og vesturs. Innangengt úr húsinu í þjónustumiðstöð aldraða. **Verð 34,8 millj.** Hilmar Bryde sölumaður verður á staðnum. Verið velkomin.
**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

Ungleg og heit kona býður unaðsþjónustu. Rauða Torgið, 9005-2000 og 535-9920, augl.nr. 8130

Ung kona vill kynnast eldri manni. Tilbreyting. Rauða Torgið, 9005-2000 og 535-9920, augl.nr. 8615.

Ung kona vill gera skemmtilega hluti með karlmanni. Rauða Torgið, 9005-2000 og 535-9920, augl.nr. 8724.

Sjálf drottningin vill nudda þig. Rauða Torgið, 9005-2000 og 535-9920, augl. nr. 8549

## til leigu

**GLÆSILEGT ATVINNUHÚSNÆÐI Á AKUREYRI TIL LEIGU**
STRANDGATA 3

258 m2 húsnæði til leigu á besta stað í miðbæ Akureyrar, við Ráðhústorgið.Inngangar og útstillingagluggar bæði að austan og vestan. Mjög sýnilegt öllum sem fara um miðbæ Akureyrar. Húsnæðið er innréttað sem fataverslun , en áður hefur verið rekin veitingarstaður í eigninni. Stór og sólrík verönd framan við húsnæðið gefur mikla möguleika, og næg bílastæði eru í grennd.




Upplýsingar gefur Aðalsteinn Árnason í síma 666 1077 eða á **vgj@nett.is**

## tilkynningar

**Thorsil ehf.**

**Kísilmálmverksmiðja í Helguvík í Reykjanesbæ**
**Ársframleiðsla allt að 110.000 tonn**
**Drög að tillögu að matsáætlun**

Thorsil ehf. kynnir áform um að byggja kísilmálmverksmiðju í Helguvík í Reykjanesbæ. Gert er ráð fyrir að ársframleiðsla verksmiðjunnar verði allt að 110.000 tonn af kísilmálmi (metallurgical grade silicon). Áætluð aflþörf verksmiðjunnar er um 170 MW. Áformað er að reisa verksmiðjuna á 15 hektara lóð á iðnaðarsvæði í Helguvík.

Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt 1. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum. Matsvinnan er hafin og eru drög að tillögu að matsáætlun til kynningar á heimasíðu Mannvits verkfræðistofu, www.mannvit.is.

Almenningi gefst kostur á að kynna sér þessi drög á framangreindri vefsíðu og setja fram athugasemdir í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar fram til föstudagsins 2. maí 2014. Hægt er að senda athugasemdir bréfleiðis á neðangreint póstfang eða með tölvupósti á netfangið axel@mannvit.is.

**Frestur til að gera athugasemdir er til 2. maí 2014.**

***Mannvit verkfræðistofa***
***Axel Valur Birgisson***
***Grensásvegur 1***
***108 Reykjavík***

## tilkynningar

**Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu**

**Opið hús:**
**Kynning á tillögu að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins**

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) verða með kynningu á tillögu að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-2040, fimmtudaginn 10. apríl frá klukkan 13:00-14:30 og 16:00-17:30, Hamraborg 9, 200 Kópavogi.

Svæðisskipulagið, Höfuðborgarsvæðið 2040, verður sameiginleg áætlun sveitarfélaganna um skipulagsmál og vöxt svæðisins næstu áratugi. Ýmis nýmæli og breytingar eru að finna í tillögunni og ber þar helst að nefna vaxtamörk um þéttbýli höfuðborgarsvæðisins, samgöngu- og þróunarás sem tengir svæðið saman og áhersla á að beina framtíðarvexti á vel tengda miðkjarna og þróunarsvæði.

Áhugasamir eru hvattir til að sækja fundinn og kynna sér tillöguna. Tillagan ásamt fylgigögnum eru einnig aðgengileg á heimasíðu verkefnisins http://www.ssh.is/svaedisskipulag/2040. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skrifstofu SSH Hamraborg 9, 200 Kópavogi eða á netfangið ssh@ssh.is til og með 20. apríl 2014. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Fossaleynir 1, Egilshöll**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 1 við Fossaleyni, Egilshöll. Í breytingunni felst m.a. að gera nýjan byggingarreit fyrir ný íþróttahús þ.e. fimleika- og handboltahús, hækka byggingarmagn og fækka bílastæðum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Lautarvegur 2-16**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi neðan Sléttuvegar vegna lóðanna nr. 2-16 við Lautarveg. Í breytingunni felst heimild til að fjölga íbúðum úr tveimur í þrjár í öllum húseiningum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Þórunnartún 4**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi reits 1.220.0 vegna lóðarinnar nr. 4 við Þórunnartún. Í breytingunni felst m.a. aukning á byggingarmagni, að heimilt verði að byggja fimmtu hæð ofan á núverandi byggingu meðfram Þórunnartúni og fjögurra hæða „kálf" til vesturs fyrir miðri byggingu.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Lambhagavegur 23**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Lambhagalands vegna lóðarinnar nr. 23 við Lambhagaveg. Í breytingunni felst stækkun lóðar til austurs, færsla á byggingarlínum og færsla á eystri aðkomu.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 9. apríl 2014 til og með 21. maí 2014**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 21. maí 2014. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**.

Reykjavík 9. apríl 2014
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

í „óhefðbundnar aðgerðir“ til að ýta upp verðlagi. Slíkar aðgerðir gætu verið kaup á skuldabréfum eða aðrar eignir en bæði Seðlabanki Bandaríkjanna og Japan hafa gert slíkt til að örva sín hagkerfi.

Orð Lagarde vöktu ekki góð viðbrögð hjá bankastjóra Seðlabanka Evrópu, Mario Draghi, sem svaraði henni meinfýsilega og sagði að AGS hefði verið mjög örlátur á tillögur um hvað bankinn ætti eða ætti ekki að gera og bætti við að hann væri ósammála.

Þrátt fyrir þetta er gert ráð fyrir að AGS muni ítreka skilaboð sín til bankans um að vera sókndjarfur.

### ÁHYGGJUR AF VERÐBÓLGU

Verðbólga í evrulöndunum átján féll niður í 0,5 prósent í síðasta mánuði. Þrátt fyrir að neytendur kunni að meta lágt verð getur of lág verðbólga hamlað vexti. Fólk og fyrirtæki fresta kaupum vitandi að verðið verði hagstæðara í næsta mánuði. Þannig verði erfiðara að greiða skuldir og þetta er mjög erfitt vandamál í Evrópu þar sem mörg ríki berjast við miklar skuldir.

Mjög lág verðbólga veldur einnig hættu á verðhjöðnun, sem lækkar laun og verð og gæti valdið efnahagslægð.

Á fundunum um helgina munu þróunarlöndin líklegast ýta á eftir frekara samstarfi milli seðlabankanna um peningastefnu. Mörg þeirra segjast hafa skaðast vegna takmarkaðri aðgerða frá bandaríska seðlabankanum á þessu ári. Bankinn hefur dregið úr skuldabréfakaupum sínum sem var ætlað að halda þarlendum vöxtum lágum og hvetja til frekari eyðslu.

En útlit fyrir hærri vexti í Bandaríkjunum hefur orðið þess valdandi að fjárfestar draga fjármuni frá þróunarlöndunum og endurfjárfesta í Bandaríkjunum til að ná betri árangri. Slíkur flótti hefur valdið því að gjaldmiðlar í Tyrklandi, Suður-Afríku og annars staðar hafa hrunið í verði.

Eswar Prasad, fyrrverandi starfsmaður AGS, sagði að mörg ríki í Asíu myndu líklegast hafa sömu áhyggjur af japanska og kínverska seðlabankanum.

Talið er að meira samstarf milli seðlabanka heimsins geti tekið á einhverjum af þessum áhyggjum.

Bandaríkin gætu einnig orðið fyrir gagnrýni þar sem bandaríska þingið hefur neitað að samþykkja breytingar á AGS sem gerði þróunarlöndunum kleift að hafa meiri áhrif.

### LÍTIÐ MINNST Á ÍSLAND

Sjóðurinn birtir lítið af upplýsingum um minni lönd í spá sinni. Spá á efnahagshorfum á Íslandi er aðeins að finna í einni töflu, þar sem fram kemur að AGS gerir ráð fyrir að hagvöxtur hérlendis fari úr 2,9 prósentum á árinu 2013 í 3,1 prósent á árinu 2015 samkvæmt nýrri hagspá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þá fari atvinnuleysi úr 4,4 prósentum í 3,7 prósent á sama tíma.

Á sama stað er spáð 1,5 prósenta hagvexti á næsta ári í Danmörku, en hann fari í 1,7 árið þar á eftir. Í Noregi verður hann 1,8 prósent árið 2013 og 1,9 prósent á árinu 2015. Atvinnuleysi í Noregi stendur í stað í ár sem og næstu tvö ár og verður 3,5 prósent. Í Danmörku er spáð sjö prósenta atvinnuleysi í ár en það fari niður í 6,8 prósent á næsta ári og 6,7 prósent á árinu 2015. Í Svíþjóð verði hagvöxtur 1,5 prósent í ár, aukist á næsta ári í 2,8 prósent en á sama ári verði atvinnuleysi þar átta prósent.

### HAGVÖXTUR Í LÖNDUM EVRÓPU SAMKVÆMT SPÁ AGS

| | 2012 | 2013 | 2014 | | 2012 | 2013 | 2014 | | 2012 | 2013 | 2014 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Evrópa | 0,5% | 1,7% | 1,9% | Slóvakía | 0,9% | 2,3% | 3,0% | Danmörk | 0,4% | 1,5% | 1,7% |
| Þýskaland | -0,5% | 1,2% | 1,5% | Slóvenía | -1,1% | 0,3% | 0,9% | Ísland | 2,9% | 2,7% | 3,1% |
| Frakkland | 0,3% | 1,0% | 1,5% | Lúxemborg | 2,0% | 2,1% | 1,9% | San Marínó | -3,2% | 0,0% | 2,2% |
| Ítalía | -1,9% | 0,6% | 1,1% | Lettland | 4,1% | 3,8% | 4,4% | Tyrkland | 4,3% | 2,3% | 3,1% |
| Spánn | -1,2% | 0,9% | 1,0% | Eistland | 0,8% | 2,4% | 3,2% | Pólland | 1,6% | 3,1% | 3,3% |
| Holland | -0,8% | 0,8% | 1,6% | Kýpur | -6,0% | -4,8% | 0,9% | Rúmenía | 3,5% | 2,2% | 2,5% |
| Belgía | 0,2% | 1,2% | 1,2% | Malta | 2,4% | 1,8% | 1,8% | Ungverjaland | 1,1% | 2,0% | 1,7% |
| Austurríki | 0,4% | 1,7% | 1,7% | Bretland | 1,8% | 2,9% | 2,5% | Búlgaría | 0,9% | 1,6% | 2,5% |
| Grikkland | -3,9% | 0,6% | 2,9% | Svíþjóð | 1,5% | 2,8% | 2,6% | Serbía | 2,5% | 1,0% | 1,5% |
| Portúgal | -1,4% | 1,2% | 1,5% | Sviss | 2,0% | 2,1% | 2,2% | Króatía | -0,1% | -0,6% | 0,4% |
| Finnland | -1,4% | 0,3% | 1,1% | Tékkland | -0,9% | 1,9% | 2,0% | Litháen | 3,3% | 3,3% | 3,5% |
| Írland | -0,3% | 1,7% | 2,5% | Noregur | 0,8% | 1,8% | 1,9% | | | | |




BJARNI MÁR MAGNÚSSON -

# Ýtrasta krafan er sjálfstætt fiskveiðistjórnunarsvæði

Sjávarútvegur er grunnatvinnuvegur á Íslandi en bein hlutdeild atvinnugreinarinnar er 11 prósent af vergri landsframleiðslu Íslands. Ef klasar í kringum sjávarútveg eru teknir með hækkar þetta hlutfall í 25 prósent. Það er því ljóst að mjög margir aðrir hagsmunir en þeir sem tengjast sjávarútvegi fölna í samanburði þegar rætt er um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Ljóst er af framansögðu að ef viðræðum við ESB verður haldið áfram þá munu ákvæði aðildarsamnings um sjávarútveg skipta miklu máli. Úttekt Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands um viðræður Íslands við ESB kom út á mánudag en í úttektinni er sérstakur kafli um sjávarútveg. Bjarni Már Magnússon, lektor við lagadeild HR, er höfundur kaflans en hann er gestur í nýjasta þætti Klinksins.



› klinkið
**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@365.is



Viðtalið við Bjarna Má Magnússon er hægt að sjá í þættinum **Klinkinu á www.visir.is.**

**Af hverju ætti Evrópusambandið ekki að samþykkja ýtrustu kröfur Íslands um eigið fiskveiðistjórnunarsvæði?** „Það væru rök um að skapa ekki fordæmi fyrir aðildarviðræður í framtíðinni. Það er ekki mikil hrifning gagnvart því að gera undanþágur frá meginreglum sambandsins, en þeir eru hrifnir af því að ramma inn alls kyns hagsmuni sem hluta af regluverki sambandsins, þannig að slíkt líti út fyrir að brjóta ekki í bága við gildandi regluverk ESB, og það er talsvert svigrúm til að gera það.“

**Getur Ísland fengið varanlega undanþágu frá sameiginlegri fiskveiðistefnu Evrópusambandsins (e. Common Fisheries Policy)?** „Það er hægt að fá undanþágur í aðildarsamningum við Evrópusambandið. Það er fræðilegur möguleiki. Hvort það sé pólitískt raunhæft er önnur spurning. Það má segja að slíkar vangaveltur, það er erfitt að segja til um hvort þær séu raunhæfar, því aðildarviðræðurnar um sjávarútveg hófust aldrei. Það þarf í raun að klára viðræðurnar svo það sé ljóst.“

**Hvernig metur þú samningsmarkmið Íslands um sjálfstætt fiskveiðistjórnunarsvæði?** „Lykilröksemdafærsla Íslands fyrir því að fá sjálfstætt fiskveiðistjórnunarsvæði snýr að því að sjávarútvegsstefna ESB grundvallast á því að aðildarríkin eiga landamæri að hvert öðru og veiða úr sömu stofnum. Ísland á augljóslega ekki landamæri að öðrum aðildarríkjum ESB og veiðir úr stofnum sem eru fyrst og fremst staðbundnir í íslenskri lögsögu. Aðstaðan er önnur. Önnur röksemdafærsla er að vísa í meginregluna um hlutfallslegan stöðugleika um að Ísland fengi hvort sem er allar aflaheimildir í íslenskri fiskveiðilögsögu, með örfáum undantekningum sem skipta engu máli í stóra samhenginu, þannig að staðan væri sú að Ísland fengi allar aflaheimildirnar. Það væri ekki svo að erlend skip myndu flykkjast hingað í lögsöguna ef Ísland gengi í sambandið.“

**Ef Ísland fengi ákvæði um sjálfstætt fiskveiðistjórnunarsvæði í aðildarsamning, væri ekki ómögulegt að raska þeirri breytingu eftir að Ísland gengi inn í sambandið því öll ríkin 29, með aðild Íslands, þyrftu að samþykkja það og Ísland gæti alltaf beitt neitunarvaldi?** „Það skiptir þá öllu máli að koma slíku inn í samninginn sjálfan ef það er vilji til að hafa svo miklar varnir. Og það skiptir mjög miklu máli hvað er sett inn í aðildarsamning og hvernig það er orðað. Það er hugsanlegt að það væri sett inn í aðildarsamning að reglan um hlutfallslegan stöðugleika skuli gilda um aflaúthlutanir til Íslands hér eftir eða eitthvað því um líkt sem er algjörlega í samræmi við núverandi stefnu sambandsins en yrði þá einhvers konar trygging fyrir að veiðireynsla væri lykilatriði við úthlutun á afla og þá hefur Ísland einokun (í sinni lögsögu) eftir Þorskastríð. (…) Það virðist vera skilningur fyrir grunnröksemdafærslu Íslendinga að sjávarútvegsstefna ESB sé ekki hönnuð miðað við íslenskar aðstæður.“






Promens birti ársuppgjör:

## Hagnaðurinn aldrei meiri

Rekstur iðnfyrirtækisins Promens skilaði 31,4 milljón evrum, jafnvirði 4,9 milljarða króna, hagnaði í fyrra. Hagnaður fyrirtækisins á einu ári hefur aldrei verið meiri, samkvæmt tilkynningu fyrirtækisins.

Sala Promens á árinu 2013 nam 594,5 milljónum evra, sem er minni sala í evrum talið en árið á undan.

„Sem fyrst og fremst stafar af sterkri stöðu evrunnar, en sé litið fram hjá henni jókst salan um eitt prósent á milli ára,“ segir í tilkynningu Promens. - hg

Breytingar hjá SA:

## Ný stjórn SA kosin



**Björgólfur Jóhannsson**, forstjóri Icelandair Group

Ný stjórn Samtaka atvinnulífsins (SA) hefur verið kosin af fulltrúaráði samtakanna. Formaður stjórnarinnar er Björgólfur Jóhannsson.

Auk hans voru kosin Adolf Guðmundsson, Ari Edwald, Arnar Sigmundsson, Árni Gunnarsson, Eyjólfur Árni Rafnsson, Eysteinn Helgason, Guðrún Hafsteinsdóttir, Gunnar Sverrisson, Höskuldur H. Ólafsson, Jens Pétur Jóhannsson, Kolbeinn Árnason, Margrét Kristmannsdóttir, Margrét Sanders, Ólafur Rögnvaldsson, Rannveig Rist, Sigrún Ragna Ólafsdóttir, Sigsteinn P. Grétarsson, Tryggvi Þór Haraldsson, Þorsteinn Már Baldvinsson og Þórir Garðarsson. - skó




**KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJAN VOLVO S60 MEÐ NÝJU D4 DRIVE-E VÉLINNI FRÁ VOLVO**

**LÁG EYÐSLA OG ÓHEMJU MIKIÐ AFL. GILDI SEM HAFA EKKI SÉST FYRR.**

**KOMDU Í REYNSLUAKSTUR. OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16**

50 ár í bílgreininni

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 I volvo.is

Volvo S60, D4 Drive-E dísil, 181 hö, tog 400 Nm, 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 3,8 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Volvo S60, D4 Drive-E dísil, 181 hö, tog 400 Nm, 8 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,2 l/100 km. $CO_2$ 109 g/km.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Finndu stystu leiðina:



Vandræðalaus viðskipti

Mynta er nútímalegt innheimtukerfi fyrir fyrirtækið þitt. Mynta býður kröfuhöfum upp á fruminnheimtu, milliinnheimtu, löginnheimtu og kröfuvakt. Öll umsjón með þinni innheimtu er á einum stað og allt ferlið er fyrirtækinu þínu að kostnaðarlausu!

**Við viljum að þín viðskipti verði vandræðalaus.**

www.mynta.is
Sími 569 2000

mynta
Innheimtulausn fyrir framsækin fyrirtæki

Það er mikilvægt að sú orka sem búið er að virkja komist til notenda:

# Ekkert nema froða

Fyrir sirka níu árum urðum við félagarnir í vinahópnum okkur úti um bjórkút og gamla bjórdælu. Úr varð ágætis partí. Þegar húsið var farið að fyllast kom í ljós að dælan virkaði ekki sem skyldi. Við áttum nóg af bjór en komum honum ekki á leiðarenda í glær plastglös gestanna. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir fengu þeir nánast ekkert annað en hnausþykka og hvíta froðu.

Þetta froðupartí kom upp í hugann um daginn þegar stjórnendur Landsnets undirstrikuðu á kynningarfundi fyrirtækisins hversu mikilvægt það er að flutningskerfi raforku hér á landi verði eflt. Það er nefnilega þannig að kerfið hefur af ýmsum ástæðum ekki tekið nauðsynlegum breytingum á síðustu árum. Landsnet getur því ekki flutt raforku á milli landshluta með viðunandi hætti og fyrirtæki og íbúar víða um land eru farin að finna fyrir því.



**Markaðshornið**
Haraldur Guðmundsson
haraldurg@frettabladid.is

**Sama hvar við stöndum í virkjunarmálum hljótum við öll að vera sammála um að sú orka sem þegar hefur verið virkjuð, með tilheyrandi áhrifum, þarf að komast til notenda svo úr henni sé hægt að skapa verðmæti.**

Í janúar kynnti Landsvirkjun áform um orkuskerðingu til stórnotenda sökum bágs vatnsbúskapar í lónum fyrirtækisins. Orkuskerðingin hefur nú staðið yfir í rúma tvo og hálfan mánuð og samtals kostað Landsvirkjun, Landsnet, þjóðarbúið og stórnotendur raforku milljarða.

Landsvirkjun þurfti að ráðast í skerðinguna á sama tíma og næg raforka var til á kerfum Landsnets. Á Austurlandi var til orka en það var ekki hægt að koma henni til stórnotenda fyrir sunnan og því þurftu stórkaupendur, hvar sem þeir eru staddir, að þola skerðinguna. Alcoa Fjarðaál á Reyðarfirði mun að öllum líkindum tapa yfir einum milljarði króna þrátt fyrir að vatnsstaðan í Hálslóni, miðlunarlóni Kárahnjúkavirkjunar, hafi verið ágæt. Álframleiðandinn þurfti einnig að draga úr framleiðslu í maí í fyrra þegar tilkynnt var um orkuskerðingu sem aldrei varð af.

Sama hvar við stöndum í virkjunarmálum hljótum við öll að vera sammála um að sú orka sem þegar hefur verið virkjuð, með tilheyrandi áhrifum, þarf að komast til notenda svo úr henni sé hægt að skapa verðmæti. Allt annað er vanvirðing við umhverfið og þá íbúa landsins og aðrar lífverur sem orðið hafa fyrir áhrifum af virkjunarframkvæmdum síðustu áratuga.

Staðreyndin er hins vegar sú að ríkisstjórnin og fyrirrennarar hennar hafa ekki mótað skýra stefnu í þessum málum. Þegar flutningsgetan er eins takmörkuð og raun ber vitni er allt tal ráðamanna og viljayfirlýsingar um frekari uppbyggingu orkufreks iðnaðar hér á landi ekkert annað en hnausþykk og hvít froða.

## Stærsta upplýsingatæknifélag Evrópu á markað í kauphöllinni í Madrid á Spáni




**BJÖLLUNNI HRINGT** Stofnandi upplýsingatæknifélagsins eDream Odigeo, Javier Perez-Tenessa, hringdi bjöllunni í kauphöllinni í Madrid á Spáni í gær þegar fyrirtækið fór á markað. Perez-Tenezza stofnaði einnig hin farsælu félög Go Voyages og Opodo en eDreams er stærsta skráða upplýsingafélag í Evrópu þegar kemur að hagnaði en félagið var í gær metið á 1,1 milljarð evra eða jafngildi rúmlega 170 milljarða íslenskra króna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# SNJALLSJÓNVARP FRÁ Panasonic




Fæst hvítt eða silfurlitað!

39"

42"

## GLÆSILEG HÖNNUN

Tækið er glæsilega hannað með örþunnum ramma utan um skarpan LED skjá.
Vandað, umhverfisvænt og í orkuflokki A+

**Panasonic TXL39E6**

**119.990**

VERÐ ÁÐUR **149.990**

**Panasonic TXL42E6**

**129.990**

VERÐ ÁÐUR **169.990**

**Framúrskarandi myndgæði**
100Hz Backlight Blinking tryggir flöktlausa mynd og Vreal Smart örgjörvinn gerir alla myndvinnslu óaðfinnanlega.

**Viera Connect WiFi snjallsjónvarp**
Með nýjustu Panasonic tækni er boðið upp á allt það besta í samhæfni við net og tölvur. Með „My Home Screen" getur notandinn aðlagað að sínum þörfum hvað birtist á skjánum. Swipe & Share 2.0 gerir svo einfalt að senda myndir og myndbönd frá spjaldtölvum og snjallsímum yfir á tækið og Microsoft Smooth Streaming technology hámarkar gæði efnis sem náð er í gegnum netið.

„It offers excellent picture quality with good upscaling, deep black levels and natural colors, and packages it up in an atrractively slim design" cnet – Editors choice

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

Official 3D Equipment Partner Panasonic

# MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**


**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 112,56 | DKK 20,753 | NOK 18,835 | CHF 127,03 |
| GBP 188,16 | EUR 154,96 | SEK 17,289 | JPY 1,097 |

FTSE 100
**6.590,69 +32,15**
**(0,49%)**

**Viðskiptavefur Vísis**
**@VisirVidskipti**

## BROTTHÆTT

### Fyrsta hagspá SA

Efnahagssvið Samtaka atvinnulífsins kynnir hagspá sína á morgunfundi í dag. Um er að ræða fyrstu spá sviðsins sem er nýtt innan samtakanna. Í henni kemur meðal annars fram að staða efnahagslífsins innan hafta sé brothætt. Raunhætta sé á eignaverðbólgu, að hagkerfið ofhitni og að gjaldeyrisafgangur þjóðarbúsins verði enginn. Tækifærið til losunar hafta geti því verið fljótt að hverfa.

## 1,83%

### Enn hækkar Marel

Veltan með hlutabréf Marel í Kauphöll Íslands í gær var 57 milljónir króna. Gengi bréfanna hækkaði um 1,83 prósent og í fyrradag hækkaði gengið um 2,83 prósent. Hækkunin samtals þessa vikuna er því 4,66 prósent en gengi bréfa Marel hafa þó lækkað talsvert undanfarið og stóð það í 138 krónum í byrjun árs en er nú 111 krónur.

„Ritstjóri Morgunblaðsins er svo vinsamlegur að helga mér heilan leiðara í morgun þar sem hann sýnir mér þann heiður að nefna mig átta sinnum á nafn. Mér þykir vænt um það, en vegna þess að leiðarinn kann að hafa farið fram hjá einhverjum örfáum setti ég hann inn í pistil. Niðurlagið gefur smjörþef af innihaldinu: „En hitt er svo umhugsunarefni, hvort líklegt sé til árangurs, þegar lagt er upp í vegferð, að telja að slíkt óbragð og ódaunn sé af veganestinu sínu að í það megi hvergi glitta og enginn fái að hnusa af því.“



***Benedikt Jóhannesson***
***stærðfræðingur***

## 34 MILLJÓNIR EVRA

### Þriðjungur veltu á einum degi

Krónan stóð næstum óbreytt í mánuðinum, og stóð í 155,3 krónum á evru í lok mánaðarins í samanburði við 155,0 í lok febrúar. Hagfræðideild Landsbankans greinir frá þessu. Um þriðjungur af veltu mánaðarins átti sér stað á einum degi, en fimmtudaginn 27. mars skiptu 34 milljónir evra um hendur. Þetta er fjórða mesta velta á einum degi síðan í byrjun árs 2009. Þar af keypti Seðlabanki Íslands 15 milljónir evra.

## *Hin hliðin*



**HALLDÓRA HREGGVIÐSDÓTTIR,**
FRAMKVÆMDASTJÓRI ALTA

## Nýtum við tækifæri við breytingar?

Viðskiptaumhverfið er sífellt að breytast. Breytingar fela í sér tækifæri fyrir þá sem eru snarir í snúningum. Krafan er vaxandi um að fyrirtæki séu rekin af ábyrgð gagnvart umhverfi og samfélagi og um leið þarf að leita leiða til að spara, ná sambandi við nýja viðskiptavini sem koma inn á markaðinn með nýjar hugmyndir og ný gildi, auk þess að halda í þá sem fyrir eru.

### Skapandi ferli

Þar kemur að samfélagsábyrgð sem tæki til að takast á við raunverulegar breytingar. Ef hún er nýtt markvisst, þá opnar samfélagsábyrgð fyrir nýsköpun og samkeppnisforskot um leið og samfélagsleg vandamál eru leyst. Hún snýst hins vegar ekki um styrkveitingar til góðgerðarmála eða „PR-stönt“ en er markviss og þrautreynd leið til að bæta vinnubrögð og auka sparnað. Skapandi og skemmtilegt ferli.

Samfélagsábyrgð felst í að skilja samhengið og fá yfirsýn svo að fyrirtæki geti tekið ábyrgð á þeim áhrifum sem ákvarðanir og starfsemi þess hafa, með gagnsæjum og siðlegum hætti. Hún er um leið áhættustjórnun þar sem farið er markvisst yfir virðiskeðjuna. Verkfærin sem fylgja greininni og leiðbeina við innleiðingu eru m.a. UN Global Compact og ISO 26000 og svo eru mælitæki til að mæla árangurinn eins og Global Reporting Initiative.

### Klárt samkeppnisforskot

Michael Porter hefur bent á að mesti ávinningur af samfélagsábyrgð náist þegar raunverulegir hagsmunir fyrirtækis og samfélags skarast. Í því sambandi má nefna dæmi sem allir þekkja þegar Toyota brást mjög snemma við áhyggjum almennings af loftslagsbreytingum og koltvísýringsútblæstri frá bílum með því að þróa Priusinn. Þetta hefur ekki bara dregið úr koltvísýringslosun heldur gefið Toyota klárt samkeppnisforskot á keppinauta sína þegar kemur að þróun tvinn-bíla.

### Óplægður akur

Góðum dæmum fjölgar óðfluga en hér á landi er þó enn óplægður akur og líklega erum við um tíu árum á eftir þeim löndum sem við viljum miða okkur við í viðskiptalífinu. Þarna eru því tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki og mikilvægt að fara af stað og finna þá ávexti sem lægst hanga.

Aukin framlegð fyrirtækja er eitt helsta tækifæri íslenska hagkerfisins. Eigum við að halda áfram að vega og meta rekstur okkar í gegnum sömu gömlu gleraugun eða ætlum við að tileinka okkur þekktar, ferskar og framsæknar leiðir nýsköpunar?


Barnaheill
Save the Children á Íslandi



VILTU NÁ FORSKOTI?

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR Í MEISTARANÁM VIÐ HR
hr.is/meistaranam

KOMDU Á KYNNINGARFUND Í HR:

**Meistaranám við tölvunarfræðideild**
Miðvikudaginn 9. apríl
kl. 16:15-17:15
Stofu M101

**Meistaranám við viðskiptadeild**
Fimmtudaginn 10. apríl
kl. 12:00-13:00
Stofu M325

**Meistaranám í verkefnastjórnun (MPM)**
Föstudaginn 11. apríl
kl. 12:15-13:00
Stofu M101

Frekari upplýsingar á hr.is



**Bára Ragnhildardóttir**
Ráðgjafi hjá Motus
Nemi í MPM-námi við HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

# PÁSKATILBOÐ Á

# PHILIPS SENSEO



5 pakkar af dýrindis Cappuccino og 5 pakkar af rjúkandi Hot Choco súkkulaði fylgja með öllum Senseo vélum.
**Verðmæti kaupauka er 6.200kr.**




**Philips HD7810SV**
1450w Senseo kaffivél sem hellir upp á 1 eða 2 bolla í einu. Hver bolli er ferskur og með lag af froðu. Tekur aðeins 30 sek. að laga. Auðvelt að hreinsa.

**VERÐ**
**14.995**
FRÁBÆRT VERÐ



NÝTT

PHILIPS
Senseo®

**KYNNINGARVERÐ**
Ný Senseo kaffivél sem var að lenda!

**TILBOÐ**
**16.995**
FULLT VERÐ 19.995




Heimilistæki ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500



KL. 20:50
**Grey's Anatomy**
Tíunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg.

# Frábært miðvikudagskvöld



KL. 20:05
**Heimsókn**
Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.



KL. 20:25
**Léttir sprettir**
Rikka stýrir skemmtilegum þætti um hreyfingu, mataræði og fleira sem tengist heilsusamlegum lífsstíl.



KL. 21:35
**Rita**
Önnur þáttaröðin um Ritu, kennslukonu á miðjum aldri, sem fer ótroðnar slóðir og er óhrædd við að segja skoðun sína.



BÍÓ STÖÐIN | KL. 22:00
**Savages**
Spennandi kvikmynd með einvala liði leikara á borð við Benicio Del Toro, John Travolta og Blake Lively.



KL. 19:45
**Baby Daddy**
Önnur gamanþáttaröðin um ungan mann sem verður óvænt faðir þegar stúlkubarn er skilið eftir á dyraþrepi hans.



Krakka stöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

Fáðu þér áskrift! 365.IS



## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 2 | 7 | | | 6 | | |
| 4 | | | 3 | | | 7 | 8 | 2 |
| | | | 4 | | | 5 | | |
| | | | | 2 | | 3 | 5 | |
| 9 | 7 | 6 | | 5 | | | | 1 |
| 5 | | | | 4 | 7 | | | |
| 3 | | | | | 9 | 8 | | |
| | 1 | | | | | | 3 | |
| | 9 | 4 | 6 | | | | | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | | | 8 | | | | |
| 3 | 5 | 9 | | 2 | | | | 6 |
| 6 | | 8 | | | | | | 4 |
| 4 | | | 9 | | | | 5 | |
| | | 6 | | 1 | | | 4 | 2 |
| 8 | 3 | | | | | 9 | 1 | |
| 9 | | 7 | | | 3 | | 2 | |
| 2 | 4 | 3 | | | 8 | | | |
| | | | | | 9 | 8 | | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | 8 | | 4 | | |
| | 7 | | | 4 | | | | 2 |
| 8 | 6 | | 1 | | 7 | 9 | | 5 |
| | 5 | | | 3 | 8 | | | |
| 9 | | | | 5 | | 2 | | |
| | | | | | | | 9 | 8 |
| 5 | 1 | 8 | | | | | | |
| 3 | 4 | | | | | 8 | | |
| | | | | | | | 6 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 1 | 3 | 8 | 9 | 2 | 6 | 7 |
| 3 | 9 | 7 | 1 | 6 | 2 | 8 | 5 | 4 |
| 6 | 8 | 2 | 7 | 4 | 5 | 9 | 1 | 3 |
| 4 | 2 | 3 | 9 | 7 | 6 | 1 | 8 | 5 |
| 7 | 1 | 6 | 5 | 2 | 8 | 3 | 4 | 9 |
| 8 | 5 | 9 | 4 | 1 | 3 | 6 | 7 | 2 |
| 9 | 6 | 8 | 2 | 5 | 7 | 4 | 3 | 1 |
| 1 | 3 | 5 | 8 | 9 | 4 | 7 | 2 | 6 |
| 2 | 7 | 4 | 6 | 3 | 1 | 5 | 9 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 3 | 1 | 5 | 8 | 9 | 7 | 2 | 4 |
| 4 | 5 | 7 | 1 | 6 | 2 | 9 | 3 | 8 |
| 8 | 9 | 2 | 7 | 3 | 4 | 1 | 5 | 6 |
| 9 | 6 | 3 | 4 | 1 | 5 | 8 | 7 | 2 |
| 1 | 7 | 5 | 8 | 2 | 3 | 6 | 4 | 9 |
| 2 | 4 | 8 | 6 | 9 | 7 | 3 | 1 | 5 |
| 3 | 8 | 4 | 9 | 5 | 1 | 2 | 6 | 7 |
| 5 | 1 | 6 | 2 | 7 | 8 | 4 | 9 | 3 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 4 | 6 | 5 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 4 | 1 | 6 | 8 | 5 | 2 | 9 |
| 5 | 9 | 8 | 7 | 2 | 3 | 6 | 1 | 4 |
| 6 | 1 | 2 | 4 | 9 | 5 | 3 | 7 | 8 |
| 8 | 2 | 6 | 5 | 1 | 4 | 7 | 9 | 3 |
| 9 | 4 | 3 | 6 | 8 | 7 | 2 | 5 | 1 |
| 1 | 7 | 5 | 9 | 3 | 2 | 8 | 4 | 6 |
| 2 | 5 | 1 | 8 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 3 | 6 | 9 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 | 5 |
| 4 | 8 | 7 | 3 | 5 | 9 | 1 | 6 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** — Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Peningar og velgengni breyta ekki fólki – heldur ýta bara undir það sem er til staðar nú þegar.“**

*Will Smith*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** lútur, **6.** átt, **8.** saur, **9.** farfa, **11.** ónefndur, **12.** hlutdeild, **14.** skot, **16.** í röð, **17.** nögl, **18.** rénun, **20.** org, **21.** einsöngur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** gösla, **3.** strit, **4.** skordýr, **5.** fag, **7.** deilur, **10.** málmur, **13.** rúm ábreiða, **15.** kústa, **16.** vætla, **19.** golf áhald.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** basi, **6.** sv, **8.** tað, **9.** lit, **11.** nn, **12.** aðild, **14.** snafs, **16.** íj, **17.** kló, **18.** lát, **20.** óp, **21.** aría.

**LÓÐRÉTT: 1.** ösla, **3.** at, **4.** sandfló, **5.** iðn, **7.** viðsjár, **10.** tin, **13.** lak, **15.** sópa, **16.** íla, **19.** tí.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Ingvar Þór Jóhannesson (2.377) hafði hvítt gegn Hannesi Hlífari Stefánssyni (2.541) í 2. umferð Wow air vormóts TR.**

**Hvítur á leik:**



**24. Rxe6!** (Riddarinn drepur þrívaldað peð og það er sama hverju svartur svarar – hvítur vinnur manninn alltaf til baka) **24. ...fxe6 25. Bxc5 Rxc5 26. Hxc5 Bb5 27. Bxc4 Bxc4 28. Hxc4.** Þrátt fyrir peðstapið hélt Hannes jafntefli í 95 leikja skák. **www.skak.is** Páskaeggjamót Víkingaklúbbsins

# Drauma dagar

## – dagar þegar sjónvarpsdraumurinn rætist

SAMSUNG

**Tækifærisverð í sinni tærustu mynd.**

Við gerum okkur dagamun þessa dagana og bjóðum draumasjónvörpin frá Samsung á sannkölluðu tækifærisverði. Líttu við hjá okkur og kynntu þér sjónvarpstæki í sinni tærustu mynd.

***Bjóðum 30% afslátt** af völdum Samsung **heimabíóstæðum** á Draumadögum.*

SJÁ NÁNAR Á:
www.samsungsetrid.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 I SÍMI 530 2900

ORMSSON

| ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 |
|---|---|---|---|
| ORMSSON PAN-NESKAUPST SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | |




UE46F5005AK

*ÁÐUR: 189.900,-*

***NÚ: 159.900,-***

*VERÐLÆKKUN* ***30.000,-***

LED I Clear Motion Rate: 100 Hz I Upplausn: 1920x1080p / FULL HD I Mega skerpa I USB: Movie, kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist I Sjónvarpsmóttakari: Digital DVB-T2 I Tengingar: 2xHDMI, 1xUSB, 1xScart, Komponent, Komposit I Heyrnartól




UE50F5005AK

*ÁÐUR: 249.900,-*

***NÚ: 199.900,-***

*VERÐLÆKKUN* ***50.000,-***

LED I Clear Motion Rate: 100 Hz I Upplausn: 1920x1080p / FULL HD I Mega skerpa I USB: Movie, kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist I Sjónvarpsmóttakari: Digital DVB-T2 I Tengingar: 2xHDMI, 1xUSB, 1xScart, Komponent, Komposit I Heyrnartól




UE46F6675

*ÁÐUR: 299.900,-*

***NÚ: 269.900,-***

*VERÐLÆKKUN* ***30.000,-***

LED I Clear Motion Rate: 600 Hz I Upplausn:1920x1080p FULL HD I Skjár: Clear I Skerpa: Mega I AllShare I USB: Movie, kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist I Upptöku möguleiki I Netvafri I Social TV I Sjónvarps-móttakari: Digital, analog og gervihnatta I Tengingar: 4xHDMI, 3xUSB Movie, 1xScart, Komponen I Komposit, LAN I Heyrnartól




UE60F6105

*ÁÐUR: 469.900,-*

***NÚ: 349.900,-***

*VERÐLÆKKUN* ***120.000,-***

LED I Clear Motion Rate: 200 Hz I Upplausn: 1920x1080p / FULL HD I Mega skerpa I USB: Movie, kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist I Sjónvarpsmóttakari: Digital DVB-T2 I Tengingar: 2xHDMI, 1xUSB, 1xScart, Komponent, Komposit I Heyrnartól




EISA AWARD Best Product 2013-2014 SMART TV Samsung UE55F8000

UE55F8005

*ÁÐUR: 599.900,-*

***NÚ: 539.900,-***

*VERÐLÆKKUN* ***60.000,-***

*Glæsilegt verðlaunatæki*

LED I Nýjasti 1000 riða (CMR) Samsung skjárinn er í öllum 8000 tækjunum. Til í stærðum: 40"/46"/55"/65"/75"

# OPEN BY NIGHT









**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

* afsláttur gildir af öllum vörum nema áður lækkuðum vörum eða merktum "Everyday Low Price"

# Full verslun af nýjum vörum



**Frí**
heimsending á höfuðborgarsvæðinu ef verslað er fyrir meira en 45.000,- og greitt í dag





**Nói Síríus**
verður með páskaeggjasmakk



**Birtingur**
með tímarit
16 - 22

## Komdu og gerðu frábær kaup



**Bylgjan**
verður á staðnum og gefur 5x10.000 gjafabréf og páskaegg frá kl. 16 - 20



## Colourful CLUB



Þeir sem skrá sig í klúbbinn í apríl fara í pott og verður dreginn út einn heppinn klúbbmeðlimur þann 5. maí.
Fær hinn heppni að gjöf WEBER 3200 grill að verðmæti 119.900,-

### 5 ÁSTÆÐUR AÐ VERA MEÐ

- VIÐBURÐIR AÐEINS FYRIR KLÚBBMEÐLIMI
- HAPPDRÆTTI
- AFMÆLISGLAÐNINGUR
- NÝ TILBOÐ Í HVERJUM MÁNUÐI
- FRÉTTABRÉF




Komdu og kynntu þér klúbbkortið.
Þú getur skráð þig í verslun eða á heimasíðunni. Kostar ekkert að vera með.
10% afsláttur af fyrstu kaupum eftir 9. apríl.

VEXTIR 0%*

*Nú getur þú fengið 12 mánaða vaxtalausa greiðsludreifingu þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, þ.e. afborgun ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

shop online

**KATLA MANAGER SELECTION**
Société d'Investissement à Capital Variable
14, boulevard Royal – L-2449 LUXEMBOURG
R.C.S. Luxembourg B 72.942
(the „SICAV")

**ANNUAL GENERAL MEETING OF SHAREHOLDERS**

The Board of Directors is pleased to convene the shareholders of KATLA MANAGER SELECTION to attend the annual general meeting to be held at the registered office of the SICAV on 28 April 2014 at 11.00 a.m. with the following agenda:

1. Report of the Board of Directors and of the approved statutory auditor
2. Approval of the annual accounts as at 31 December 2013
3. Allocation of the results
4. Discharge to the directors
5. Renewal of the mandate of the approved statutory auditor
6. Statutory elections
7. Miscellaneous

The shareholders are advised that no quorum for the statutory general meeting is required and that decisions will be taken by simple majority of the votes cast. Proxies are available at the registered office of the SICAV. Shareholders, who wish to attend the annual general meeting, are requested to inform the Board of Directors (Fax nr: +352 49 924 2501 – ifs.fds@bdl.lu) at least five calendar days prior to the annual general meeting.






# MENNING

## Heitt mál en ótrúlega flókið

Í verkinu Útundan, sem frumsýnt verður í Tjarnarbíói annað kvöld klukkan 20, er skyggnst inn í líf þriggja para sem þrá að eignast barn en tekst það ekki.

„Sýningin tekur einn og hálfan tíma í flutningi og það er ekkert hlé. Umfjöllunarefnið er heitt mál en ótrúlega flókið og okkur fannst upplagt að nota leikhúsmiðilinn til að opna á það. Fyrir utan það er þetta gott verk og vel skrifað. Höfundurinn nálgast efnið þannig," segir Tinna Hrafnsdóttir leikstjóri verksins Útundan eftir Alison Farina McGlynn, sem frumsýnt verður í Tjarnarbíói annað kvöld klukkan 20. Þar er tekið á aðstæðum sem hrjá eitt af hverjum sex pörum hér á landi og í hinum vestræna heimi, að eiga í erfiðleikum með að eignast barn. Leikritið vakti sterk viðbrögð og hlaut góða dóma þegar það var frumsýnt í Bretlandi. Tinna segir viðbrögð þeirra sem hafa séð Útundan á æfingum einnig jákvæð. „Margir þekkja einhverja sem glíma við barnleysi. En þó svo sé ekki er auðvelt að tengja sig við persónur verksins því öll þurfum við að yfirstíga einhverjar hindranir í lífinu. Svo er heilmikill húmor þarna líka þannig að það leiðist örugglega engum," segir hún.


**Á ÆFINGU** Í Útundan er tekið á aðstæðum sem hrjá eitt af hverjum sex pörum hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Háaloftið stendur að sýningunni og leikarar í því eru Arnmundur Ernst Backman, Benedikt Karl Gröndal, Björn Stefánsson, Elma Lísa Gunnarsdóttir, Magnús Guðmundsson, María Heba Þorkelsdóttir og Svandís Dóra Einarsdóttir.

gun@frettabladid.is

## Hin svokölluðu skáld

Tíu manna hópur ungra skálda flytur verk sín í Háskólabíói á laugardaginn klukkan 14 og fetar þar í fótspor „listaskáldanna vondu" fyrir 38 árum.

„Við köllum okkur „hin svokölluðu skáld". Þó við vinkum „listaskáldunum vondu" sem fylltu Háskólabíó árið 1976 þá stelum við ekki nafninu þeirra, bara notum sama sal og stelum kynninum þeirra," segir Bjarki Karlsson, einn þeirra sem standa fyrir ljóðadagskrá í Háskólabíói á laugardaginn klukkan 14.

Bjarki segir um háttbundinn kveðskap verða að ræða. „Við stuðlum allt og rímum flest. Erum sem sagt hvorki atómskáld né póstmódernistar heldur beitum þessum fornu stílbrögðum á persónulegan hátt og tölum við samtíma okkar, ekki fortíðina. Við getum kallað þetta nýtt vín á gömlum belgjum."

*Þið kallið ykkur „hin svokölluðu skáld". Er ekki minnimáttarkennd í því gagnvart þeim sem nota hið frjálsa form?*

„Nei, þetta er svipað og þegar talað um „hið svokallaða hrun", við erum einmitt með nafninu að gefa í skyn að við séum aðeins meira en „svokölluð"."

Salurinn í Háskólabíói tekur um það bil eitt þúsund manns í sæti. „Þetta er kannski svolítill glannaskapur hjá okkur en okkur bara datt þetta í hug og höfum enga styrki fengið, hvorki frá ríki né borg og við ætlum að selja inn. Ef enginn mætir þá bara töpum við sjálf," segir Bjarki. „En fólk borgar inn á leiksýningar, dans, myndlist og tónleika. Við vonumst til að ljóðið geti notið sömu virðingar og aðrar listgreinar að því leyti að fólk sé tilbúið að opna budduna vegna þess," segir Bjarki.

gun@frettabladid.is


**SKÁLD** „Við vonumst til að ljóðið geti notið sömu virðingar og aðrar listgreinar að því leyti að fólk sé tilbúið að opna budduna vegna þess," segir Bjarki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### HIN SVOKÖLLUÐU SKÁLD

Davíð Þór Jónsson, Sigrún Haraldsdóttir, Valdimar Tómasson, Teresa Dröfn Njarðvík, Aðalsteinn Svanur Sigfússon, Snæbjörn Ragnarsson (Bibbi í Skálmöld), Þórunn Erlu Valdimarsdóttir, Örlygur Benediktsson, Eva Hauksdóttir og Bjarki Karlsson.

Kynnir er Sigurður Karlsson, leikari og þýðandi.



# OPIÐ TIL KL. 22.00 Í KORPUTORGI
# 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



ANTON&BERGUR

A WORLD OF INSPIRATION • the PIER • FOR YOUR HOME












OPIÐ FRÁ 11.00–22.00
THE PIER KORPUTORGI,
MIÐVIKUDAGINN 9.APRÍL

**20% AFSLÁTTUR**
**AF ÖLLUM VÖRUM**
**AÐEINS ÞENNAN EINA DAG**







the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880



**Á BRÚÐKAUPSDAGINN** Peaches giftist Thomas Cohen árið 2012. Á myndinni er sonur þeirra, Astala, og faðir hennar, Bob Geldof.



**RINGULREIÐ** Paula og Michael ásamt Peaches og alsystrum hennar tveimur, Fifi og Pixie Geldof.



**ÆTLAÐI EKKI AÐ BREGÐAST ÞEIM** Peaches ásamt sonum sínum tveimur í desember í fyrra.

# „Við munum elska hana að eilífu“

Peaches Geldof, dóttir tónlistarmannsins Bobs Geldof og Paulu Yates, fannst látin á heimili sínu á mánudag, 25 ára að aldri. Peaches var þekkt sem mikil partípía á sínum yngri árum en eftir að hún giftist tónlistarmanninum Thomas Cohen og eignaðist með honum tvo syni breyttist hún í mikla fjölskyldumanneskju. Lögreglan telur ekki að andlát hennar hafi borið að með grunsamlegum hætti.

**Lilja Katrín Gunnarsdóttir**
liljakatrin@frettabladid.is

Sjónvarpskonan og fyrirsætan Peaches Geldof fannst látin rétt eftir hádegi á heimili sínu í Wrotham í Kent á Englandi á mánudag, aðeins 25 ára að aldri. Peaches var dóttir tónlistarmannsins Bobs Geldof og fyrirsætunnar og sjónvarpskonunnar Paulu Yates en móðir hennar lést úr ofneyslu fíkniefna þegar Peaches var aðeins ellefu ára. Peaches skilur eftir sig eiginmann, söngvarann Thomas Cohen, og tvo unga syni, Astala Dylan Willow, 23ja mánaða og Phaedra Bloom Forever, sem verður eins árs þann 24. apríl.

Engin fíkniefni eða sjálfsmorðsbréf undust á heimili hennar að sögn lögreglu og engir sýnilegir áverkar voru á líki hennar. Því telur lögreglan að andlát hennar hafi ekki borið að með grunsamlegum hætti.

Peaches á tvær alsystur, Fifi og Pixie, 23 ára, og eina hálfsystur, Tiger Lily, sem Paula átti með INXS-rokkaranum Michael Hutchence heitnum.

Bob og Paula skildu árið 1996 og í kjölfarið byrjaði Paula með Michael. Í viðtali við Elle fyrir tveimur árum sagði Peaches að skilnaðurinn hefði tekið mikið á sig.

„Móðir mín breyttist úr því að vera undraverð kona sem skrifaði bækur um uppeldi og gaf okkur friðsæla barnæsku í Kent yfir í niðurbrotna konu sem þurfti að neyta lyfja til að komast í gegnum daginn. Ofan á það var faðir minn mjög þunglyndur vegna þess og andrúmsloftið var ómögulegt fyrir okkur börnin. Við vorum í viku í senn með móður okkar sem var algjör óreiða og síðan viku hjá föður okkar sem var í anda Dickens – heimavinna, kvöldmatur, svefn – því hann var á sinn hátt að reyna að vega upp á móti því sem gerðist heima hjá mömmu,“ sagði Peaches.

Michael Hutchence hengdi sig í hótelherbergi í Sydney í Ástralíu árið 1997 og þremur árum seinna lést Paula úr of stórum lyfjaskammti.

Þegar Peaches var þrettán ára dundu enn ein ósköpin yfir þegar hún var greind með fjölblöðrueggjastokkaheilkenni og sögðu læknar að ólíklegt væri að hún gæti eignast börn.

Á unglingsaldrinum var hún þekkt sem aðalpartípían í London og neytti mikils áfengis og vímuefna. Hún var handtekin fyrir búðarþjófnað og var aðeins nítján ára þegar hún giftist tónlistarmanninum Max Drummey í Las Vegas. Þau skildu hálfu ári síðar. Árið 2008 þurfti hún aðstoð sjúkraliða þegar hún tók of stóran skammt eiturlyfja og hætti að anda um tíma. Sama ár viðurkenndi hún fíkniefnaneyslu sína.



**HÆFILEIKARÍK** Peaches vann til dæmis sem fyrirsæta en hér er hún á tískuvikunni í París á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> **Ég datt í það og fór í partí en ég var ekki það villt. Ég hefði getað verið það. Þetta hefði getað farið úr böndunum en ég hafði alltaf hugfast það sem kom fyrir móður mína.**
>
> *Peaches Geldof*

„Þetta er eitthvað sem fólk fer í gegnum á lífsleiðinni, sérstaklega þegar það elst upp í London. Ég datt í það og fór í partí en ég var ekki það villt. Ég hefði getað verið það. Þetta hefði getað farið úr böndunum en ég hafði alltaf hugfast það sem kom fyrir móður mína.“

Þrátt fyrir þessi orð Peaches héldu margir að hún myndi feta í fótspor móður sinnar allt þar til hún giftist tónlistarmanninum Thomas Cohen í september árið 2012 í kirkju í Davington, þeirri sömu og foreldrar hennar létu gefa sig saman í 26 árum áður. Þá voru þau búin að eignast eitt barn og annað á leiðinni sem Peaches taldi vera mikla blessun. Hún var í viðtali við tímaritið Mother & Baby innan við mánuði áður en hún lést þar sem hún talaði mikið um fjölskyldulífið.

„Ég ætla ekki að bregðast sonum mínum, ekkert mun fá mig til þess. Þegar ég varð móðir var eins og ég væri ég, loksins.“ Thomas sendi frá sér yfirlýsingu stuttu eftir að tilkynnt var um andlát Peaches á mánudag.

„Mín elskulega eiginkona Peaches var dáð af mér og sonum sínum tveimur, Astala og Phaedra, og ég el þá upp með móður sína í hjarta á hverjum degi. Við munum elska hana að eilífu.“

## „Ég og mamma“

Síðasta myndin sem Peaches deildi á Instagram-síðu sinni var gömul mynd af henni og móður hennar, Paulu Yates, og við hana skrifaði hún einfaldlega „ég og mamma“. Paula var sjónvarpskona líkt og dóttirin og lést úr of stórum heróínskammti árið 2000. Þá var Peaches aðeins ellefu ára.



**PEACHES GELDOF**

Paula var 41 árs þegar hún lést og fannst á heimili sínu í Notting Hill í London. Peaches talaði um dauða móður sinnar við tímaritið Elle fyrir ekki svo löngu og sagðist muna vel eftir þessum örlagaríka degi.

„Ég man eftir deginum þegar móðir mín dó og það er enn erfitt að tala um hann. Ég lokaði bara á þennan atburð. Ég fór í skólann næsta dag því faðir minn brýndi fyrir mér að vera róleg og halda áfram. Þannig að við fórum öll í skólann og reyndum að láta eins og ekkert hefði gerst. En það gerðist. Ég syrgði ekki. Ég grét ekki við jarðarförina hennar. Ég gat ekki tjáð neinar tilfinningar því ég var of dofin. Ég byrjaði ekki að syrgja móður mína almennilega fyrr en ég var kannski sextán ára.“

## STJÖRNURNAR MINNAST PEACHES

*„Greyið elsku Peaches Geldof. Við töluðum saman fyrir aðeins mánuði síðan og hún leit út eins og engill. Þetta er virkilega dapurlegt. Greyið Bob! R.I.P.“*

**- Boy George**

*„Hugsanir mínar eru hjá fjölskyldu Peaches á þessum hræðilega tíma. Ég vona að þau geti syrgt í friði. Peaches, hvíl í friði fallega stúlka.“*

**- Lily Allen**

*„Peaches! Þú fallega vera. Hvíl þú hjá englunum. Hugsanir mínar og bænir fara til allra sem þekktu og elskuðu þig.“*

**- Alyssa Milano**

*„Sumt er ekki hægt að útskýra eða skilja þó maður haldi að maður sé með allt á hreinu. Tvö falleg börn. RIP Peaches.“*

**- Ellie Goulding**

*„Þú varst sindrandi, yndisleg manneskja sem sýndir mér svo mikla vinsemd. Hvíl í friði Peaches.“*

**- Lorde**

*„Mjög sorglegt að heyra um andlát Peaches Geldof, 25 ára að aldri. Þvílík synd. Ég sendi góðar hugsanir og ást til allrar fjölskyldu hennar.“*

**- Jamie Oliver.**

Græjaðu fermingargjafirnar!
Hljómskærustu pakkarnir

NÝHERJI
Borgartúni 37 / Kaupangi Akureyri
nyherji.is/fermingar
NM620180

Bose SoundLink Mini hljómtæki
Verð: 39.990 kr.
Þráðlaus og létt græja. Tengist við snjallsíma. Flott hulstur fylgir.



Sony Bluetooth hljómtæki
Tilboð: 15.192 kr.
Ótrúlega fínn hljómur sem hægt er að tengja við snjallsíma.



Plantronics RIG heyrnartól
Verð: 21.900 kr.
Frábær heyrnatól fyrir tölvuleikjasnillinginn.









THE FINEST QUALITY

THE Herschel

SUPPLY CO. BRAND

TRADE MARK

**Vinsælu Herschel bakpokarnir hafa slegið í gegn**

**Vandaðir og flottir**
**Frábær fermingargjöf**
**skoðið verð og úrval á facebook**

**Herschel Supply Co.** er kanadískur framleiðandi að vönduðum bakpokum, töskum, veskjum og fylgihlutum.

Markmið Herschel er að hanna gæðavörur þar sem næmt auga fyrir smáatriðum og fjölbreytt litaval mætast þannig að hver og einn geti fundið tösku við sitt hæfi.











URBAN
Kringlunni
www.facebook.com/versluninurban

eva
Laugavegi 26
www.facebook.com/verslunin.eva

galleri sautján
Kringlan | Smáralind
www.facebook.com/gallerisautjan

**Fylgist með okkur á ntc.is og Instagram**

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ



| SMÁRABÍÓ | AUKAKRÓNUR 5% | |
|---|---|---|
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 5 - 8 - 10.15 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 3D LÚXUS | KL. 5 - 8 | 12 |
| NOAH | KL. 5 - 8 - 10.15 | 12 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 5.45 - 8 | 7 |
| HNETURÁNIÐ 2D | KL. 3.30 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RIDE ALONG | KL. 8 | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ | AUKAKRÓNUR 5% | |
|---|---|---|
| NYMPHOMANIAC PART 2 | KL. 6 - 9 | 16 |
| HEILD | KL. 6 - 8 | L |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 5.45 - 8 - 9 - 10.15 | 7 |
| DEAD SNOW - RED VS DEAD | KL. 10.15 | 16 |
| ONE CHANCE | KL. 5.40 | L |

Miðasala á: eMiði

BÍÓBYLTING
ÞRJÁR NÝJAR LEIÐIR TIL AÐ FARA Í BÍÓ
BESTA VERÐIÐ Ódýrara fyrir kl. 19.
FJÖLSKYLDUPAKKINN Allir borga barnaverð.
GÆÐASTUND Fyrir 18 ára og eldri.
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING



LAUGARÁSBÍÓ Coca-Cola



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| CAPTAIN AMERICA 3D | 5, 8, 10:45 | 12 |
| NOAH | 6, 8, 9, 10:45 | 12 |
| HNETURÁNIÐ 2D | 6 | L |



SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| DIVERGERNT FORSÝNING | KL. 8 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 2D | KL. 10:20 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 VIP 2D | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | VIP |
| NOAH | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 8 - 10:50 | 12 |
| POMPEII | KL. 5:40 | 12 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 10:45 | 16 |
| NON STOP | KL. 8 | L |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:30 | L |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| CAPTAIN AMERICA 2 | KL. 3D: 8 - 10:45 2D: 5:10 | 12 |
| NOAH | KL. 5:10 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:30 | L |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 8 - 10:45 | 16 |
| GAMLINGINN | KL. 5:10 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| LA BOHÉME ÓPERA ENDURFLUTT | KL. 18:00 | L |
| CAPTAIN AMERICA 2 2D | KL. 6 - 9 - 10 | 12 |
| NOAH | KL. 10:20 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 8 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| CAPTAIN AMERICA 2 | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| NOAH | KL. 8 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 10:45 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 5:15 - 8 -10:45 | 12 |
| NOAH | KL. 8 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 10:45 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:30 | L |

SAMbio.is




**RUSSEL CROWE** fer með aðalhlutverkið í myndinni Noah.

## Sýningu aflýst vegna flóðs

Kvikmyndaáhugamenn sem ætluðu sér á fyrstu sýningu Noah seinasta föstudag í Exeter-kvikmyndahúsinu þurftu að leita annað þegar kvikmyndahúsinu var lokað vegna flóðs. Þegar starfsmenn Exeter Vue-kvikmyndahússins mættu til vinnu þá brá þeim heldur betur í brún þar sem flætt hafði úr gallaðri ísvél og út um allt kvikmyndahúsið. Kvikmyndagestir fengu því ekki tækifæri til þess að horfa á myndina sem er einmitt byggð á biblíusögunni um Nóa og flóðið. **- bþ**

# Eitt núll fyrir okkkur!

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Ég opna sjaldan myndbönd sem fólk er að deila á Facebook. Nenni því ekki. Geri það þó stundum, ef ég held að þau séu sniðug, eða áhugaverð. Opnaði eitt um daginn. Yfirskriftin var eitthvað á þessa leið „kona hrópar óviðeigandi athugasemdir að karlmönnum, sjáðu hvað gerist“. Remban, sem blundar í mér innst inni lyfti brúnum. Ég horfði.

**MYNDBANDIÐ** sýndi unga breska konu sem ýmist gekk upp að karlmönnum á förnum vegi eða ók fram hjá þeim í bíl með opinn glugga, og lét til dæmis kynferðislegar athugasemdir falla um vaxtarlag þeirra. Spurði til vegar og sagðist í leiðinni gruna að buxur þess sem leiðbeindi henni færu betur á svefnherbergisgólfinu hennar en á honum sjálfum. Hún pantaði drykk á bar, blikkaði barþjóninn og bað hann svona í framhjáhlaupi um „eitthvað meira“. Allt á léttu nótunum, auðvitað.

**FLESTIR** urðu mennirnir hvumsa, vissu ekki hvaðan á þá stóð veðrið. „Er allt í lagi með þig?“ spurðu þeir hneykslaðir þegar hún stakk upp á að þeir kæmu með henni heim, bara svona í gríni. „Svona talar þú ekki við okkur góða,“ sögðu iðnaðarmennirnir móðgaðir þegar hún blístraði á þá og fór fram á að þeir sýndu meira hold, eða eitthvað í þá áttina.

**ÞAU** sem settu myndbandið saman unnu það upp úr raunverulegum upplifunum kvenna sem höfðu sent inn lýsingar á hinu og þessu sem karlar létu flakka við þær. Tilgangurinn með myndbandinu var að sýna fram á hversu asnalegar þessar athugasemdir og óviðeigandi þessi tilboð hljómuðu þegar hlutverkunum var snúið við.

**EN** hver urðu viðbrögð mín? Jú, það hlakkaði í rembunni inni í mér yfir því hversu móðgaðir karlarnir urðu. „Já, já, svona er þetta nú elsku karlarnir mínir. Verði ykkur að góðu bara.“

**EN** varla var það ætlunin eða hvað? Að mér liði eins og ég hefði á einhvern hátt náð fram hefndum? Eitt núll fyrir okkur, í hinu eilífa stríði stelpur á móti strákum! Ég sussaði á rembuna inni í mér.

# Bræðslan haldin í tíunda sinn

**Tónlistarhátíðin Bræðslan verður haldin á Borgarfirði eystra 26. júlí. Þar kemur Emilíana Torrini meðal annars fram.**

„Þetta er Bræðsla númer tíu og við vorum lengi að velta fyrir okkur hvernig við ættum að útfæra hátíðina af því tilefni og ákváðum því á endanum að hafa þetta svona „best of“. Við fengum nokkra af bestu tónlistarmönnum þjóðarinnar, sem eiga allir sinn þátt í því að Bræðslan er eins og hún er í dag,“ segir Magni Ásgeirsson Bræðslustjóri en tónlistarhátíðin Bræðslan fer fram á Borgarfirði eystra laugardaginn 26. júlí næstkomandi. Þetta er í tíunda skiptið sem Borgfirðingar slá upp tónlistarhátíð í gömlu síldarbræðslunni á Borgarfirði og því verður hátíðin í sumar sérlega vegleg. Eftirtalið tónlistarfólk kemur fram á hátíðinni í ár: Drangar, Emilíana Torrini, Lára Rúnars, Mammút, Pollapönk og SúEllen.

„Við höfum oft haft erlenda tónlistarmenn á hátíðinni eins og Damien Rice og John Grant, en fyrst Emilíana Torrini kom heim aftur ákváðum við vera ekki að sækja vatnið yfir lækinn,“ segir Magni, sem er sérstaklega ánægður yfir því að Emilíana Torrini snýr nú aftur til Borgarfjarðar. Emilíana varði einmitt hluta af æsku sinni á Borgarfirði og kom fram á fyrstu Bræðslutónleikunum 2005 og einnig á Bræðslunni 2006. Fleiri góðkunningjar Bræðslunnar snúa aftur, meðlimir Dranga, þeir Jónas Sigurðsson, Mugison og Ómar Guðjónsson, hafa allir komið fram áður á Bræðslunni, auk þess sem þeir unnu hluta af sinni fyrstu plötu á Borgarfirði.

„Lára Rúnarsdóttir og meðlimir hennar hljómsveitar sigldu einmitt með þeim Dröngum í kringum landið á Húna II á síðasta ári, meðal annars með viðkomu á Borgarfirði, en þetta verður í fyrsta skiptið sem Lára kemur fram í Bræðslunni,“ bætir Magni við.

Sömu sögu er að segja um ungliða þessa árs, Mammút, sem hefur vakið verðskuldaða athygli á síðustu mánuðum. Bræðslan hefur alla tíð haft það markmið að kynna ungt tónlistarfólk á hátíðinni og er þar skemmst að minnast Of Monsters and Men sem kom fram á hátíðinni 2010, þá að stíga sín fyrstu spor.



**BRÆÐSLUSTJÓRINN** Magni Ásgeirsson lofar miklu stuði á Bræðslunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Önnur hljómsveit sem mun koma fram í fyrsta skiptið á Borgarfirði er þó heldur eldri í hettunni, en það eru Austfirðingarnir í SúEllen. Þrátt fyrir að hafa spilað saman í hartnær þrjá áratugi hefur sveitin aldrei komið fram fullskipuð á Borgarfirði.



**SNÝR AFTUR** Emilíana Torrini kemur fram á Bræðslunni í sumar. FRÉTTBLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Síðast en ekki síst skal svo nefna fulltrúa okkar Íslendinga í Eurovision þetta árið, Pollapönk. Þeir munu koma með sinn góða boðskap um enga fordóma í Borgarfjörðinn.“

Miðasala á hátíðina hefst á miði.is þann 6. maí kl. 10.00. „Á síðasta ári seldust miðar í Bræðsluna upp á 60 klukkustundum og því rétt að hafa hraðan á til að tryggja sér miða,“ bætir Magni við léttur í lundu en einungis 800 miðar eru í boði. **gunnarleo@frettabladid.is**












## Kominn tími á andlitslyftingu

„Útlit síðunnar var orðið átta ára gamalt og því kominn tími til þess að fríska upp á vefinn,“ segir Ólafur Thorarensen, framkvæmdastjóri miði.is, en nýr vefur þjónustunnar var opnaður í dag. „Helsta viðbótin er að nýja útlitið er skalanlegt og því hentugt fyrir snjallsíma og spjaldtölvur,“ segir Ólafur en á næstu mánuðum mun miði.is einnig bjóða upp á nýjungar á borð við vörusölu á vefnum. „Segjum að þú sért að kaupa miða á tónleika, þá gætirðu jafnvel keypt geisladisk hljómsveitarinnar á sama tíma og þú kaupir miðann, eða leikskrána fyrir leikritið sem þú ert að fara á, þetta allt í bígerð.“



**ÓLAFUR THORARENSEN**

MIDNIGHT SUN MUSIC FESTIVAL × 20-22 JÚNÍ 2014

# SECRET × SOLSTICE

LAUGARDALUR-REYKJAVÍK × SECRETSOLSTICE.IS

## TILKYNNUM NÝJA LISTAMENN 11. APRÍL

## FORSÖLU LÝKUR 11. APRÍL

××

**MIÐASALA:**

**www.SECRETSOLSTICE.is**

**/ LUCKY RECORDS**


WOW air FOUNDING SPONSOR ICELANDIC GLACIAL 365 Budget

## Real Madrid og Chelsea í undanúrslit


**HETJAN** Demba Ba fagnar markinu sem kom Chelsea í undanúrslit. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**FÓTBOLTI** Real Madrid og Chelsea tryggðu sér sæti í undanúrslitum Meistaradeildarinnar í gær í dramatískum leikjum.

Demba Ba og Andre Schürrle skoruðu mörk Chelsea í 2-0 sigri á PSG. Chelsea fer áfram á marki á útivelli.

Real Madrid tapaði 2-0 fyrir Dortmund en vann fyrri leikinn 3-0. Liðið var heppið að tapa ekki stærra í gær. - hbg

**visir.is** Frekari umfjöllun um leikina.

# Sömu menn í 25 ár

Tinna Helgadóttir, þrefaldur Íslandsmeistari í badminton, er ekki kát með barna- og unglingastarf á Íslandi. Hún þjálfar í Danmörku en fær ekki tækifæri hér.

**BADMINTON** Tinna Helgadóttir varð á sunnudaginn Íslandsmeistari í badminton í þriðja skiptið. Hún starfar sem yfirþjálfari hjá Værlöse í Danmörku en fær ekki starf hér heima. Ýmsu er ábótavant í barna- og unglingastarfinu á Íslandi að hennar mati.

„Mér finnst vanta svolitla nýjungagirni í þjálfunina. Það eru búnir að vera sömu þjálfararnir í félögunum í mörg ár. Ef maður á að halda áfram að taka framförum sem þjálfari verður maður að fylgjast með hvað er að gerast. Það vantar líka að sambandið ýti undir þetta. Það er ekki nógu mikil samvinna milli þess og félaganna. Þjálfararnir eru ekki að uppfæra sig nóg,“ segir Tinna og bendir á að yngri þjálfarar eins og hún og bróðir hennar, Magnús Ingi, hafi farið út til að mennta sig í fræðunum. Sama gildir um tvær aðrar stúlkur sem Tinna þekkir til.

Sjálf fór Tinna til Álaborgar í þjálfaraskóla í eitt ár 2005-2006 í boði TBR en þegar hún kom aftur heim var ekkert starf á lausu í félaginu.

„Mér var í raun sagt að það væri ekkert í boði. Mér finnst vanta miklu meira að yngri kynslóðin sé notuð til þess að reyna að vekja áhuga á badmintoni aftur. Það eru sömu mennirnir búnir að þjálfa hjá TBR í 25 ár. Ég er ekkert að skjóta á eitthvert eitt félag eða einn mann. Alls ekki. Mér finnst bara að það eigi að nota það fólk sem er fullt eldmóðs og vill gefa eitthvað af sér. Ég er búin að vera yfirþjálfari í fjögur ár hér í Danmörku og finnst þetta ótrúlega gaman. Mér finnst vanta sama eldmóð í starfið heima,“ segir Tinna.


**YFIRÞJÁLFARI** Íslandsmeistarinn Tinna Helgadóttir starfar sem yfirþjálfari hjá Værlöse í Danmörku en henni býðst ekki starf hér heima. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Fá ekki bestu krakkana

Útbreiðslustarf er einnig eitthvað sem þarf að bæta að mati Tinnu. Hún bendir á að badminton sé á grafarbakkanum eða nánast dautt á stöðum úti á landi líkt og Keflavík, Akureyri, Siglufirði og fyrir austan þar sem það lifði góðu lífi áður.

„Badminton er eiginlega bara í Reykjavík. Pabbi minn er aðeins að þjálfa á Akranesi, svo er badminton í Hafnarfirði og Mosfellsbæ. Útbreiðslustarfið er ekki nógu gott. Badminton er íþróttagrein sem Íslendingar eiga að geta orðið góðir í því þetta er einstaklingsgrein. Það eru möguleikar í þessu en við verðum ekki betri á meðan unglingastarfið er ekki betra. Núna er þetta bara happa og glappa ef það kemur upp eitthvert náttúrutalent,“ segir Tinna.

Hvað varðar þjálfunina sjálfa segir hún að það þurfi að þora að fara lengra með hana. Það séu oft ekki bestu íþróttamennirnir sem sækja í badminton og því þurfi að haga þjálfuninni eftir því.

„Mér finnst vanta hérna heima að þora að gera krakkana eins góða og þeir geta orðið. Þegar ég flutti til Danmerkur opnaðist nýr heimur fyrir mér. Ég hef virkilega séð hvernig hægt er að æfa og gera þessa litlu krakka mjög góða og hvað maður getur kennt þeim,“ segir Tinna.

„Vandamálið heima, eins og erlendis, er að við fáum oft afgangana frá fótbolta og handbolta. Krakkar sem virkilega eru góðir íþróttum byrja annars staðar. Það þýðir að maður þarf að vera framsæknari í þjálfuninni,“ segir Tinna Helgadóttir, Íslandsmeistari í badminton og yfirþjálfari hjá Værlöse í Danmörku.

tom@frettabladid.is

# Keilari í fremstu röð innan 10 ára

Keilusamband Íslands samdi við þrjá nýja landsliðsþjálfara til tveggja ára í gær.

**KEILA** „Við erum að fara af stað með nýja afreksstefnu og hluti af henni er að fastráða landsliðsþjálfarana,“ segir Ásgrímur Helgi Einarsson, formaður landsliðsnefndar Keilusambands Íslands, í samtali við Fréttablaðið. Keilusambandið gekk frá ráðningu þriggja landsliðsþjálfara í gær en samið var við þá alla til tveggja ára.

Arnar Sæbergsson er nýr þjálfari karlalandsliðsins og Theodóra Ólafsdóttir, sem stýrt hefur kvennaliðinu, er nú orðin fastráðin. Þá er Guðmundur Sigurðsson frá Akranesi nýr þjálfari unglingalandsliðsins.

„Við erum að horfa til þess að setja starf okkar í fastari skorður. Við erum bara algjörlega að taka afreksmál okkar í gegn. Þetta snýst um hvar við viljum vera eftir 5-10 ár og hvert við stefnum á heimsmeistaramótum.“


**LANDSLIÐSÞJÁLFARAR** Undirskriftin í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Metnaður er í nýrri afreksstefnu Keilusambandsins en í henni segir að framtíðarsýnin sé að eignast áhuga- og/eða atvinnukeilara í fremstu röð innan tíu ára. Á sama tíma vill KLÍ eignast a.m.k. tíu íslenska keilara sem verða þátttakendur á sterkustu mótum Evrópu.

Til að ná þessum markmiðum mun KLÍ einblína á að fjölga afrekskeilurum og styðja við þá sem þegar standast viðmið sambandsins. - tom






# Masters hefst í kvöld!

Í kvöld hefst einn vinsælasti íþróttaviðburður og fyrsta risamót ársins. Bestu kylfingar heims keppa um þann heiður að klæðast græna jakkanum á hinum sögufræga Augusta National. Masters-mótið verður í beinni útsendingu alla fimm keppnisdagana á Golfstöðinni.

**Enginn golfáhugamaður má missa af þessum stórviðburði!**

**BEINAR ÚTSENDINGAR FRÁ MASTERS 2014**

| | |
|---|---|
| **Í kvöld** | 19.00 – 21.00 (par-3 keppnin) |
| **Fimmtudagur** | 19.00 – 23.30 |
| **Föstudagur** | 19.00 – 23.30 |
| **Laugardagur** | 19.00 – 23.00 |
| **Sunnudagur** | 18.00 – 23.00 |

Birgir Leifur og Þorsteinn Hallgrímsson lýsa Masters.




**Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!**

Golfstöðin, internet og heimasími í 3 ár frá aðeins 2.990 kr. á mánuði.
Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

**2.990 kr. + 0 kr.** ef þú ert með Stóra pakkann eða Sportpakkann.

4.990 kr ef þú ert með einhverja aðra áskrift.
5.990 kr. ef þú ert ekki með neina áskrift fyrir.

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Golfstöðinni. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

**Nú fylgir net og heimasími með áskrift af Golfstöðinni!**

**180.000 kr. sparnaður** á 36 mánuðum

Fáðu þér áskrift! **365.IS**

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20.25
**Léttir sprettir**

Friðrika Hjördís Geirsdóttir stýrir skemmtilegum þætti um almenningsíþróttir svo sem hlaup, skíðaíþróttir, hjólreiðar, fjallgöngur, sund og íþróttir fyrir alla fjölskylduna. Farið verður yfir þann búnað sem mælt er með að fólk eigi til að stunda íþróttina, hvernig þjálfun er æskileg til að ná betri árangri og koma í veg fyrir meiðsli.





### Heimsókn
**STÖÐ 2 KL. 20.05** Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sitt fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó eitt sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklvísi.



### Neyðarvaktin
**SJÓNVARPIÐ KL. 20.00** Chicago Fire II er bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago en hetjurnar á slökkvistöð 51 víla ekkert fyrir sér. Meðal leikenda eru Jesse Spencer, Taylor Kinney, Lauren German og Monica Raymund.



### Meistaradeild Evrópu
**STÖÐ 2 SPORT KL. 18.30** Bein útsending frá leik Bayern München og Manchester United í Meistaradeild Evrópu.

### X-ið 977 kl. 08.00
**Harmageddon**

Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga kl. 8-11. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag. Harmageddon er eins alvarlegur og hann er fyndinn.







**Hverjir komast áfram?**

Það verður hart barist um sæti í undanúrslitunum í kvöld. Atlético Madrid tekur á móti Messi og félögum í Barcelona og Rauðu djöflarnir leggja allt undir í Þýskalandi gegn Evrópumeisturunum í Bayern München. Fyrri leikir liðanna enduðu báðir með jafntefli 1-1.

SPORT Kl. 18:30
**BAYERN MÜNCHEN – MAN. UTD.**

SPORT 3 Kl. 18:30
**ATLÉTICO MADRID – BARCELONA**

Fáðu þér áskrift! 365.IS


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** Malcolm In the Middle
**08.30** Wipeout
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** Masterchef USA
**11.05** Spurningabomban
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Up All Night
**13.20** Material Girl
**14.15** Suburgatory
**14.40** 2 Broke Girls
**15.05** Sorry I've Got No Head
**15.35** Fjörugi teiknimyndatíminn
**15.55** UKI
**16.00** Grallararnir
**16.25** Mike and Molly
**16.45** How I Met Your Mother
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Svínasúpan
**19.45** The Middle *(20:24)*
**20.05** Heimsókn
**20.25** Léttir sprettir
**20.50** Grey's Anatomy *(18:24)*
**21.35** Rita *(5:8)*
**22.20** Believe *(4:13)*
**23.05** The Blacklist
**23.45** NCIS
**00.30** Person of Interest
**01.10** The Killing
**02.40** Game of Death
**04.15** Grey's Anatomy
**05.00** The Middle
**05.20** Simpson-fjölskyldan
**05.45** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT
*besta sætið*

**07.00** Meistaradeildin - meistaramörk
**11.25** KR - Stjarnan
**13.20** Meistaradeild Evrópu. Dortmund - Real Madrid
**15.00** Meistaradeild Evrópu. Chelsea - PSG
**16.40** Meistaradeildin - meistaramörk
**17.10** Evrópudeildarmörkin 2013/2014
**18.00** Meistaradeildin - upphitun
**18.30** Meistaradeild Evrópu. Bayern München - Man. Utd. Bein útsending
**20.45** Meistaradeildin - meistaramörk
**21.15** Meistaradeild Evrópu. Atletico - Barcelona
**23.05** Meistaradeild Evrópu. Bayern Munchen - Man. Utd.
**00.55** Meistaradeildin - meistaramörk

## SPORT 2
*enski boltinn*

**11.35** Norwich - WBA
**13.15** Cardiff - Crystal Palace
**14.55** Football League Show 2013/14
**15.25** Tottenham - Sunderland
**17.05** Ensku mörkin - úrvalsdeildin
**18.00** Chelsea - Stoke
**19.40** Messan
**21.00** Króatía, Brasilía og Kamerún
**21.30** West Ham - Liverpool
**23.10** PL Classic Matches. Norwich - Southampton, 1993
**23.40** Hull - Swansea

## ÍNN

**20.00** Árni Páll **20.30** Tölvur, tækni og kennsla. **21.00** Fasteignaflóran **21.30** Á ferð og flugi

## STÖÐ 3

**11.35** Simpson-fjölskyldan
**11.55** Friends
**12.20** Mindy Project
**12.40** Suburgatory
**13.00** Glee
**13.45** Hart of Dixie
**14.25** Gossip Girl
**15.10** The Carrie Diaries
**15.50** Pretty Little Liars
**16.35** American Idol
**18.15** Bob's Burgers
**18.40** Malibu Country *(1:18)*
**19.00** Junior Masterchef Australia *(15:22)*
**19.45** Baby Daddy *(4:16)*
**20.10** Revolution *(7:22)*
**20.50** Arrow *(18:24)*
**21.30** Tomorrow People *(8:22)*
**22.10** The Unit *(9:22)*
**22.55** Hawthorne
**23.35** Supernatural
**00.15** Junior Masterchef Australia
**01.00** Baby Daddy
**01.20** Revolution
**02.00** Arrow
**02.40** Tomorrow People
**03.20** The Unit
**04.05** Tónlistarmyndbönd

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.45** Hvellur keppnisbíll **07.55** UKI **08.00** Ævintýri Tinna **08.25** Brunabílarnir **08.47** Tom and Jerry **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Skógardýrið Húgó **09.23** Latibær **09.47** Ævintýraferðin **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.45** Hvellur keppnisbíll **11.55** UKI **12.00** Ævintýri Tinna **12.22** Brunabílarnir **12.45** Tom and Jerry **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Skógardýrið Húgó **13.22** Latibær **13.46** Ævintýraferðin **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.45** Hvellur keppnisbíll **15.55** UKI **16.00** Ævintýri Tinna **16.22** Brunabílarnir **16.45** Tom and Jerry **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Skógardýrið Húgó **17.22** Latibær **17.46** Ævintýraferðin **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Unstable Fables. **20.15** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.45** Strákarnir
**18.15** Friends
**18.40** Seinfeld
**19.05** Modern Family
**19.30** Two and a Half Men
**19.55** Hamingjan sanna *(2:8)*
**20.30** Örlagadagurinn *(10:14)*
**21.00** Twenty Four *(10:24)*
**21.40** Chuck *(2:13)*
**22.25** The Fixer *(4:6)*
**23.10** Without a Trace
**23.55** Curb Your Enthusiasm
**00.25** Hamingjan sanna
**00.55** Örlagadagurinn
**01.25** Chuck
**02.10** The Fixer
**03.00** Tónlistarmyndbönd

## BÍÓ

**12.10** Ruby Sparks
**13.55** Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið
**15.20** Tower Heist
**17.05** Ruby Sparks
**18.50** Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið
**20.15** Tower Heist
**22.00** Savages
**00.10** Bad Teacher
**01.45** Scorpion King 3. Battle for Re
**03.30** Savages

## RÚV

**16.05** Ljósmóðirin
**17.20** Disneystundin
**17.21** Finnbogi og Felix
**17.43** Sígildar teiknimyndir
**17.50** Herkúles
**18.10** Táknmálsfréttir
**18.20** Djöflaeyjan
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Veðurfréttir
**19.30** Íþróttir
**19.40** Kastljós
**20.00** Neyðarvaktin *(18:22) (Chicago Fire II)*
**20.45** Í mat hjá mömmu *(4:7) (Friday Night Dinner II)*
**21.15** Kiljan Bókaþáttur Egils Helgasonar. Stjórn upptöku: Ragnheiður Thorsteinsson.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Auðvaldshyggja: Ástarsaga *(Capitalism: A Love Story)*
**00.25** Kastljós
**00.45** Fréttir
**00.55** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Cheers
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Pepsi MAX tónlist
**16.00** Titanic - Blood & Steel
**16.50** Once Upon a Time
**17.35** Dr. Phil
**18.15** The Good Wife
**19.05** Cheers
**19.30** America's Funniest Home Videos
**19.55** Food & Fun með Sigga Hall - NÝTT *(1:2)*
**20.25** Solsidan - NÝTT *(1:10)* Sænsku gleðigosarnir í Solsidan snúa aftur í fjórðu seríunni af þessum sprenghlægilegu þáttum sem fjalla um tannlækninn Alex og eiginkonu hans, atvinnulausu leikkonuna Önnu, sem flytja í sænska smábæinn Saltsjöbaden þar sem skrautlegir karakterar leynast víða.
**20.50** The Millers *(14:22)*
**21.15** Ice Cream Girls *(3:3)* Hér er á ferðinni bresk stutt framhaldsþáttaröð eftir samnefndri bók Dorothy Koomson og fjallar um tvær unglingsstelpur, Serenu og Poppy, sem árið 1995 eru ásakaðar um að myrða kennara sinn, Marcus Hansley.
**22.00** Blue Bloods
**22.45** The Tonight Show
**23.30** CSI Miami
**00.10** The Walking Dead
**00.55** Ice Cream Girls
**01.40** The Tonight Show
**02.30** Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRSPORT

**06.00** Motors TV **12.00** Bundesliga Highlights Show **12.50** Dutch League - Highlights 2014 **13.50** Vitesse - AFC Ajax **15.50** Heerenveen - PSV Eindhoven **17.50** Borussia Dortmund - Vfl Wolfsburg **19.50** Dutch League - Highlights 2014 **20.50** Bundesliga Highlights Show **21.40** Motors TV

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **13.00** PGA Tour 2014 - Highlights **13.55** Inside The PGA Tour 2014 **14.20** LPGA Tour 2014 **17.20** 2013 Augusta Masters samantekt **18.10** Golfing World 2014 **19.00** 2014 Augusta Masters **21.00** Golfing World 2014 **21.50** PGA Tour 2014 - Highlights **22.45** 2014 Augusta Masters

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# VORTILBOÐ!

## AÐEINS Í HEILSUHÚSINU

**Komdu og gerðu góð kaup!**

TILBOÐIN GILDA TIL 13. APRÍL.

30%



**Hnetumix**
Valhnetur, möndlur, kasjúhnetur, hunang og salt.
Sjá uppskrift á bls. 6 í Heilsufréttum.
**30% afsláttur ef allt hráefnið er keypt.**
**20% af stökum vörum.**

25%



**Efalex**
Efalex hefur þróað bætiefni sem byggir á Omega 3 fiskiolíum, ásamt ólíkri virkni meðfylgjandi bætiefna í hverri og einni vöru. Stuðlar að heilbrigði og góðri líðan.

25%



**Arctic Root - Extra sterk burnirót!**
Eflir í senn andlegt jafnvægi, einbeitingu, athygli, gleði og jafnvel kynhvöt.



25%



**Biotta Mango mix**
Einstök blanda fyrsta flokks exótískra ávaxta eins og mangó, guava og passion-ávaxtar. Frábær drykkur!

KAUPAUKI!





**Túrmerik frá Sonnentor**
Lífrænt vottað, malað túrmerik.
Kryddbaukur og Maldon salt fylgja.

25%



**Silica Plus**
Frábært fyrir húð, hár og neglur!

25%



**Vivani súkkulaði**
Lífrænt lúxussúkkulaði.
Fáðu þér aðeins það besta fyrir páskana.
Fjölmargar tegundir!



SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið
1979

LAUGAVEGI | LÁGMÚLA | KRINGLUNNI | SMÁRATORGI | SELFOSSI | AKUREYRI | REYKJANESBÆ

MORGUNMATURINN



**„Laktósafrí AB-mjólk og Cheerios, súrdeigsbrauð með smjöri og banana koma þessari vél í gang á morgnana.“**

Natalie G. Gunnarsdóttir, plötusnúður

# Eiga mjög erfitt með að sleppa Urði

Hljómsveitin GusGus gefur út nýja plötu, Mexico, þann 23. júní, en síðasta plata þeirra kom út árið 2011.

Hljómsveitin GusGus gefur út nýja plötu þann 23. júní, en sveitina skipa Birgir Þórarinsson, Högni Egilsson, Stephan Stephansen og Daníel Ágúst Haraldsson. Platan heitir Mexico og er áttunda plata sveitarinnar.

„Við vorum alltof lengi að vinna að þessari plötu,“ segir Birgir, betur þekktur sem Biggi veira, léttur í bragði. „Menn voru að vinna að ýmsu öðru, Stebbi fór í skútuferðalag og Högni gerði sólóplötu. Þannig að þetta tók tíma í almanakinu og það tekur svo sem alltaf tíma að melta svona verk. En í ferlinu varð líka mikið til sem fer ekki á plötuna,“ útskýrir Biggi.

Urður Hákonardóttir, fyrrverandi söngkona GusGus, syngur eitt lag á plötunni. „Við eigum mjög erfitt með að sleppa Urði. Mér þykir svo vænt um að heyra röddina hennar,“ heldur hann áfram. Aðspurður segir Biggi engar miklar breytingar í vændum frá sveitinni. „Það urðu engar stökkbreytingar, en við vorum að leika okkur með nýja hluti og það sem okkur finnst skemmtilegt, og mér finnst það hafa komið vel út.“ Síðasta plata GusGus, Arabian Horse, kom út árið 2011. „Platan varð gríðarlega vinsæl, þannig að menn ákváðu að vera ekki neitt sérstaklega stressaðir eða of metnaðarfullir í því að næsta plata yrði að vera eitthvert kraftaverk. Við gerðum bara það sem okkur finnst skemmtilegt að gera sem er að búa til tónlist.“ - ósk



**HÓPURINN** Urður Hákonardóttir er hætt í hljómsveitinni, en syngur þó á nýju plötunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK


VILT ÞÚ LÆRA ALÞJÓÐA-SAMNINGATÆKNI Á 20 MÍNÚTUM?

International Negotiations: A 20 minute crash course

**Háskólinn í Reykjavík** heldur opinn fund og vinnustofu um alþjóðasamningatækni **miðvikudaginn 9. apríl kl. 12-13 í stofu M103.**

Leiðbeinandi er **Paul Meerts**, sérfræðingur í alþjóðasamningatækni.

Fundurinn skiptist í tvo hluta. Fundargestir eyða fyrstu 20 mínútunum í að semja, svo er næstu 20 mínútum fundarins varið í að fara yfir samningaferlið og þær niðurstöður sem fyrir liggja.

**Paul Meerts** er Senior Research Associate hjá Clingendael - alþjóðastofnuninni í Hollandi. Hann er jafnframt gestafyrirlesari í alþjóðasamningatækni við College of Europe í Brugge, Belgíu. Hann hefur kennt á samningatækninámskeiðum í yfir 90 löndum á aldarfjórðungi og hefur starfað í fjölda ára við úrlausn alþjóðlegra deilumála.

**Fundurinn er öllum opinn og aðgangur er ókeypis. Kennt er á ensku.**

**www.hr.is**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY




**KAPPSAMIR** Guðmundur Karl Brynjarsson, prestur í Lindakirkju, og Ólafur Jóhann Borgþórsson, prestur í Seljakirkju, eru fróðir þegar kemur að spurningum úr Biblíunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Prestar að gera góða hluti í biblíufræðum

Tveir prestar eru á topp fimm lista QuizUp í spurningum tengdum Biblíunni.

„Ég spila þetta reglulega en það eina sem fer í taugarnar á mér er þessi borði sem kemur upp þegar ég spila og á stendur The Best in the Bible in Iceland, það setur auka pressu á mann, enda eru margir hér á landi mun fróðari um Biblíuna en ég,“ segir séra Guðmundur Karl Brynjarsson, prestur í Lindakirkju, en hann er í fyrsta sæti á landsvísu í spurningum úr Biblíunni í QuizUp. Annar prestur, Séra Ólafur Jóhann Borgþórsson, prestur í Seljakirkju, er sem stendur í fjórða sæti á landsvísu í spurningum úr Biblíunni í QuizUp. Eins og margir vita, þá er QuizUp eitt vinsælasta smáforrit landsins og þótt víðar væri leitað og þar er hægt að taka þátt í spurningakeppni úr ansi fjölbreyttu efni. Það ætti svo sem ekki að koma neinum á óvart að tveir prestar séu á topp fimm lista á landsvísu í spurningum úr Biblíunni.

„Ég var í fyrsta sæti á tímabili en svo tók Gummi Kalli fram úr mér. Maður þarf að vera duglegur að spila þetta til að halda sér í toppbaráttunni,“ segir Ólafur Jóhann, sem ætlar sér að komast í toppsætið á ný jan leik. „Þegar maður er kominn með háskólagráðu í þessu, þá á maður að skora hátt. Það er mikil pressa á okkur,“ bætir Ólafur Jóhann við.

„Ég hef einu sinni skorað Óla Jóa á hólm í QuizUp, hann hefur þó ekki skorað á mig til baka. Maður klikkar alveg á spurningum þó svo ég sé frekar minnugur á það sem ég les,“ segir Guðmundur Karl léttur í lundu en hann vann Ólaf Jóhann þegar þeir öttu kappi fyrir skömmu. „Gummi Kalli vann mig en þess má til gamans geta að hann skoraði á mig seint um kvöld og ég var orðinn þreyttur þannig að þreytan á líklega sinn þátt í tapinu,“ segir Ólafur Jóhann og hlær, en þeir eru miklir og góðir vinir þrátt fyrir keppnina.

Þess má til gamans geta að séra Kjartan Sigurbjörnsson, sjúkrahússprestur á Landspítalanum, er í tíunda sæti á sama lista á QuizUp.

Þeir félagar keppa þó í fleiri greinum en í spurningum úr Biblíunni. „Ég er góður í enskri stafsetningu og Hollywood-leikurum en samt ekki á neinum topplista,“ segir Guðmundur Karl spurður út í hæfnina á öðrum sviðum. „Ég er ekki á topplista í öðrum greinum en hef þó gaman af því að spila við son minn í spurningum sem tengjast vörumerkjum,“ bætir Ólafur Jóhann við.

Forvitnilegt verður að fylgjast með toppbaráttunni í biblíufræðum á QuizUp og hver veit nema Ólafur Jóhann endurheimti toppsætið af Guðmundi Karli.

gunnarleo@frettabladid.is

# Disney-skip stoppar í Reykjavík

Um borð í skemmtiferðaskipinu má finna vatnsrennibrautagarð og bíósal.

„Disney-skipin eru sérstaklega hugsuð fyrir fjölskyldufólk,“ segir Jóhann Bogason, deildarstjóri hjá TVG-Zimsen en skemmtiferðaskipið Disney Magic mun koma til Reykjavíkur í júlí á næsta ári og stoppa yfir nótt við Skarfabakka. Þetta er í fyrsta skipti sem Disney-skip kemur til Íslands. Skemmtiferðaskipið skartar öllu því helsta frá Disney World og má meðal annars sjá Mikka mús, Guffa og litlu hafmeyjuna í sölum skipsins. „Um borð eru vatnsrennibrautagarðar, bíósalir og boðið verður upp á flugeldasýningu,“ segir Jóhann.

„Síðan er hver ferð með ákveðið þema og verður Íslandsferðin undir áhrifum Disney-myndarinnar Frozen sem var frumsýnd í fyrra.“

Skipið er 84 þúsund rúmlestir að stærð og tekur tæpa tvö þúsund farþega. Skipið er í flota Disney Cruise Line en TVG-Zimsen mun þjónusta skipið á meðan á dvöl þess stendur í Reykjavík. Aðspurður hvort einhverjir íslenskir tónlistarmenn muni stíga á svið í skemmtiferðaskipinu segist Jóhann ekki draga það í efa að Disney muni setja upp einhvers konar uppákomur í kringum þetta en ljóst er að það verður mikið fjör í kringum komu skipsins. - bþ



**RISASTÓRT** Skemmtiferðaskipið tekur tæpa tvö þúsund farþega.

www.n1.is facebook.com/enneinn

ÍSLENSKA/SIA.IS ENN 68433 04/14

# Ertu bíldælingur*

## eða fílarðu fulla þjónustu á sjálfsafgreiðsluverði?




* Orðið bíldælingur merkir manneskju sem kýs að dæla sjálf, jafnvel þótt hún fái eldsneytislítrann á sama verði og fulla þjónustu.

**Allar dælur eru jafnar á eftirfarandi stöðvum milli 7.30 og 19.30:**

**N1 Ártúnshöfða**
**N1 Bíldshöfða**
**N1 Borgartúni**
**N1 Gagnvegi**
**N1 Háholti**
**N1 Hringbraut**
**N1 Lækjargötu**
**N1 Stórahjalla**

Á átta stöðvum N1 á höfuðborgarsvæðinu er verð á öllum dælum jafnt og þú hefur frelsi til að velja á milli þess að dæla sjálf/ur eða nýta þér fulla þjónustu á plani. Þetta þýðir að þú ræður hvort þú dælir eða starfsmaður N1. Þetta þýðir líka að þú getur beðið starfsfólk N1 um aðstoð við rúðuþurrkur, rúðupiss, mælingu á smurolíu og fleira sem felst í fullri þjónustu N1.

**Komum af stað!**

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

UPPLIFÐU ÞITT
WOW MOMENT

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Biður aðdáendur um aðstoð

Tónleikakvikmynd **Bjarkar Guðmundsdóttur,** Biophilia Live, verður frumsýnd á Tribeca-kvikmyndahátíðinni síðar í þessum mánuði. Eftir frumsýninguna verður hún sýnd um allan heim í kvikmyndahúsum og hefur Björk leitað eftir aðstoð aðdáenda sinna við að finna hentugt sýningarsvæði á hverjum stað. Hún biðlaði í gær til aðdáenda sinna á Facebook um að senda inn tillögur um sýningarstað í heimalandi sínu auk þess sem fólk getur látið vita ef það hefur áhuga á að aðstoða við að koma myndinni í sýningu á hverjum stað. **- fbj**



### Benedikt í ítalskt sjónvarp

Leikstjórinn **Benedikt Erlingsson** er eitt viðfangsefna Nicola Santoro í nýjum þáttum ítalska sjónvarpsmannsins sem sýndir eru á sjónvarpsstöðinni Rai 5 á Ítalíu. Þættirnir fjalla um ýmiskonar list en leiklist er þema þáttanna þetta árið.

„Hann heillast af því hvernig maður fer að því að taka eitthvað sem sumum gæti fundist leiðinlegt og gerir það skemmtilegt,“ segir Benedikt en Santoro spurði Benedikt út í þær Íslendingasögur sem leikstjórinn hafði sett á svið, meðal annars leikverkin Ormstungu og Mr. Skallagrímsson. Santoro er að leggja lokahönd á þáttinn sem birtist í ítölsku sjónvarpi á næstu vikum. **- bþ**



### Mest lesið VÍSIR

1. Belfort miklu ódýrari í Danmörku
2. Varar plötusnúða við prettum
3. Reykjavíkurdætur frumsýna nýtt myndband á Vísi
4. Fleiri einhleypar konur eignast börn með hjálp gjafasæðis
5. Messan: Furðulegur dómur á Upton Park | Myndband



Weibulls
**40 L GRÓÐURMOLD**
Inniheldur næringu og heldur raka vel.
BAUHAUS
Allt fyrir hús, heimili og garða
Auglýst verð gildir frá þriðjudeginum 8. apríl til og með sunnudeginum 13. apríl 2014.

